



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Aðdragandi að friðun Þingvalla 1930

„En hvers vegna er verið að stofna til þessarar friðunar, munu margir spyrja. Eiga ekki mennirnir að lifa á því sem náttúran framleiðir á Þingvallalandi, sem annarsstaðar.“

Ritgerð til B.A.-prófs

Torfi Stefán Jónsson

Febrúar 2009

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

Aðdragandi að friðun Þingvalla 1930

„En hvers vegna er verið að stofna til þessarar friðunar, munu margir spyrja. Eiga ekki mennirnir að lifa á því sem náttúran framleiðir á Þingvallalandi, sem annarsstaðar.“

Ritgerð til B.A.-prófs

Torfi Stefán Jónsson

Kt.: 100883-3419

Leiðbeinandi: Guðmundur Hálfðánarson

Febrúar 2009

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Erlend friðun	3
Friðunarflokkun að hætti A.S. Mather	5
Bandarísk friðun og ensk friðun	8
Fyrri friðunarhugmyndir á Íslandi	11
Lagasetningar um friðun skóga	12
Fornminjalögin	14
Kirkjujörðin Þingvellir	16
Ástand skógarins	19
Ferðamenn	23
Guðmundur Davíðsson og greining á hugmyndum hans	27
Þingvallanefnd Stúdentafélags	31
Þingsályktunartillaga 1919	32
Umsjónarmannsstaðan hin fyrri 1920-1923	37
Sumarið 1920	39
Sumarið 1921	42
Sumarið 1923	43
Deilur kirkju og fornminjavarðar	47
Friðun rædd á þingi 1923	52
Biðleikur - Þingvallanefnd 1925	54
Nýr skriður - undirbúningur alþingishátíðar 1930	63
Friðun samþykkt árið 1928	65
Að lokinni friðun	71
Niðurstöður	73
Heimildaskrá	75
Óprentaðar heimildir	75
Prentaðar heimildir	76
Vefheimildir	78

Inngangur

Íslendingar tóku 20. öldina með trompi. Þjóðin virkaði eins og svampur fyrir flestar þær nýjungar sem þá komu fram, hvort sem er tækninýjungar eða hugmyndafræði. Iðnbylting hófst með komu vélbátanna 1902, síminn 1906, síðan vatnsveitur, rafmagnsveitur, togarar og ýmsar aðrar verklegar og efnahagslegar framfarir til sjávar og sveitar. En það voru ekki aðeins tækin sem komu til landsins heldur líka hugmyndastefnur. Í byrjun 20. aldar voru þær margar á döfinni, hvort sem er hugmyndir um spíritisma, skógræktaráhugi, jóga-áhugi – margt náði talsverðum vinsældum hér á landi – yfir í pólitískari deilumál sem spönnuðu stærstan hluta þess litrófs sem einkenndi slíkar deilur í nágrannalöndunum. Þjóðin fékk heimastjórn 1904 og fullveldi 1918; hvort tveggja kallaði á uppbyggingu í innri stjórnslu landsins. Ennfremur slæddust hingað hugmyndir sem áttu kannski ekki svo mikið upp á pallborðið þá en er orðið með heitari umræðuefnum samtímans, hvort sem er á Íslandi eða erlendis.

Umhverfisvernd var ein af þessum hugmyndum sem komu hingað til lands um aldamótin 1900 og fengu sinn hljómgrunn. Guðmundur Davíðsson barnakennari varð helsti talsmaður umhverfisverndar og þjóðgarðsstofnunar hér á landi. Hann varð fyrsti umsjónarmaður hins friðlýsta lands á Þingvöllum sem var stofnað til árið 1930, með lagasetningu frá 1928. Meginefni ritgerðinnar er leitast við að rekja tilurð og forsögu þessara friðunarlaga. Með því er leitast við að finna svör við eftirfarandi spurningum: Hver var helsta ástæða þess að Þingvellir voru friðaðir árið 1930? Hver voru helstu rök með og á móti friðun Þingvalla? Ritgerðin spannar einkum árabilið 1907-1930, þó vissulega sé farið aðeins út fyrir þessi tímamörk þegar verið er að rekja tilurð fyrstu friðunartilburða héraðs og erlendis.

Leitin að efni ritgerðarinnar fór að mestu fram í Þjóðskjalasafninu og þakka ég hér með starfsfólki safnsins góða og vel þegna aðstoð. Þar var bæði að finna bréf til stjórnarráðsins sem vörpuðu talsverðu ljósi á málin varðandi tilurð þess að gæsla var fengin á þingvöll og hann á endanum friðaður. Þar var líka að finna skýrslur frá umsjónarmannsembætti sem var komið á fót fyrir árin 1920-1923. Þar vantar þó eina skýrslu, frá árinu 1922. Í þeim birtist þó einvörðungu sjónarmið umsjónarmannsins, Guðmundar Davíðssonar og verður það því nokkuð einsýnt.

Einnig var litið í *Alþingistíðindi* frá 1919-1928 og vitnað í þær umræður sem þar áttu sér stað, og koma helstu mótrök gegn friðun Þingvalla þar. Enda kannski ekkert sjálfgefið fyrir þjóð sem hafði úr litlu að moða að leggja í stofnun þjóðgarða?

Annars voru það dagblöð og tímarit sem gefa á nasasjón af viðhorfum almennings á nýtingu Þingvalla sem friðaðs svæðis. Þannig var reynt að fá annað sjónarhorn en eingöngu þar til skipaðra embættismanna og kosinna fulltrúa.

Í umfjölluninni um verndun Þingvalla er óhjákvæmilegt að notast við nokkuð af örnefnum sem eru á Þingvöllum og nánasta nágrenni. Til að gera lesendum auðveldara fyrir að átta sig á staðhátum eru þrjú kort aftast í ritgerðinni, fyrir aftan heimildarskrá, gerð af Einari Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúa Þingvallabjórðgarðs. Mun vera vísað til þeirra í ritgerðinni, jöfnum höndum innan hornklofa og þá með nafni viðkomandi korts. Fyrsta kortið sýnir Þingvallabjórðgarð eins og hann er nú að stærð, 2009, og verður vísað til þess sem og heitir Þingvallabjórðgarður 2004. Kort númer tvö sýnir bjórðgarðsmörkin eins og þau voru mörkuð í fyrstu friðunarlögunum frá 1928 og önnur mörk sem lágu líka til grundvallar árið 1925, kortið kortið heitir Þingvallabjórðgarður 1930. Þriðja kortið sýnir mörk þinghelgarinnar og ber því nafnið Þinghelgin. Gagnlegt getur verið fyrir lesendur að kíkja á kortin með jöfnu millibili eða þá í byrjun lestrar til að sjá hvernig landið liggur.

Það er í það minnsta ljóst að hugmyndin um friðun stórs svæðis og gera að bjórðgarði fyrir fólk til að skoða og njóta var komin erlendis frá. Áður en reynt er að rýna í innlendar friðunarhugmyndir er því ekki úr vegi að athuga hvernig þær byrjuðu í útlöndum og kynnast mismunandi friðunarleiðum.

Erlend friðun

Það er ekki heiglum hent að finna einhvern upphafspunkt friðunaráforma í heiminum. Hægt er að leita aftur til árdaga þar sem til eru heimildir um verndun skóga í Kína fyrir þrjú þúsund árum. Nærtækara bæði í rúmi og tíma væri að benda á ýmsa skóga eða svæði í Þýskalandi sem germanskir þjóðflokkar töldu heilaga samkvæmt fræðiritum Tacitusar. Á 16. og 17. öld í Englandi var hafin verndun ýmissa skóga nærri skipasmíðahöfnum en ástæðan var þó ekki náttúruverndarsjónarmið heldur gert til þess að landið væri sér nógt um skipasmíðavið. Enda byggðist stórveldisstaða landsins á skipum. Var einkum verið að hindra að skógarnir yrðu notaðir til kyndingar eða annarra smíða. Þessi nýting telst til nytja og veraldlegrar hugsunar við verndun náttúrunnar sem var og er ein sterkasta friðunarhugsunin. Það er að svæði séu friðuð til þess að hægt sé að nota þau síðar og þá kannski á betri hátt. Viðhorf til náttúrunnar snérist fyrst og fremst um það hvernig væri hægt að nýta hana mannum til hagsbóta.

Líklegast sáu menn eitthvað fallett við náttúruna í sjálfu sér en raunveruleg ný viðhorf, sem koma fram í skrifum fræðimanna og skálda, verða mun meira áberandi á 18. og 19. öld með auknum vinsældum rómantískrar hugsunar. Má til dæmis nefna *Játningar* Jean-Jacques Rousseau (1712-1778) og síðar ýmis skrif enska skáldsins William Wordsworths (1770-1850). Með rómantikinni má segja að upphafning náttúrunnar hefjist fyrir alvöru og menn byrja að líta á nauðsyn þess að maðurinn komist út úr skarkala borgarinnar yfir í iðagræna náttúruna.¹

Skotinn John Muir (1838-1914) er þó talinn frumkvöðull á sviði hugmyndafræði friðunar og verndunar náttúrusvæða eins og hún er í dag. Grunnur hugmyndafræði hans var sá að „Allir þarfnast fegurðar jafnt og brauðs, staða til að leika sér á og biðjast fyrir á, staði þar sem náttúran getur læknað og styrkt jafnt líkama og sál.“² Í huga Muir voru því friðuð svæði ekki bara uppspretta tekjulindar heldur gerði fólk, að því er Muir taldi, sér í æ ríkari mæli grein fyrir því að fjallgarða og óbeislaðar ár mætti nýta á annan hátt en eingöngu til námuvinnslu eða virkjunar. Heldur gæti náttúran verið svæði þar sem fólk nyti útivistar og fegurðar náttúrunnar sér til yndisauka eða heilsubótar.³

Ætla má að afstaða Muir til friðunar á svæðum tengist beinlínis iðnbýltingunni og þeirri hröðu framþróun sem átti sér stað í Evrópu og ekki síst í Bandaríkjunum á síðari hluta 19. aldar. Ferðast var víða um Bandaríkin og heilmiklar ósnortnar víðáttur fundnar en þeim var

¹ A.S. Mather: *Land Use*, bls. 183.

² „Everybody needs beauty as well as bread, places to play in and pray in, where nature may heal and give strength to body and soul alike.” Ian D. Whyte: *Landscape and History*, bls. 190.

³ „Thousands of tired, nerve-shaken, over – civilized people are beginning to find out that going to the mountains is going home: that wildness is a necessity: and that mountain parks and reservations are useful not only as fountains of timber and irrigating rivers, but as fountains of life.” Þröstur Sverrisson: *More than scenic wonderlands*, bls. 10.

jafnóðum umbreytt til að fullnægja þörf mannsins fyrir búsetu, matvæli eða framleiðslu afurða með flestum þeim tólum sem iðnbyltingin hafði yfir að ráða eins og járnbrautum eða gufuknúnum verksmiðjum. Þessi gífurlega snögga breyting hafði þau áhrif að fólk vaknaði æ meira til meðvitundar um að halda ætti einhverjum svæðum náttúrunnar ósnortnum af verklegum framkvæmdum mannsins, en samhliða því yrði fólki gert kleift að njóta svæðanna.

Í Bandaríkjunum fór að bera verulega á rökun jarðvegs upp úr 1890 vegna ofnýtingar og varð uppblástur viðvarandi vandamál í nokkrum fylkjum Bandaríkjanna. Ýmis friðunarsamtök og einstaklingar voru þó byrjuð að vekja athygli á þessu vandamáli fyrr. Fyrsta fræðilega nálgunin kom frá George Perkins Marsh (1801-1882) í bók hans *Man and Nature: or Physical Geography as Modified by Human*, útgefin 1864. Í bókinni bar hann saman þáverandi landnýtingu í Bandaríkjunum við það sem hafði tíðkast við Miðjarðarhafið og hafði valdið því að stór hluti lands þar var orðinn óræktanlegur sökum uppblásturs. Spá hans rættist og sandstormar voru orðnir áberandi 1890 og enn frekar 1930.⁴

Tilkomu fyrstu þjóðgarðanna og friðaðra náttúrusvæða í Bandaríkjunum má rekja til þessarar ofnýtingar. Menn veiddu of mikið, tóku víðáttumikil svæði undir búskap, ofnýttu landið og felldu fjölda trjáa. Afleiðingin var ekki eingöngu rýrnun næringar í jarðvegi heldur lá á tímabili við útrýmingu vísundanna.⁵ Til að byrja með var lögð áhersla á sérstök og fágæt náttúrufrýrbrigði á borð við heitar laugar og hverir. Var því Yoesemite-dalurinn meðal annars friðaður 1832, fyrst og fremst vegna risafurunnar sem þar er að finna. Yellowstone Park eða Gulasteinsárþjóðgarður varð að fyrsta þjóðgarði í heimi árið 1872 og er hann elsta dæmið um gríðarstóra svæðisfriðun þar sem bæði villt líf, gróður, jarðvegur og einstök svæði á borð við hverir og gljúfur voru friðuð gegn ágengni manna.⁶ Þjóðgarðurinn var 14.000 ferkílómetrar við stofnun og var allt innan garðsins túlkað sem opinber eign: „Bannað er að hrófla við nokkurri opinberri eign í garðinum, svo sem trjám, grasi eða nokkrum öðrum jurtum, klettum, steinum, fuglum eða ferfætlingum, eða yfir höfuð nokkru lifandi eða dauðu í náttúrunni innan takmarka garðsins.“⁷ Þrátt fyrir viðleitni stjórnvalda við að friða einstök náttúrusvæði þá vantaði örugglega enn töluvert upp á umhverfisvitund alls almennings, þar sem enn var fólk að sem hugsaði helst um að bæta eigin hag og þá jafnvel á kostnað náttúrunnar. Í það minnsta var 400 manna þjóðvarðlið skipað 1886 til þess að vakta Yellowstone þjóðgarðinn gegn ágangi

⁴ A.S. Mather: *Land Use*, bls. 183-184.

⁵ Guðmundur Davíðsson: „Þjóðgarðar“, bls. 274.

⁶ Ian D. Whyte: *Landscape and History*, bls. 190.

⁷ Guðmundur Davíðsson: „Undralönd I. Þjóðgarðurinn við Gulasteinsá“, bls. 241 og 246.

veiðimanna og annarra sem gerðust brotlegir við reglur garðsins. Þjóðvarðliðið vaktaði garðinn allt til 1916.⁸

Árið 1905 varð Gifford Pinchot (1865-1946) fyrsti yfirmaður skógræktar ríkisins í Bandaríkjunum. Hann náði að hafa talsverð áhrif á Theodor Roosevelt (1858-1919) forseta sem fékk alla fylkisstjóra Bandaríkjanna til að samþykkja árið 1908 að „landið skyldi nýtt án þess að til kæmi jarðvegseyðing eða jarðvegsrof.“⁹ Friðunarhugmyndir Pinchot, virðast hafa að nokkru leyti smitað Guðmund Davíðsson, sérstaklega þegar litið er á fyrstu skrif hans, þar sem þau takmörkuðust að nokkru við að setja manninn í fyrsta sæti. Það er að náttúruvernd og friðun skyldi aldrei ganga það langt að hún myndi útiloka mögulega nýtingu fólks á svæðinu, þó ekki væri nema með ferðamennsku. Tvær aðrar hugmyndir Pinchot, sem náðu einnig til Guðmundar ef miðað er við greinarskrif hans, voru þær að reyna að koma í veg fyrir sóun og „... að auðlindir ætti að þróa og nýta í þágu fjöldans en ekki fárra.“¹⁰ Með þessu átti hann við að betra væri að ríkið færi með stjórn á vissum svæðum og græddi á þeim með hótélrekstri eða annarri þjónustu en það væri látið í hendur einkaaðila sem sjaldnast hugsuðu nógu vel um svæðið. Guðmundur hafði svipaðar hugmyndir, í það minnsta skrifaði hann um það í skýrslum sínum til ríkisstjórnarinnar og í blöðum um kosti þess að ríkið ræki sjálft alla starfsemi á Þingvöllum.

Friðunarflokkun að hætti A.S. Mather

Í bók sinni *Land Use* flokkar A.S. Mather friðunar- og eða verndunarstefnu eins og hún hefur þróast í gegnum árin í þrjá flokka. Fyrsta hugsunin og kannski sú elsta, fyrir utan verndun svæðis af trúarástæðum, er verndun svæða vegna auðlinda (e. resource conservation) sem er mjög mannmiðuð og veraldleg verndunarhugsun. Stefnan gengur út á að friða ákveðin tré, svæði eða auðlindir til þess eins að þau megi nýta betur eða á annan hátt fyrir núverandi eða komandi kynslóðir. Skógrækt og uppgræðsla lands byggist að mörgu leyti á þessu mannmiðaða sjónarhorni þar sem reynt er byggja upp gróður ákveðins svæðis til nytja, fyrir þá sem nú eru uppi og komandi kynslóðar. Þjóðgarðsstofnanir, þar sem aðaáherslan er á aðgengi ferðamanna með vegalagningu þvers og kruss um svæðið án tillits til gróðurs eða hugsanlegs álags svæðisins vegna of mikillar umferðar, má setja inn í þennan sama flokk. Ýmsir þjóðgarðar í

⁸ Guðmundur Davíðsson: „Þjóðgarðar“, bls. 280.

⁹ „... land should be so used that erosion and soil was shall cease“, A.S. Mather: *Land Use*, bls. 184.

¹⁰ „To Pinchot, the first principle of conservation was the use of natural resource for the benefit of people now living. The second principle was the avoidance of waste, and the third – and perhaps key – principle was that resources should be developed for the benefit of the many and not merely for the profit of the few.“ A.S. Mather: *Land Use*, bls. 184.

Bandaríkjunum líða fyrir þessa arfleið enn þann daginn í dag, sem var í hávegum höfð allt fram á sjötta áratug 20. aldar.¹¹

Annar flokkur er náttúrufríðun, þar sem náttúran er sett í fyrsta sætið og hún vernduð eins og hún er. Efnahagslegur ávinningur er svo til enginn, í það minnsta ekki til að byrja með. Hvati fólks til að friða viss svæði eða náttúruminjar getur verið eingöngu tilkominn vegna fegurðar eða tengsla þess við svæðið en það hefur ekki sýnilegan efnahagslegan ábata af því. Gott dæmi hér á landi er hindrun á virkjun Gullfoss og ötul barátta Sigríðar í Brattholti fyrir friðun hans.¹²

Þriðji flokkurinn er talsvert flóknari og kallast landslags-fríðun (e. landscape conservation). Landslagsfríðun getur bæði átt við þar sem eru röskuð og ósnortin svæði. Hún er þó kannski talsvert einfaldari á ósnortnum svæðum eins og mátti finna í Bandaríkjunum við upphaf friðunaraðgerða þar, því stefnumörkunin getur einfaldlega legið í því að láta náttúruna hafa sinn gang. Breyting svæðisins er þá háð náttúruöflum eða þá það er reynt að halda aftur af breytingaröflum náttúrunnar. Til dæmis er skógareldum kannski haldið niðri eða einhver svæði löguð ef þau raskast af náttúrunnar eða manna völdum. Nokkurs konar tilraun mannsins til þess að frysta náttúruna eða svæðið í sinni upprunalegu mynd eða vilji manna standi til að halda landinu sem næst því sem áður var, m.a. vegna einhverra hugsanlegra sögulegra tengsla.¹³ Matthías Þórðarson fornminjavörður reyndi einmitt að breyta farvegi Öxarár í einn, en nánar verður fjallað um það hér neðar (bls. 39).¹⁴

Hér má greina grundvallarmuninn á möguleikum þess að friða svæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Skilyrðin í álfunum tveimur voru langt frá því svipuð hvað þetta varðaði. Í Bandaríkjunum, þar sem fyrstu þjóðgarðarnir voru stofnaðir, var verið að huga aðallega að friðun náttúrminja, en í Evrópu var megináherslan á að friða sögulegar minjar eða einkenni ákveðinna svæða í menningarþjóðgörðum.

Í þessu tilviki nutu Bandaríkin og Kanada þess að byggð hafði lengst af verið mjög dreifð og þar voru stór og ósnortin svæði í ríkiseigu, og því þurfti ekki að taka þau eignarnámi

¹¹ A.S. Mather: *Land Use*, bls. 187 og Þröstur Sverrisson: „More Than Scenic Wonderlands“, bls. 62-63.

¹² A.S. Mather: *Land Use*, bls. 187.

¹³ Sama heimild, bls. 187 og 203-205.

¹⁴ A.S. Mather: *Land Use*, bls. 187 og Pétur M. Jónasson: „Vatnsyfirborðsbreytingar og áhrif þeirra á lífríki Þingvallavatns“, bls. 270. Eysteinn Jónsson þáverandi formaður Þingvallanefndar sendi beiðni til Landsvirkjunar, árið 1974 um að lækka vatnsyfirborðið í Þingvallavatni þar sem þeir væru að „færa Njálsbúð í kaf“. Líklegast hafði orðið hraðsig vegna skjálftahrinu á árunum 1937-1977, og <http://www.thingvellir.is> – Stefnumótun 2004-2024, bls. 7 og 20. Þar segir að það sé stefna þjóðgarðsins að gróður sem ekki er upprunninn, s.s. aspir og barrtré, verði fjarlægður úr þinghelginni. Annar erlendur gróður innan þjóðgarðsins verði grisjaður svo innlendur, t.d. birki, fái notið sín. Þetta er meðal annars gert til þess að vernda það menningarlandslag sem er innan þinghelgarinnar sem er á margan hátt einstakt vegna þeirra búðarústa sem sjá má nokkuð greinilega, en þær eru flestar frá 18. og 19. öld.

með þeim kostnaði sem því fylgir. Þar sáu menn líka gífurlegar breytingar á landinu á stuttum tíma. Enn fremur er því haldið fram að það hafi verið þjóðernismál fyrir Bandaríkin að ýta undir friðun einstakra svæða, einkum sökum þess að Bandaríkjamenn töldu sig ekki eiga gamlar og glæsilegar byggingar til að varðveita eða menningarleifar til þess að sýna erlendum ferðamönnum. Aftur á móti höfðu þeir stórkostlega náttúru sem stóð flestum svæðum og köstulum framar.¹⁵ Var mönnum til dæmis gjarnt á að líkja Miklagljúfri við kastala- eða kirkjubyggingar, þ.e. líkja náttúrunni við eitthvað sem þótti merkilegt eða nærtækt í vestrænum menningarheimi. Má tína til það sem John L. Stoddard (1850-1931) sagði um gljúfrið: „Ég skoðaði kastala hennar og dómkirkjuturna, sem hönd guðs hefir úthöggvið ...”, og Joseph Rudyard Kipling (1865-1936) bar gljúfrið saman við Trójuborg.¹⁶

Í Bandaríkjunum var jafnframt reynt að draga úr uppblæstri og jarðvegseyðingu með því að leggja meiri áherslu á skógrækt. Af því tilefni voru hafðir sérstakir skógræktardagar í skólum þar sem allir nemendur fóru og gróðursettu tré eða viss félög og skólar fengu úthlutað reitum til að planta þar trjám. Svipuðu fyrirkomulagi var komið á hér á Íslandi, t.d. í Öskjuhlíðinni, á reitum innan Þingvalla, í Vaðnesi og Heiðmörk.¹⁷

Í Evrópu var ekki kostur á þessu. Mest allt land var meira og minna í einkaeign og hafði verið nýtt í landbúnaði eða til iðnaðar í aldir. Því var mun nærtækara fyrir Evrópubúa, ef taka átti frá tiltekin svæði til friðunar, að byggja á landslags- og menningarfriðun. Þannig að þrátt fyrir að upprunaleg hugmynd með þjóðgörðum væri að varðveita náttúruna, eins og raunin var í Bandaríkjunum, þá hafði einnig myndast þörf fyrir að forða sögulegum svæðum eins og í Evrópu frá skemmdum. Hugmyndirnar um náttúrufriðun og landslagsfriðun komu þó fram á mjög svipuðum tíma.¹⁸

Voru þá teknir frá ákveðnir skikar eða þeir skipulagðir á þann hátt að haldið var í landslag eða menningu þess tiltekna svæðis. Vissulega voru þó farnar misjafnar leiðir eftir löndum. Frakkland og sum þýsk ríki voru í fararbroddi með setningu friðunarlaga en einnig voru sett lög um þjóðgarða í Suður-Afríku, Argentínu, Mexíkó, Svíþjóð (1909), Sviss (1914) og á Spáni 1917.¹⁹

¹⁵ Þröstur Sverrisson: „More than scenic wonderlands“, bls. 10.

¹⁶ Guðmundur Davíðsson: „Undralönd I. Þjóðgarðurinn við Gulasteinsá“, bls. 242-243.

¹⁷ Guðmundur Davíðsson: *Náttúruvernd*, I. bók, 1932, bls. 8. og Guðmundur Davíðsson: „Í furutrjáareitnum á Þingvöllum“, bls. 3.

¹⁸ Ian D. Whyte: *Landscape and History*, bls. 190.

¹⁹ Ian D. Whyte: *Landscape and History*, bls. 190 og Matthías Þórðarson: „Verndun fagurra staða og merkra náttúrumenja“, bls. 182.

Bandarísk friðun og ensk friðun

Samkvæmt A.S. Mather í bók hans *Land Use* má ennfremur gera greinarmun á þeim leiðum sem farnar voru til að friða, en þar miðar hann við bandaríska friðun og enska friðun og telur Mather þetta vera helstu dæmin. Bandaríska friðunarleiðin er svokölluð alríkisfriðun, þ.e. ríkið tekur stór ósnortin svæði undir sig og setur á fót þjóðgarð, en í Englandi voru ekki sett lög um þjóðgarða fyrr en árið 1949, þegar sett voru lög um aðgengi að landsbyggðinni (Country side act).²⁰ Lagasetning hafði verið í burðarliðunum fyrir tilstuðlan ýmissa umhverfisverndarhópa, til dæmis samtakanna Campaign to Protect Rural England (CPRE). Í kjölfarið voru stofnaðir um tíu þjóðgarðar í Englandi og Wales frá 1951-1956.²¹

Fram til ársins 1949 höfðu friðunar- og verndunaráform helst verið á könnu sjálfboðliðasamtaka, þ.e. rekin af einstaklingsframtaki sem átti kannski vel við þá „laissez faire“ hugmyndafræði sem svo lengi var ríkjandi við stjórnarfar landsins. Má þar nefna sem dæmi *The National Trust for Places of Historic Interests and Natural Beauty* (The National Trust), sem voru í grunninn stofnuð til að vernda Vatnasvæðið (The Lake District) í Norður-Englandi. Hugmyndir samtakanna um friðun Vatnasvæðisins og síðar fleiri svæða sóttu innblástur að miklu leyti í rit 19. aldar skáldsins William Wordsworth, sem fæddist á Vatnasvæðinu. Wordsworth útskýrði í bók sinni *Guide* hvernig honum virtust býlin á Vatnasvæðinu falla að umhverfinu og íbúarnir lifa í sátt við það: Það var eins og að íveruhús landsmanna hefðu frekar vaxið upp úr jörðinni en verið byggð.²² Upp úr þessu spratt upp stefna sem:

gekk ekki út á lokuð svæði í eign ríkisins: landskikar innan þess voru áfram í einkaeign – stór hluti keyptur af *the National Trust*, sem eru óopinber góðgerðarsamtök og landið getur verið notað til atvinnustarfsemi á borð við landbúnað eða skógarnytjar. Verndun liggur þar í áætlanagerð fremur en að eiga landsvæðið.²³

Helsti kosturinn við ensku friðunarleiðina umfram þá bandarísku er að hún útilokar ekki að saman fari landbúnaður og friðun. Á Bretlandi var talið að landbúnaður væri af hinu góða og jafnvel eðlilegur í umhverfi náttúrunnar. A.S. Mather lýsti því sem svo að: „Á þessum tíma var náttúruvernd talinn stafa meiri hætta frá iðnvæðingu og þéttbýli en landbúnaði og

²⁰ „Access to country site act 1949”. Ian D. Whyte: *Landscape and History*, bls. 192.

²¹ Ian D. Whyte: *Landscape and History*, bls. 192.

²² Jonathan Bate: *Romantic Ecology*, bls. 47.

²³ „... do not consists of enclosed areas owned by the government: the land in them remains privately owned – a considerable amount of it by the National Trust, which remains a private charity – and may be used for commercial activities such as farming and forestry. Conservation is sought by means of planning rather than possession.“ Jonathan Bate: *Romantic Ecology*, bls. 38-39.

skógarhöggi.²⁴ Þetta var síðan að mestu ríkjandi viðhorf í Englandi eins og má lesa í lögum um aðgengi að landsvæðum í sveitum Englands frá 1949, en þar var tilgreint hvaða svæði ætti að friða með eftirfarandi skilgreiningu:

þar sem víð svæði sem eru falleg og tiltölulega villt sem fyrir þjóðarhag og með viðurkenndum þjóðarvilja og gjörningi, (a) tilkomumikil landslagsfegurð er stranglega friðuð, (b) boðið er upp á aðgengi og aðstöðu til utandyra skemmtana fyrir almenning, (c) vilt náttúra, byggingar og staðir af listrænu og sögulegu mikilvægi eru vandlega varðveitt, meðan (d) áður stofnuðum bændabýlum er ennþá haldið.²⁵

Fá svæði á Englandi voru fullkomlega villt þegar komið var fram á 19. öldina og því sett inn orðið „tiltölulega.“ Ennfremur er borið við þjóðarvilja í sambandi við friðun svæða. Og eðlilega var vilji fólksins líklegastur til að styðja friðun fallegs landslags eða einstæðra bygginga. Það sem þó stendur upp úr lögnum er vilji ríkisstjórnarinnar að sú starfsemi landbúnaðar sem væri á svæðinu fengi að halda sér. Kannski að hluta til vegna þess að ekki var talið réttlætjanlegt að taka jarðir eignarnámi, hvorki réttarlega né fjárhagslega fyrir ríkissjóð. Þó ennfremur hafi sú rómantíska sýn á samspil bónda og lands haft eitthvað að segja. Það er, þeir voru ekki taldir skemma landið.

Viðhorfið var alls ekki óskilyt því sem átti sér stað á Íslandi á þeim tíma þrátt fyrir að hér hafi verið áberandi hugmyndir um skógrækt til að græða landið, eins og átti sér stað í Bandaríkjunum. Þá töldu fæstir að kindur eða skepnurnar sjálfar hefðu einhver neikvæð áhrif á viðgang gróðurs hér á landi. Menn voru tilbúnir til að viðurkenna að vetrararbeit hefði ekki jákvæð áhrif en þó var enn skrifað á öðrum áratug 20. aldar: „Það er fjarstæða, að sauðfé eyðileggi landið. Það hafa menn sagt að hver skepna ræktaði föður sitt og bæti þannig fyrir það, sem hún eyðir.“²⁶

Áhrifa rómantíkur gætti talsvert hér á landi og með henni blandaðist saman sjálfstæðishugsun Íslendinga og hugmyndir manna um náttúru Íslands. Úr varð blanda af ábyrgðartilfinningu, vegna ágangs forfeðranna á gróður landsins, og fortíðardýrkun, til tíma þjóðveldisins. Þessi samblanda ýtti undir það að áhugi á skógrækt og landrækt stórvókst en hún átti líka sinn þátt í að ýta undir áhuga á nýtingu hlutanna, gæði sveitanna og gildi þeirra. Eða

²⁴ „The main threats to nature conservation were seen at the time to come from urban and industrial developments rather than from farming or forestry.“ A.S. Mather: *Land Use*, bls. 190.

²⁵ „... an extensive area of beautiful and relatively wild country in which for the nation's benefit and by appropriate national decision and action, (a) the characteristic landscape beauty is strictly preserved, (b) access and facilities for public open air enjoyment are amply provided, (c) wildlife and buildings and places of architectural and historic interests are suitably protected, while (d) established farming use is effectively maintained.“ Jonathan Bate: *Romantic Ecology*, bls. 47-49.

²⁶ Jónas Halldórsson: „Þingvallahraun og þjóðgarðurinn“, bls. 2.

eins og Guðmundur Hálfðanarson og Unnur Birna Karlsdóttir skrifa í „Náttúrsýn og nýting fallvatna“ þá litaðist nytjahyggjan af rómantikinni og rómantíkin af nytjahyggjunni.²⁷

²⁷ Guðmundur Hálfðanarson og Unnur Birna Karlsdóttir: „Náttúrsýn og nýting fallvatna.“ *Landsvirkjun 1965-2005. Fyrirtækið og umhverfi þess*, bls. 173.

Fyrri friðunarhugmyndir á Íslandi

Ísland var orðið afar bert í lok 19. aldar. Margvísleg harðindi léku landið illa á 18. og 19. öld, hvort sem var eldgos, sjúkdómar eða harðir vetur og allur síðari hluti 19. aldar var frekar kaldur. Landið varð viðkvæmara fyrir of miklu beitarálagi í kjölfar erfiðs árferðis. Á 19. öldinni óx líka sjálfstæðisþrá Íslendinga og rómantik, sem m.a. kom fram í almennri eign á fornsögunum, sem margir fóru að taka sem sögulegum staðreyndum. Þó að sannleikurinn væri kannski ekki algjör þá virtist samkvæmt þessum sögum að landið hefði allt verið viði vaxið við landnám og þjóðinni vegnað mjög vel undir eigin stjórn. Einnig komust fagrar náttúrulýsingar í almenningseign, þar sem tvinnuð var saman lýsingum af fyrri velmegunarárum þjóðarinnar og hetjum hennar í ljóðum Jónasar Hallgrímsson sem gefin voru út í ódýrari prentun upp úr 1880. Fagrar náttúrulýsingar í ljóðum Jónasar áttu þó kannski meiri þátt í að vekja almenning til umhugsunar um þá fegurð sem var allt í kring. Guðmundur Davíðsson vék einmitt að því í grein sinni:

Hér á landi höfðu menn lengi vel hálfgerðan ímugust á óbyggðum og öræfum landsins. Þjóðtrúin skapaði „forynjur og tröll“, og það var ekki hollt að lenda í klónum á þeim, enda þorðu alþýðumenn ekki, nema með hálfum huga, að skyggjast þangað.²⁸

Eins og að framan greinir voru þá þegar orðnar útbreiddar erlendis hugmyndir um að auka hlutfall gróðurs eða skóga og vinna þannig gegn þeirri gróðureyðingu sem átti sér stað eða þá bara til fegurðar- og yndisauka. Eins og með ýmsa aðra hugmyndastrauma, hvort sem var á sviði menningar, mennta eða trúar, þá barst þessi hugmyndafræði til Íslendinga, enda þó nokkrir sem staddir voru við nám eða störf erlendis og fluttu þeir með sér áhrifin heim. Þeir bundu saman hvernig þeir sáu Ísland fyrir sér viði vaxið, eins og sagt var frá í Íslendingasögunum, við þau háu tré og stóru skóga sem þeir sáu erlendis. Þannig þjuggu þeir til þjóðernisleg rök til að ýta undir skógrækt. Því var upplagt að vitna til Landnámu og fornsagnanna í samræmi við þá hugmynd, að þegar náttúru landsins vegnaði vel þá vegnaði þjóðinni líka vel.²⁹ Eftir aldalangt arðrán á náttúrunni, vegna minnkandi siðferðis sem orsakaðist vitaskuld af sjálfstæðisleysinu, væri nú kominn tími Íslendinga, fyrst sjálfstæðið væri innan seilingar að endurgjalda landinu aftur það sem af því hafði verið tekið og klæða það

²⁸ Guðmundur Davíðsson: „Þjóðgarðar“, bls. 275.

²⁹ Sjá t.d. Guðmundur Davíðsson: „Landeign ríkisins“, bls. 166 og sami höfundur: „Um Þingvallaskóg. Svar til J.H.“ *Lögrjetta*, 21. september 1921, bls. 1, þar sem Guðmundur rekur eftir Landnámu um hvernig eignarhald Þingvalla eigi í raun að vera undir Alþingi. Enn í dag, 2008, er verið að ræða og það notað til stuðnings skógræktar á Íslandi að landið hafi í eitt sinn verið viði vaxið milli lands og sjávar.

í sinn forna græna skróða. Með tilkomu rómantíkurinnar og ódýrari prenttækni til að breiða út boðskapinn, jókst áhugi á skógrækt hér á landi.

Lagasetningar um friðun skóga

Fyrstu friðunarlög til verndunar skógum hér á landi höfðu reyndar verið sett 10. maí 1755 og það að tilskipan danska konungsins. Lögunum var þó lítt framfylgt, enda vildu menn nýta skóginn í kolagerð, til húshitunar eða að hluta til beitar og því var áfram gengið á skógarforða landsins.³⁰

Skipuleg skógrækt af hálfu stjórnvalda hér á Íslandi var fyrst reynd árið 1899 í Furulundinum á Þingvöllum undir stjórn Agnars Kofoed-Hansen skógræktarstjóra. Árangurinn var heldur rýr og meirihlutinn af þeim trjám sem standa þar í dag var gróðursettur upp úr 1950. Árið 1907 setti Alþingi fyrstu íslensku skógræktarlögin, sem báru nafnið: „Lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands.“ Þar var einkum kveðið á um ráðningu skógræktarstjóra og urðu talsverðar umræður um komandi laun hans³¹ og nauðsyn þess að hann væri íslenskur því: „Þetta verður að vera íslenskt þjóðarmál, ef það á að eiga sjer nokkra framtíð hjá oss.“³²

Helstu ákvæði laganna miðuðu að því að friða og bæta skóga eða skógarleifar sem enn væru til, en jafnframt rækta nýjan skóg, leiðbeina mönnum hvað varðaði meðferð skóga og gróðursetningu trjáa. Ennfremur ætti að stuðla að vörnum gegn uppblæstri lands og sandfoki.³³ Önnur lög voru sett árið 1909 en megininntak þeirra var:

Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um, að beita skóg og kjarrlendi sem minst, einkum þegar snjór liggur á jörð og að vorinu. Varast skal á öllum tímum árs að beita geitfé á skóg og kjarrlendi.³⁴

Ennfremur átti, samkvæmt lögunum, eftirlitshlutverk að vera í höndum skógræktarstjóra og skógarvarða sem störfuðu undir hans stjórn. Eftirlitsmennirnir áttu að gefa stjórninni skýrslur um ástand skóga í landinu. Stjórnvöld höfðu síðan heimild til að grípa inn í ef til stórskemmda horfði um meðferð skóga en lögin kváðu ekki á um það hvað stjórnvöld gátu í raun gert. Lögin voru heldur ekki ýkja harðorð, enda áttu menn erfitt með að íþyngja mönnum á sínum eigin lendum, eins og má lesa úr orðunum „skulu kosta kapps um að beita skóg og kjarrlendi sem minst ...“, sem er nú ekki ýkja strangt ákvæði.

³⁰ *Lovsamling for Island III*, nr. 559, bls. 219.

³¹ *Alþingistíðindi* 1907 B, d. 1756-1768.

³² Sama heimild, d. 1765.

³³ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland* 1907, bls. 330.

³⁴ *Alþingistíðindi* 1909 A, bls. 746.

Ný lög voru sett, „Um meðferð skóga, kjarrs og lyngs“, 16. febrúar 1928. Í umræðum við lagasetninguna var það helst að heyra á mönnum að þeim hafi fundist helst til lítið hafa áunnist í skógræktarmálum landsins á þeim 19 árum sem liðið höfðu frá fyrri lagasetningu og því þyrfti að herða heimildir og hvetja enn frekar til skógræktar. Þó að lögin væru talsvert harðari en fyrri lagasetning taldi Jón Þorláksson, þingmaður og formaður Íhaldsflokksins, að: „Þar sem þetta er mikilsvert mál vegna framtíðarinnar, þá hefir mjer þótt rjett að gera þessar aths[athugasemdir] um þau atriði fr.[umvarps], þar sem mjer finst kenna alt of mikils linleika í ákvæðum þess og votts um of lina hugsun hjá forstöðumönnum þessa máls.“ Þessi meinta linkind þingmanna stafaði af því að menn voru með í huga eignarrétt bænda á jörð sinni og benti Einar Árnason þingmaður á að ekki væri hægt að taka stóra skika af bændum bótaust.³⁵ Ríkið tók þannig í reynd bæði mið af eignarrétti og vildi ekki ganga of langt með íþyngjandi ákvæðum til að reyna að sleppa við bótakröfur. Umræðan um bætur varð einkar hávær í umræðum um friðun Þingvalla og þá hugsanlegan kostnað ríkisins vegna hennar. Vegna bágrar fjárhagsstöðu íslenska ríkisins var reynt að eyða sem minnstu.

Heimildir skógræktarstjóra og skógarvarða til eftirlits á skógum voru rýmkaðar talsvert með lögunum þar sem kveðið var á um að bændur mættu ekki neita þeim um eftirlit í skógum hvort sem er girtum eða ógirtum. Ennfremur áttu skógarverðir að fara árlega og segja mönnum til um hvernig ætti að höggva skóg. Skógarverðir áttu enn sem fyrr að gefa skýrslu um hvernig ástand skógarins væri. Bændur á skógarsvæðum áttu jafnframt að leggja til sjálfböðavinnu við grisjun á allt að 400 fermetra svæði í skóginum, þó vissulega fengju þeir að hirða afraksturinn. Bændum var bannað að berhöggva, nema til ræktunar, og varast átti uppblástur og jafnframt var skógarvörðum heimilt að banna að mosi væri rifinn upp í hraunum þar sem var einstaklega gróðursnautt.³⁶ Helsti hvatinn í lögunum til skógræktar kom fram í því að atvinnumálaráðherra hafði heimild til að styrkja alla þá sem vildu girða skóga sína eða taka frá skóglausan blett á jörð eða jarðarskika til skógræktar.³⁷

Annað nýmæli í lögunum var að banna vetrararbeit búfénaðar í skógum inn til landsins og á afréttum frá 1. nóvember til 1. júní. Var í þessu tilviki einkum verið að bregðast við því að bændur voru byrjaðir að beina fé sínu í auknum mæli inn í skóga á borð við Bæjarstaðaskóg, Núpsstaðaskóg og skóga í Þórsmörk.³⁸

³⁵ *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 1334 og 1340-1341.

³⁶ *Alþingistíðindi* 1928 A, bls. 212 og 428-430, „Um meðferð skóga, kjarrs og friðun á lyngi“, og *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 1334-1342.

³⁷ *Alþingistíðindi* 1928 A, bls. 428-430.

³⁸ Sama heimild, bls. 428-430 og *Alþingistíðindi* 1928 B.I., d. 1334-1342.

Fornminjalögin

Annarri lagasetningu, alls óskyldri skógræktarlögum, var ætlað að ná til friðunar um allt land, en það voru fornminjalögin frá 1907. Einstakar greinar þeirra áttu þó sérstaklega við Þingvöll. Með tilurð laganna var komið á embætti forminjavarðar og gegndi Matthías Þórðarson því embætti frá stofnun til 1947.

Fornminjalögin voru tiltölulega skýr og takmarkandi hvað varðaði verndun svæða á Þingvöllum, en þar sagði: „eru öll forn mannvirki á alþingisstaðnum farna friðuð, en ekki staðurinn sjálfur nje umhverfi hans.“³⁹ Það má segja að lagasetningin hafi takmarkast við forminjarnar og því hafði forminjavörður eingöngu ítök á Þingvöllum vegna þeirra og átti samkvæmt þeim ekki að valsa um á yfirráðasvæði prestsins á Þingvöllum.

Matthías Þórðarson þjóðminjavörður fjallaði um umhverfi Þingvalla í grein sinni „Um verndun fagurra staða og náttúrumenja“, sem birtist í *Skírni* árið 1907. Þar vakti hann athygli á nauðsyn þess að setja ekki eingöngu lög um friðun fornminja í formi rústa, búða og hluta, heldur einnig um friðun á „fyrirbrygði af náttúrunnar völdum hér á landi, sem það löngum hefir verið frægt fyrir. Fyrst og fremst má nefna Almannagjá alla og svæðið umhverfis Þingvelli við Öxará, er ekki getur kallast sögustaður alt eða talist til fornmenja.“ Einnig skrifaði hann um nauðsyn þess að friða einstök svæði á borð við hver, hella og ýmis svæði sem hefðu einstakt náttúrulegt gildi. Með verndun þessara staða vildi hann koma í veg fyrir það sem áður hafði verið gert, þ.e. að „náttúrumenjurnar hefir verið fargað úr eign landsmanna eða spilt með ýmsu móti ...“⁴⁰ og nefndi í því sambandi vegagerð í Almannagjá, sölu Geysis til Englendinga og varaði hann enn fremur við sölu fossanna til útlendinga og var þar vafalaust að hugsa til viðskipta Einars Benediktssonar og fossafélagsins Títan.

Matthías hugnaðist helst stofnun frjálsra félagasamtaka til að framfylgja friðun einstakra svæða. Félögin tækju þá að sér að sjá um falleg náttúrusvæði, og nefndi í því samhengi einmitt The National Trust.

En ef til lagasetningar kæmi taldi Matthías að náttúruminjar og fornminjar væru ekki svo ólík: „þótt náttúrumenjar séu ... annars eðlis en fornmenjar, heyra þær undir fornmenjalög, þar sem sú löggjöf er lengst komin [í Frakklandi og í Hesse]. Þess vegna gæti komið til greina að hafa og ákvæði um verndun náttúrumenja í fornmenjalögum vorum.“⁴¹ Það er, Matthías taldi vart þörf á sérstökum lögum um verndun náttúruminja, þó það mætti. Tilgangurinn með skrifum Matthíasar var að benda á að fornminjalögin næðu helst til skammt. Því þótt fyrirhugað

³⁹ Matthías Þórðarson: „Verndun fagurra staða og merkra náttúrumenja“, bls. 180.

⁴⁰ Matthías Þórðarson: „Verndun fagurra staða og merkra náttúrumenja“, bls. 180.

⁴¹ Sama heimild, bls. 182-183.

forminjasvæði á Þingvöllum væri sjálfstætt frjálsað væri hægt að breyta svo ásynn nánasta umhverfis að svæðið yrði algjörlega óþekkjanlegt. Virðing fyrir hinum gamla þingstað gæti því horfið. Það var því í raun upplagt, sérstaklega með tilliti til Þingvalla og fornminjavarðar, að sameina þessar tvær lagasetningar í eina, þannig að hvort tveggja lyti eftirliti fornminjavarðar. Vildi Matthías meina að með því nýttist yfirsýn eins manns á þau mörgu mál sem þyrfti að samþætta. Kannski hugsaði Matthías að með því að haga lagasetningunni á þann háttinn eflist embætti hans nokkuð og spara mætti annars fátæku ríki smá launupphæð. Það hamlaði þó enn allri ákvarðanatöku varðandi þjóðgarð eða takmörkun búsetu á Þingvöllum, að jörðin var ekki í eign ríkisins heldur var þetta kirkjujörð með hjáleigum. Varðandi stofnkostnað og lagasetningarvald ríkisins þyrfti vissulega að taka mið af því.

Kirkjujörðin Þingvellir

Íslendingabók Ara fróða segir frá Þóri kroppinskegg sem hafi numið land við Bláskóga, en það er oft annað nafn Þingvalla og núverandi nafn hreppsins eftir sameiningu Bláskógabyggð. Þórir á að hafa drepíð þræl sinn og hulið hræið í gjá. Af þeim ástæðum var land hans tekið undir allsherjarfé og lagt til Alþingis.⁴² Upp úr aldamótunum 1000 er reist þar kirkja, svokölluð Þingmannakirkja og á svipuðum tíma bændakirkja.

Ekki er stefnt að því hér að greina nákvæmlega frá því hvernig eignir á svæðinu færðust til kirkjunnar. Undir lok fjórtánda aldar er ekki getið um neinar eignir kirkjunnar í heimlandi. Árið 1575 í máldaga Gísla Jónssonar biskups í Skálholti er þess getið að Þingvallakirkja eigi rétt á öllum gæðum heimalands og nær rétturinn alla leið upp að Skjaldbreið. Þá eru og jarðirnar Brú, Kárastaðir, Heiðarbær og Stíflisdalur orðnar leigujarðir kirkjunnar. Samkvæmt jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er þess getið að kirkjan eigi rétt á afrétt upp í Skjaldbreið. Samkvæmt kröfu Markúsar Snæbjörnssonar Þingvallaprests 1740 þá náði réttur Þingvallakirkju í það minnsta vel norður fyrir Skjaldbreið og var Hrafnagjá eystri mörk jarðarinnar en Stóra-Sauðafell með línu norðaustur yfir Bontsúlur vestri mörk.⁴³ Í það minnsta í byrjun 20. aldar töldust til eignar kirkjujarðarsjóðs, innan Þingvallahrepps, jarðirnar Þingvellir, Skálabrekka, Kárastaðir, Brúsastaðir, Hrauntún, Skógarkot, Vatnskot, Arnarfell sem var ýmist sel eða búið þar og síðan selið Svartagil. Fjórir síðastnefndu staðirnir ásamt selinu töldust til hjáleigna Þingvallakirkju. Bæirnir sem voru í Þingvallahrauni, Hrauntún, Skógarkot og Vatnskot, áttu óskipt beitarland í Þingvallaskógi ásamt Þingvöllum. Selið Svartagil var frá og með 1920 í leigu til Jóns Guðmundssonar, þá bónda á Brúsastöðum og vertis í Valhöll. Til áhrifasvæða þjóðgarðsins, eftir stofnun hans, töldust bærinn Gjábakki, sem var tekinn eignarnámi af Þingvallanefnd árið 1949 og kirkjujarðirnar Brúsastaðir og Kárastaðir.⁴⁴

Séra Jón Thorstensen, sem var prestur á Þingvöllum 1886-1923, kom að gerð samningsins um leigu undir lóð fyrir Valhöll 1898, enda umráðamaður svæðisins. Valhöll var markaður staður rétt við hraunhóla sem kallast Kastalar [Þinghelgin]. Samningurinn, sem gilda átti á meðan leiguliðar stæðu í skilum, var staðfestur af stiftsyfirvöldum 1899. Lóðin undir húsið var 120 álnir á lengd frá norðri til suðurs og 80 álnir á breidd frá austri til vesturs. Í heild

⁴² Íslendingabók, Landnámabók, bls. 8.

⁴³ Gunnar F. Guðmundsson og Pétur M. Jónsson: „Saga Þingvallafréttar“, bls. 86-89. Í kaflanum er mjög nákvæm lýsing á landrétti Þingvallakirkju og kort með til útskýringar.

⁴⁴ Þ.Í. Fasteignamat. Gjörðarbók fasteignarmatsnefndar í Árnassýslu 1916: Þingvallahreppur, bls. 121-130.

taldi lóð Valhallar 9600 álnir eða 3782 fm. Hestarétt hótelsins átt að vera fyrir utan lóðina. Fyrir þessa lóð og rétt til silungsveiði á stöng í Þingvallavatni var ársleigan 15 kr.⁴⁵

Fyrir byggingu Valhallar stóð Benedikt Sveinsson sýslumaður og alþingismaður. Hugmyndin var frá miðri 19. öld þar sem komið höfðu upp hugmyndir um að byggja þar fundarhús. Í kjölfar þjóðfundarins 1851 varð til skýlissjóður sem Benedikt var ötull við að safna í eftir Þingvallafund 1864. Sjóðurinn tæmdist þó 1874 þegar hann var notaður til að greiða fyrir þjóðhátíðina. Benedikt gekkst fyrir því að fá sex menn með sér í félag um byggingu Valhallar.⁴⁶ Ennfremur lagði hann til á Alþingi að þaðan fengist mótframlag, því það væri bagalegt fyrir ferðamenn, sérstaklega erlenda, að ekki væri kostur á almennilegri gistingu á staðnum. Alþingi veitti eftir nokkra umræðu árið 1897 2.500 króna framlag til byggingar Valhallar með því skilyrði að annað eins fengist með frjálsum framlögum, að tryggt væri að húsinu yrði haldið við og það yrði notað fyrir erlenda ferðamenn sem og samkomuhús.⁴⁷ Ekki fær Valhöll góða dóma sem reisulegt hús, heldur: „Húsið var mjög illa bygt, er óvandað í alla staði og svefnherbergin flest óboðleg til gistingar þeim sem góðum húsum eru vanir. Veitingasalirnir, sem nú eru 3 [skrifað 1925], og eldhúsið eru nýtandi um hásumarið í góðu veðri ... „Dilkurinn“ [viðbót við Valhöll] er einnig mjög lélegt hús ... “.⁴⁸ Skálafélagið h/f átti Valhöll fram eftir byrjun 20. aldar, ekki kemur fram neitt sérstakt ártal hvenær Sigmundur Sveinsson keypti það en einungis sagt að stuttu seinna, 1918, keypti Jón Guðmundsson, þá bóndi á Heiðarbæ, Valhöll.⁴⁹ Lóðarleigusamningurinn var framlengdur óbreyttur 1918 af Jóni Guðmundssyni og séra Jóni Thorstensen. Ári síðar var samningurinn samþykktur af dóms- og kirkjumálaráðuneyti.⁵⁰ Rétt norðan við Valhöll [Þinghelgin] stóð svo Konungshúsið og Þingmannaskálinn (rifinn fyrir alþingishátíðina 1930) en hvort tveggja hafði verið reist árið 1907. Húsum í hinni gömlu þinghelgi og á Völlunum var því þannig háttáð árið 1920 að þar voru Valhöll, Konungshús, Þingmannaskáli, bæjarhús prests og kirkja. Árið 1918 bættist við sumarbústaður í Fögrubrekku og ef marka má lýsingar á honum þá var hann ekki vel byggður.

⁴⁵ Þ.Í. Skjalasafn stiftsýfirvalda. Dagbók I, nr. 149. Leigusamningar um lóðarbletti til ræktunar og undir verslunarhús, tilheyrandi ýmsum prestaköllum.

⁴⁶ Hannes Þorsteinsson: „Benedikt Sveinsson“, bls. 395-396.

⁴⁷ *Alþingstíðindi* A 1897, bls. 1244-1246 og 1321-1322 og *Stjórnartíðindi fyrir Ísland* 1897, A. 68.

⁴⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 7.

⁴⁹ Þorsteinn Gunnarsson og Ríkharður Kristjánsson: *Valhöll á Þingvöllum – Úttekt og stefnumörkun*, bls. 10.

Einnig má sjá um eignarhald á Valhöll: Guðmundur Davíðsson og Sigmundur Sveinsson lentu í ritdeilu 1928. Guðmundur Davíðsson skrifaði í *Vísir* 29.03.1928 og segir að Sigmundur Sveinsson hafi átt Valhöll fram til 1919 og lítið hirt um sóðaskapinn (Guðmundur Davíðsson: „Þingvallamál“, *Vísir*, bls. 2-3). Sigmundur Sveinsson svaraði því til að það hafi ekki verið hann sem hafi átt Valhöll heldur hlutafélag í Reykjavík, hvort það hafi verið Skálafélagið H/F er ekki tiltekið. Sigmundur Sveinsson: „Enn um Þingvelli“, *Vísir*, bls. 2-3.

⁵⁰ Þ.Í. Forsætisráðuneytið 1989-B/498, Þingvallafriðun 1980-1980. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 538.

Vakti þetta menn til nokkurrar umhugsunar um það hvort sumarhúsabyggð myndi fara að aukast á svæðinu og þar með breyta ásýnd þess.

Búsetuskilyrði á Þingvöllum og hjáleigum voru ekki með allra besta móti. Mjög lítið var um engjar til að afla útheyja og þurfti því að fara talsverða leið til að verða sér úti um slægjur, allt upp að Ármannsfelli, á Hofmannafötum eða jafnvel áleiðis að Skjaldbreið. Er hægt að bera saman nokkrar jarðir í fasteignamati frá 1916. Þar sést að Þingvellir, prestsörðin sjálf, hafði af engjum um 130 hestburði, Skógarkot um 90 hestburði, Hrauntún 190 hestburði en í tilviki Vatnskots og Arnarfells ekkert. Önnur býli í Þingvallahreppi sem ekki voru í hrauninu voru betur stödd hvað þetta varðar. Brúsastaðir höfðu 130 hestburða heytak, Kárastaðir 120, Skálabrekka 230, Heiðarbær eitt og tvö höfðu samanlagt 710 hestburði en Stíflisdalur var í nokkurri sérstöðu og talinn hafa 800 hestburði heyfalls.⁵¹ Notast var við mælieininguna hestburð fyrstu þrjá áratugi 20. aldar, mælieiningin þótti nokkuð ónákvæm og hefur Hagstofan tekið saman að einn hestburður samsvaraði einu hektókílógrammi eða 100 kílóum af þurrhevi.⁵² Sérstaða hraunbýlanna fólst einkum í því að þar voru litlar engjar, túnin voru lítil enda voru þau miðju hrauni. Sést vel í Hrauntúni hvernig bændur færðu túnin smátt og smátt út með því að rífa upp grjótið og færa út fyrir túnið, í raun bjuggu það til. Langar leiðir þurfti því að fara til að ná í hey.

Í þessu sama fasteignamati var Þingvallaskógur talinn til helstu kosta hraunbýlanna. Skógurinn var í raun lífæð hraunbýlanna og einnig nágrannabæja ef harður vetur sótti á. Mikilvægi nýtingar Þingvallaskógar fyrir bændur Þingvallahrepps endurspeglast ágætlega í bréfi Jóns Guðmundssonar, þá hreppstjóra Þingvallahrepps, er hann skrifaði til stjórnarráðsins 1941. Tilfni bréfsins var krafa Þingvallahrepps eftir friðun þjóðgarðsins um að fá borguð fjallskil og útsvar fyrir býli sem lögð voru niður. En í bréfinu skrifaði Jón að mönnum gremdist nokkuð, það sem Jón kallaði, þjóðgarðsstofnun ríkisins og að íbúar hreppsins vildu nú í stað ársgreiðslna sem uppbót fyrir tap hreppsins fá tjónið bætt í eitt skipti fyrir öll, og hafði Jón þar til hliðsjónar að peningar væru sífellt að falla í verði. Hreppsfélagið áformaði að nota peningana í það að koma upp forðabúri fyrir bændur í hreppnum því „Áður var Þingvallahraun sem nú er í þjóðgarðinum, forðabúr fyrir búskap bænda í hreppnum, þar var oft næg hagbeit, þó annarsstaðar væri bjargarlaust.“ Það virðist því svo vera að það hafi ekki eingöngu verið hraunbændur Þingvallahrepps sem notuðust við vetrararbeit í Þingvallaskógi heldur velflestir bæir sveitarinnar. Málið var til lykta leitt þegar ríkið greiddi hreppnum 22.000 krónur og lofaði

⁵¹ Þ.Í. Fasteignamat. Gjörðarbók fasteignamatsnefndar Árnassýslu 1916: Þingvallahreppur, bls. 121- 135.

⁵² Páll Bergþórsson: „Áhrif loftslags á búfjárfjölda og þjóðarhag“, bls. 285.

hreppstjóri að ekki yrði amast frekar við tjóni hreppsins vegna friðunarinnar.⁵³ Mikil skógarnýting bæjanna vakti eðlilega upp spurningar um ástand skógarins. Hvort raunhæft væri í þessu engjalaus svæði að ala sauðfé en jafnframt styrkja skógræktina.

Ástand skógarins

Í umræðum um setningu laganna „Um verndun skóga og friðun lyngs“ árið 1928 var þónokkuð deilt um viðgang og vöxt skóga um allt land. Fannst þá flestum sem löggjöfin frá 1907 hefði ekki skilað nógu miklu og þó að fyrst og fremst væri verið að miða við heildarmynd landsins, var það ljóst að einstök ákvæði laganna snertu málefni Þingvalla sérstaklega. Ennfremur þegar farið var að ræða hugsanlega friðun Þingvalla þá voru menn ekki sáttir við ástand Þingvallaskógar.

Lögin frá 1928 voru mun markvissari en eldri lög hvað varðaði vetrarþéttun í skógum, og þá sérstaklega takmörkun beitar frá 1. nóvember til 1. júní, og snerti það meðal annars hagsmuni Þingvallabænda.⁵⁴ Við lagasetninguna var farið eftir tillögum skógræktarstjóra og í þeim var vetrarþéttun í skógum aðallega gagnrýnd, en þó nefnt að skógræktarstjóri taldi að sumarþéttun væri skaðlaus.⁵⁵ Þingvallabændur höfðu alltaf þurft að geta reitt sig á beit í Þingvallaskógi allt árið vegna lítilla engja. Áttu þeir erfitt með að fara eftir skógarfriðunarlögunum frá 1909 þar sem meðal annars var kveðið á um að „[e]igendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um, að beita skóg og kjarrlendi sem minst.“⁵⁶

Lagasetningin frá 1909 hafði kveðið á um eftirlitsskýrslur frá skógarvörðum haldnar fyrir hvert ár. Einar E. Sæmundsen var skipaður skógarvörður 1910 á Suðurlandi af Agnar Kofoed-Hansen skógræktarstjóra og gegndi því starfi til 1944. Stýrði hann grisjun og friðun skóga á ýmsum reitum sunnanlands, t.d. Þingvöllum, í Þórsmörk, við Heklubæi og Búrfell í Þjórsárdal.

Eftirlitsskýrslur Einars eru ágætis vitnisburður um vinnulag við meðhöndlun skógarins á Þingvöllum. Einar nefnir þar til að mynda aldrei í skýrslum sínum að sauðfjárbættun hamlu vexti Þingvallaskógar. Hans helsta verk var að kenna mönnum að höggva tré og fékk hann að ganga um skóga annarra samkvæmt heimild í lögunum frá 1907 og aftur 1909, þar sem kveðið var á um að skógarverðir mættu ganga óhindrað um skógarþéttun. Eins fékk hann menn af bæjunum í kring til liðs við sig við að grisja skóginn. Þó að hann hafi ekkert fundið að sauðfjárbættun í

⁵³ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989 B/496. Þingvallanefnd 1934-1942, Þingvallanefnd júlí 1940 - maí 1942.

⁵⁴ *Alþingistíðindi* A 1928, bls. 430.

⁵⁵ *Alþingistíðindi* B 1928, d. 1334 - 1335.

⁵⁶ *Alþingistíðindi* A 1909, bls. 747.

skóginum gagnrýndi hann þó harðlega Jón Guðmundsson Brúsastaðabónda og vert í Valhöll, árið 1923, fyrir skógarupptöku við Svartagil, en Jón hafði það þá á leigu. Jón lofaði bót og betrun, en séra Guðmundur Einarsson vildi samt banna Jóni nýtingu skógar í Svartagili nema undir eftirliti.⁵⁷

Í skýrslum sínum greinir Einar frá því að skógur hafi að mestu verið höggvinn næst bæjunum jafnvel þó að skógurinn þar hentaði illa til eldiviðar. Hans helstu tillögur voru þær að menn reyndu að leita aðeins lengra til að ná sér í við, þá helst á stöðum þar sem grisjunar var þörf eins og við svonefndar Brúnir og Sigurðarsel [Þingvellir 1930]. Þetta taldi hann áriðandi bæði til þess að skógurinn nærri bæjunum næði sér á strik og vegna þess að viðurinn sem sóttur var fjær hentaði betur til kyndingar. Reyndar mælti Einar, sumarið 1918, með því að þangað yrði allur skógur sóttur fyrir Þingvallasvæðið. En lítið virðist gerast í þessum málum fyrr en með komu séra Guðmundar Einarssonar 1923.⁵⁸ Einar E. Sæmundsen greinir frá áhuga og atorku Guðmundar við að læra grisjun og nýta skóginn á réttan hátt og nefnir m.a. í skýrslu sinni frá 1923 að prestur hafi lýst yfir áhuga á að friða allt svæðið frá Þjóðveginum um Brúnir og Sigurðarsel en hafa takmörkin ofan Hrafnagjár.⁵⁹

Dagbókarskýrslur Einars eru ágæt heimild um vinnu skógarvarðar en nokkuð greinilegt er að umdæmi hans sem skógarvarðar á Suðurlandi var of víðfeðmt. Ef lítið er á dagbækur hans frá árunum 1918-1938 er Þingvalla einungis getið árin 1918, 1921, 1923 og 1927. Einar segir það líka í skýrslu sinni árið 1918 að réttast væri að fela Jóhanni Kristjánssyni úr Skógarkoti eftirlit með Þingvallaskógi, bæði þar sem hann kunni að höggva og gerði sér grein fyrir hversu mikilvægt það væri að hafa fallegan skóg. En einnig vegna þess að það gat dregist all verulega fyrir skógræktina að senda menn á svæðið.⁶⁰

Þetta var reyndar liður í gagnrýni á lögina frá 1907 þegar verið var að ræða „Um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi“ árið 1928. Jón Þorláksson, þingmaður Íhaldsflokksins, og framsóknarmaðurinn Tryggvi Þórhallsson, þáverandi forsætisráðherra, gagnrýndu að ekki væri notast nóg við menn á staðnum og þannig nýtt staðháttarþekking.⁶¹

Niðurstöður úr skýrslum Einars eru þær helstar að tré og runnar væru mun kræklóttari næst bæjunum en þegar fjær dró, og virtust stofnar trjáanna vera beinni og gildari er fjær dró

⁵⁷ Einar E. Sæmundsen: „Dagbókarskýrsla sumarið 1923“, 22. september, bls. 8. [Eftirlitsskýrslur skógarvarða eiga að vera á Þjóðskjalsafni Íslands en fundust ekki. Hins vegar er hægt að finna þær á netinu í pdf-formi og er slóðin gefin upp í heimildarskrá].

⁵⁸ Einar E. Sæmundsen: „Dagbókarskýrsla sumarið 1918“, bls. 5-6 og Einar E. Sæmundsen: „Dagbókarskýrsla sumarið 1918“, 22. september, bls. 8.

⁵⁹ Einar E. Sæmundsen: „Dagbókarskýrsla sumarið 1923“, 21. september, bls. 7.

⁶⁰ Einar E. Sæmundsen: „Dagbókarskýrsla sumarið 1918“, bls. 6.

⁶¹ *Alþingistíðindi* 1928 B I. d. 1338-1341.

byggðinni, því var Þingvallaskógur hvað blómlegastur við Brúnir, Sigurðarsel og uppundir Bolabás. Einar talar ekkert um fjárbeit í skóginum en eitthvað um að menn felldu ekki alltaf skynsamlega, þeir rjóðurfelldu sjaldan en þó nokkrum sinnum var skógur tekinn í frekasta lagi og taldi hann að það mætti laga með því að benda mönnum á hvers konar tjón þeir gerðu sjálfum sér með því að höggva smáhrisi sem væri slæmt til eldiviðar í stað þess að taka það sem betra væri,⁶² lofaði Einar samt Jóhann Kristjánsson í Skógarkoti fyrir áhuga hans og þekkingu á skógarhöggi, framgöngu Jónasar Halldórssonar í Hrauntúni í girðingarvinnu og Guðmund Einarsson prest fyrir atorkusemi og áhuga um skógarvinnu.⁶³

Í grein sem birtist árið 1919 sér Guðmundur Davíðsson Þingvallasvæðið og gróðurfar þess í samhengi við fækkun býla en hann var þeirrar skoðunar að gróðri hlyti að hafa farið aftur þar sem býlum hafði fækkað síðan landnámi lauk. Rökstuðningur Guðmundar lá í því að býlum hlyti að hafa fækkað í samræmi við minnkandi möguleika svæðisins til að framfleyta fólki. Til vitnis um fækkun býla vitnaði Guðmundur til jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þar sem greint hafði verið frá því að um 50 býli hafi verið í Þingvallaskógi fyrir pláguna 1402, þau hafi verið 30 þegar jarðabókin var tekin saman en einungis væru fjögur býli eftir í byggð árið 1919.⁶⁴

Guðmundur Davíðsson skrifaði einnig um það hvernig hann sá fyrir sér að Þingvallaskógur hefði verið fyrir á tímum, rétt upp úr landnámi Íslands. Þar hefði verið fallegur og hár skógur sem teygði sig langt upp í Ármannsfell. En hnignun landsins hefði hafist með þeirri rányrkju sem byrjaði um og eftir landnám. Fyrstu íbúarnir hefðu þó búið í sátt við náttúruna og kunnað að meta hana. Þetta var alls ekki svo ólík hugmynd og William Wordsworth hafði um landbúnaðinn á Vatnasvæðinu í Norður – Englandi. En með hnignandi siðferði og sjálfstæði hafi rányrkjan byrjað. Því ritaði Guðmundur Davíðsson ennfremur að „Þingvallaskógur á sjer engrar viðreisnar von, og nær sjer aldrei aftur fyr en að því kemur, að náttúran nýtur verndar og friðunar, eins og til forna, meðan hún er að rækta hann og þroska.“⁶⁵ Því væri eina leiðin að friða landið því að:

Alfriðað land tekur ótrúlegum miklum framförum á skömmum tíma, sjest það best á afgirta trjáreitnum á Þingvöllum. Jurtagróðrinum, sem náttúran hefur af sjálfsdáðum ræktað þar,

⁶² Einar E. Sæmundsen: „Dagbókarskýrsla sumarið 1918“, bls. 5.

⁶³ Einar E. Sæmundsen: „Dagbókarskýrsla sumarið 1918“, bls. 6, Einar E. Sæmundsen: „Dagbókarskýrsla sumarið 1921“, bls. 6 og Einar E. Sæmundsen: „Dagbókarskýrsla sumarið 1923“, bls. 7-8.

⁶⁴ Guðmundur Davíðsson: „Þingvellir við Óxará“, *Lögrjetta*, 1919, bls. 67.

⁶⁵ Guðmundur Davíðsson: „Frá Þingvöllum I.“ *Lögrjetta*, 1. janúar 1921, bls. 1.

hefur að sínu leyti farið betur fram, og er þroskavænlegri, en hinn, sem mennirnir hafa gróðursett. Þessu fær friðunin áorkað.⁶⁶

Skoðanir voru nokkuð skiptar í Þingvallasveit um það hvort skóginum færi fram eða aftur. Guðmundur Davíðsson taldi sig hafa fyrir því orð Jónasar Halldórssonar hreppstjóra að skóginum færi hnignandi þegar hann skrifaði fyrstu greinar sínar um Þingvelli. Kemur það fram þegar hann var að svara gagnrýni Jónasar sjálfs í ritdeilu þeirra á milli í *Lögréttu* árið 1921.⁶⁷ Markmið Jónasar Halldórssonar með sínum skrifum var einmitt að hrekja fyrri greinar Guðmundar um skóginn og hélt hann því fram að „síðan um 1880 hefir skógurinn yfirleitt aukist og sumstaðar mikið, helst í Ármannsfelli. Fyrir síðustu aldamót eyddist skógurinn meira og minna af maðki á stóru svæði í efri hluta hraunsins, en er nú sumstaðar í framför enda rotið þar [til] hlífðar.“⁶⁸

Sigmundur Sveinsson, fyrrverandi vert og þáverandi húsvörður við barnaskólann í Reykjavík, skrifaði greinina „Enn um Þingvelli“ árið 1928 og nefndi eins og Jónas Halldórsson að skógareyðing sú sem hefði átt sér stað í byrjun 20. aldar hefði einkum verið maðki að kenna, en hann hefði komið upp í birkinu. Sigmundur taldi enn fremur að líklega mætti einnig kenna óskynsamlegri nýtingu skógarins til skamms tíma um hnignun hans en nú horfði til betri vegar. Í það minnsta taldi Sigmundur ekki hægt að kenna sauðfénu um samdrátt skógarins.⁶⁹

Einar E. Sæmundsen taldi maðkakeninguna ekki alls ólíklega á sumum stöðum, þá einkum í grennd við Víðivelli í nágrenni við Hrauntún. Í það minnsta nefnir hann maðkinn eftir samtal sitt við Halldór Jónasson 1923:

eru þar á sumum stöðum runnar gersamlega fallnir og er mikið af feyskjum þeim, reitt heim að Hrauntúni árlega og þykir ágætur eldiviður. Hélt Jónas heitinn, faðir Halldórs að það væri af maðki og að runnar þessir hefði kalið og fallið. Hafa víða verið brögð að því í Hrauntúnsskógum austan og norðan við bæinn, en mjög óvíða annarsstaðar í hrauninu.⁷⁰

Ef Þingvallaskógur var að taka við sér um og upp úr 1900 var sennilegasta orsök mikill samdráttur í viðarkolagerð víðs vegar um land allt eftir 1870 með tilkomu innflutnings á skoskum ljám, en í þeim var betra járn en eldri íslenskum ljám og þurfti ekki að dengja þá eins og áður hafði verið tíð þörf fyrir. En Pétur Ottesen, Borgfirðingur og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði þannig í þingræðu í umfjöllun um friðun Þingvalla árið 1928, þar

⁶⁶ Guðmundur Davíðsson: „Frá Þingvöllum II.“ *Lögrjetta*, bls. 4.

⁶⁷ Guðmundur Davíðsson: „Um Þingvallaskóg. Svar til J.H.“ *Lögrjetta*, bls. 1.

⁶⁸ Jónas Halldórsson: „Þingvallahraun og þjóðgarðurinn.“ *Lögrjetta*, bls. 2.

⁶⁹ Sigmundur Sveinsson: „Enn um Þingvelli“, bls. 1.

⁷⁰ Einar E. Sæmundsen: „Dagbókarskýrsla sumarið 1923“, 29. september, bls. 9.

sem hann mælti gegn stofnun Þjóðgarðs, að: „Síðan kolagerðinni ljetti af hafa skóglendi víðsvegar á landinu blómgast, og svo mun einnig vera um skóginn í Þingvallahrauni.“⁷¹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili fjallaði þó ítarlegar um þessi mál í bók sinni *Íslenskir Þjóðhættir* „Allir þurftu kola með á hverjum bæ til þess að dengja við og smiðir til ljáasmíða og hestjárna: þurfti eitt kolakvartil til að smíða ljáinn.“⁷² Til kolagerðar þurfti að höggva skóg og hrís var rífið á haustin. Þessi starfsemi hefur verið nokkuð ábátasöm fyrir þá sem höfðu aðgang að skógi eins og Þingvallabændur en Jónas skrifaði. „Í Þingvallasveit seldu menn hana [kolatunnuna] á 6 ál.[álnir], en ef þeir fluttu kolin suður á Suðurnes og seldu þau þar, kostaði tunnan 10 ál.[álnir].“⁷³ Ennfremur segir Jónas að mest allur trjágróður hafi verið rifinn hvort sem hann var ungur eða gamall og að skógareigendur hafi leyft öðrum að höggva hjá sér en tóku þá kannski gjald fyrir hestburðinn, allt upp undir 5 álnir.⁷⁴

Menn veigruðu sér því við að gagnrýna áhrif beitar á vöxt skógar of harkalega, og reyndar hikuðu menn við að gagnrýna bændur mikið þótt minnst væri á að viðarkolagerð þeirra kostaði óhemju mikið magn af trjám. Landbúnaðarafurðir námu um ellefu prósentum af útflutningsverðmæti Íslands 1930 og bændastéttin var rótgróin og hafði yfir sér rómantískan og þjóðernislegan blæ, ekki bara á Íslandi heldur víðar eins og átti sér stað í friðunarumræðu á Englandi.⁷⁵ Þó má sjá í skógræktarlögunum frá 1909, að menn gerðu sér grein fyrir að vetrararbeit í skógi væri slæm en áttu þó vegna ofangreindra ástæðna erfitt um vik að ganga of hart fram.

Ferðamenn

Einn ókostur var þó talinn öðrum fremur við Þingvallajörð í fasteignamati frá 1916, ágangur ferðamanna.⁷⁶ Þingvellir urðu einskona sameiningartákn með rómantískri bylgju sjálfstæðishreyfingar 19. aldar og um leið á vissan hátt sameiningareign í huga íslensku þjóðarinnar, en þeir voru þó í reynd í einkaeigu kirkjujarðarsjóðs. Prestur þurfti meðal annars að afla sér launa með því að nýta jörðina, þ.e. jörðin var talin honum til tekna. Séra Jón Thorstensen fann rækilega fyrir þessu og kvartaði til stjórnarráðsins í bréfi þann 10. maí 1919. Jón kvartar þar m.a. undan ágangi gesta, þá sér í lagi fólks frá Reykjavík enda flestir þaðan. Hann sagði að þeir rifu upp hríslur og hentu rusli. Sjálfur sagðist séra Jón eiga erfitt með að halda uppi eftirliti vegna þess „jeg er opt ekki heima á helgum þegar umferðin er mest ...”, en

⁷¹ *Alþingistíðindi* 1928 A, Pétur Ottesen bls. 2331.

⁷² Jónas Jónasson frá Hrafnagili: *Íslenskir Þjóðhættir*, bls. 66.

⁷³ Jónas Jónasson frá Hrafnagili: *Íslenskir Þjóðhættir*, bls. 66.

⁷⁴ Jónas Jónasson frá Hrafnagili: *Íslenskir Þjóðhættir*, bls. 66-67.

⁷⁵ Pétur M. Jónasson: „Saga Þjóðgarðsins“, bls. 252.

⁷⁶ Þ.Í. Fasteignamat. Gjörðarbók fasteignamatsnefndar Árnessýslu 1916: Þingvallahreppur, bls. 124.

þá var hann í erindagjörðum vegna embættis síns.⁷⁷ Matthías Þórðarson tiltók í umsögn sinni sem hann gerði fyrir stjórnarráðið um Þingvelli árið 1919 að umferð undanfarin sumur hafi verið bóttalaus og ólöglegur átroðningur fyrir ábúanda Þingvalla, þ.e. prestinn. Matthías taldi þó ekki vera hægt að hindra almenna umferð á þessum fornhelga stað.⁷⁸

Séra Guðmundur Einarsson, sem tók við Þingvallaprestakalli 1923 og gegndi því til 1928, skrifaði grein árið 1926 þar sem hann kvartaði undan bóttalausum átroðningi á tünnum sem hindraði heyslátt. Af þessum sökum hafði meðal annars verið sett verðskrá fyrir tjaldgistingu á Þingvöllum á seinustu árum Jóns Thorstensen, þ.e. 1921 og 1922, og síðan aftur 1923 af séra Guðmundi Einarssyni. Bæði var rukkað fyrir venjuleg tjöld, ein króna fyrir nóttina en fimm krónur fyrir viku, og fyrir veitingatjöld 25 kr. á sólarhring. Taldi Guðmundur gjaldheimtuna eðlilega vegna átroðnings þess sem væri á annars ágætis engjum.⁷⁹

Ferðamannastraumur hafði aukist ár frá ári og upp úr 1910 virðist stefna í óefni. Jónas Jónsson frá Hriflu skrifaði árið 1917 grein sem hann nefndi „Þingvellir“ þar sem hann rakti þróun ferðamennsku á Þingvöllum. Jónas skrifaði að í fyrstu hafi komið fáir ferðamenn og þá helst erlendir menntamenn sem báru virðingu fyrir staðnum og náttúrunni, en með batnandi samgöngum, akfærum vegum til Þingvalla og byggingu gistihússins Valhallar hafi ferðamönnum stórfölgað, þá einkum frá Reykjavík.⁸⁰ „Og um helgar flykkist þangað mikill mannaþur, alt sumarið, meðan vegir eru færir yfir Mosfellsheiði.“⁸¹ Í greininni kallar Jónas eftir eftirliti og umsjón með Þingvöllum þar sem mannaþurinn fór:

eins og þeim sýnist með sögustaðinn, rífa skóginn og spilla gróðri eftir föngum, kasta blikkílátum, flöskum og hverskonar rusli út um alt. Verður staðurinn þannig smátt og smátt að ógeðslegri ruslakistu. Þessir skemdarvargar eru miklu hættulegri en „börn og hrafnar“. Gera það ljótt sem fagurt var.⁸²

Ekki eru til neinar heildartölur um fjölda ferðamanna til Þingvalla á umræddum árum. Aðeins er hægt að styðjast við skýrslur umsjónarmanns Þingvalla, Guðmundar Davíðssonar, fyrir árin 1920-1923. Sumarið 1920 taldi hann sjálfur 2500 manns í júlí og ágúst, en hafði frétt að um 100 manns hefðu komið fyrstu vikuna í september eða samanlagt 2600 manns á þremur

⁷⁷ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438.

⁷⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Umsögn fornminjavarðar.

⁷⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Skýrsla umsjónarmanns á Þingvöllum 1921 og Guðmundur Einarsson: „Nefndarálit Þingvallanefndar. Mótmæli og athugasemdir“, bls. 2.

⁸⁰ Jónas Jónsson frá Hriflu: „Þingvellir“. *Skinfaxi*, júlí 1917, bls. 56.

⁸¹ Jónas Jónsson frá Hriflu: „Þingvellir“. *Skinfaxi*, ágúst 1917, bls. 60.

⁸² Jónas Jónason frá Hriflu: „Þingvellir“. *Skinfaxi*, ágúst, 1917, bls. 60-61.

mánuðum um sumar og haust árið 1920. Sumarið 1921 taldi hann að sami fjöldi hafði komið en bætir þó við að hugsanlegt var að um 4-5000 manns hafði verið viðstaddir konungskomuna á Þingvöllum í júní, sem þýðir að um 6600-7600 manns hafi þangað um sumarið. Sumarið 1923 taldi Guðmundur svo rúmlega 5000 manns á Þingvöllum, þar af voru 500 manns staddir á Þingvöllum sunnudaginn 8. júlí og um 60 bifreiðar. Sumarið 1923 var enn fremur merkilegt fyrir þá sök að í skýrslu Guðmundar getur þess að bíllinn sé orðinn algengasti ferðamátinn til Þingvalla. Það sumar taldi hann 700 bílferðir frá Reykjavík og Hafnarfirði. Guðmundur kvartaði undan því í skýrslum sínum að ekki lægi gestabók frammi í Valhöll til að betur mætti glöggva sig á straumnum til staðarins.⁸³

Ferðamannafjöldinn var í það minnsta orðinn það mikill árið 1919 að séra Jón Thorstensen sendi bréf til stjórnarráðsins þar sem hann, eins og að ofan greinir, kvartaði undan ágangi á tünnum sínum og biður um að fá aðstoðarmann við að sinna ferðafólki háannartíma sumarsins.

Þann 8. maí sama ár hafði Jón Guðmundsson vert í Valhöll sent bréf þar sem hann segist reyna að gera allt sem í hans valdi stæði til að halda þrifalegu en „treisti mjer því miður ekki til að bera kostnað við eftirlitið einsamall, hvað feginn sem jeg vil.” Hann beiddist því fjárveitingar upp á 2000 krónur til að ráða Jónas Snorrason til umsjónar því hann væri:

vel að sjer í flestum Norðurálfu tungumálum og sögu þjóðarinnar, mjer skylst það mjög þíðingarmikið að á þessum stað sje maður sem getur tekið á móti hverjum sem er, sýnt bæði kurteisi og kunnáttu. Það tel ég þjóðarsóma.⁸⁴

Áhyggjur af þjóðarsóma vegna útlits og umgangs átti þátt í þeirri auknu umfjöllun árið 1919 um ferðamannafjölda og umgengni á Þingvöllum. Í því sambandi var stofnuð „Þingvallanefnd” af ellefu félögum í Reykjavík að tilstuðlan Stúdentafélags Íslands. Í stjórn nefndarinnar sátu Pálmi Pálsson yfirkennari og formaður nefndarinnar, Guðmundur Finnbogason prófessor og Matthías Þórðarson fornminjavörður. Tilgangurinn með stofnun félagsins var tekinn fram í bréfi til stjórnarráðsins um vorið, og er nefndinni ætlað „að gera ráðstafanir til að aftra frekari skemmdum á Þingvöllum og skógum þar í kring.“ Til þess taldi nefndin nauðsyn á „að settur sje umsjónarmaður á Þingvöllum frá miðjum júní til miðs septembers næstkomandi, með

⁸³ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755. Skýrsla umsjónarmanns Þingvalla 1923.

⁸⁴ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438.

sjerstöku erindisbréfi og lögregluvaldi til að vernda staðinn fyrir skemmdum og ágangi.“ Nefndin tiltók enn fremur í bréfi sínu að fleira fólk heimsótti staðinn en áður.⁸⁵

Nokkrir bændur í stjórn Ungmennafélagsins Ármanns í Þingvallahreppi sendu bréf til stjórnarráðsins 2. júní 1919 á svipuðum nótum. Vilji stjórnar félagsins var að:

Þingstaðurinn forni Þingvellir verði ekki látinn eftirlitslaus eins og verið hefur. Kunnugt er að fjöldi gesta – einkum úr Reykjavík kemur í lengri eða skemmri tíma. ... Þó margt að því sé heiðvirt fólk, þá eru hinir og margir, sem leita sér þar skjóls til bannlagabrota fremjandi jarðspjöll, og ýmsan annan ósóma, sem staðnum og þjóðinni í heild sinni er til stórsvívirðingar ekki síst nú á þessum mikilvægu tímamótum í sögu landsins.⁸⁶

Vildi ungmennafélagið ekki láta sér nægja að fá umsjónarmann á svæðið heldur þyrfti að fá lögreglu á Þingvelli til að hafa eftirlit með fólkinu yfir sumarmánuðina. Þörf fyrir lögreglu á svæðið lá kannski einna helst í því að fólk virðist hafa nýtt sér að geta drukkið áfengi á Þingvöllum vegna þess hve afskiptir Þingvellir voru frá sýslumannsembættum, enda langt að fara (nánar bls. 42-43).

Þannig bárust í það minnsta fjögur bréf til stjórnarráðsins vorið 1919 þar sem farið var fram á að umsjón væri fengin á svæðið vegna of mikils ágangs ferðamanna, einkum úr Reykjavík. Einnig hófu menn eins og Jónas frá Hriflu og Guðmundur Davíðsson að skrifa greinar í blöð til að vekja fólk til umhugsunar um ástandið á staðnum og mögulegar lausnir á vandanum, þ.e. á illri umgengni og hugsanlegri eyðingu skógarins. Þar kom m.a. fram hugmyndin um stofnun þjóðgarðs. Í framhaldi af bréfasendingum þessum til stjórnarráðsins og stofnun Þingvallanefndar, sem áður var nefnd, virðist komast smá hreyfing á hlutina varðandi umgengni á Þingvöllum.

⁸⁵ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438.

⁸⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438.

Guðmundur Davíðsson og greining á hugmyndum hans

Guðmundur Davíðsson var fæddur í Vatnsdal 1874 og kenndi hann þar árin 1901-1903, eftir að hafa hlotið kennaramenntun, kenndi í unglingaskólanum í Búðardal 1903-1905 og barnaskóla Reykjavíkur 1906-1931.

Hugmyndir Guðmundar náðu ekki einvörðungu til Þingvalla. Hann var fylgjandi skógarfriðun um allt land og hafði unnið undir stjórn skógræktarstjórans Agnars Kofoed-Hansen, fyrst í Furulundinum 1899, svo aftur sem skógarvörður við Rauðavatn, á Hallormsstað og á Þingvöllum 1904-1911. Skógræktin fléttaðist mikið við starf Ungmennafélags Íslands en þar sat Guðmundur í stjórn 1914-1923 og í sambandsstjórn 1914-1917.⁸⁷ Guðmundur nýtti meðal annars vettvang ungmennafélaganna til að afla hugmyndinni brautarfylgis árið 1910 og gekk það ágætlega þar en skógræktaráhugi og áhugi á eflingu landsins var almennur, þó hefur vafalaust vafist fyrir mönnum sú krafa að leggja niður býlin. Það er í það minnsta ljóst að stjórn Ungmennafélagsins Ármanns á Þingvöllum hugnaðist ekki að leggja niður býlin þegar það óskaði eftir umsjón á Þingvöllum yfir sumartímann.⁸⁸

Heimildir um hvar Guðmundur fékk hugmyndir sínar eru fátæklegar og þá helst hægt frásagnir annarra. Séra Eiríkur Eiríksson, prestur og þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, taldi að hugmynd Guðmundar Davíðssonar um þjóðgarð á Þingvöllum hafi fæðst í ferð Guðmundar til Þingvalla með Kofoed-Hansen þann 6. september 1908, en Guðmundur starfaði þá sem skógarvörður þar. „Hann hafði þá óljósar hugmyndir um þjóðgarða í Bandaríkjunum, en seinna kynntist hann þeim af bókum og ýmsum ritum ...“. Var Kofoed-Hansen, sjálfur skógræktarstjóri Íslands, mótfallinn því að búskapur yrði lagður niður á svæðinu milli Almannagjár og Hrafnagjár, þegar þeir ræddu þessa hugmynd Guðmundar.⁸⁹

Jónas Jónsson frá Hriflu sagði að Guðmundur hafi kynnt sér þjóðgarða erlendis og Hákon Bjarnason skrifar í minningargrein um Guðmund, að hann hafi farið til Bandaríkjanna og kynnt sér þar þjóðgarðsmál og friðunarhugmyndir, hvorugur getur þess þó hvenær þetta átti að hafa gerst.⁹⁰ Þröstur Sverrisson bendir á það í ritgerð sinni, „More than scenic wonderlands: a comparative study of national parks in Iceland and Acadia National Park in Maine“, að Guðmundur hafi líkast til fyrst og fremst orðið fyrir áhrifum með því að lesa skrif um þjóðgarða og eiga viðræður við höfunda greinanna eða aðra áhugamenn í Bandaríkjunum um

⁸⁷ Kennaratal, I. bindi, bls. 184.

⁸⁸ Eiríkur J. Eiríksson: „Þjóðgarðurinn á Þingvöllum“, bls. 136-138 og P.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438.

⁸⁹ Séra Eiríkur J. Eiríksson: „Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Horft til baka og fram um veg.“ *Suðri* 1969, bls. 135.

⁹⁰ Jónas Jónsson frá Hriflu: „Þingvellir gleymast“, bls. 136 og Hákon Bjarnason: [minningargrein] *Morgunblaðið*, bls. 6.

þjóðgarða. Miðar Þröstur það við hvernig þjóðgarðshugmyndir hans blandast saman við skógræktaráhugann og ennfremur að fyrsta grein Guðmundar um þjóðgarðsstofnun á Þingvöllum birtist þremur árum áður en Þjóðgarðsstofnun Bandaríkjanna komst á laggirnar, en það útilokar það að Guðmundur hafi sótt fræðslu til einnar ákveðinnar stofnunar.⁹¹ Enda birtist skógræktaráhuginn, á kostnað friðunaráhuga, iðulega í fyrstu greinum Guðmundar. Þó að skógræktaráhugi Guðmundar virðist hafa verið ögn meiri í fyrstu en áhugi á náttúruvernd eins og sjá má í grein hans „Þingvellir við Öxará“ frá árinu 1913, þá átti það eftir að breytast nokkuð. En í þeirri grein er greinilegur vilji Guðmundar til að nota Þingvöll sem nokkurs konar tilraunastöð og setti Guðmundur því óhikað fram fullyrðingar á borð við þessa: „Ennfremur ætti þangað að safna öllum innlendum jurtum, sem ekki eru þar fyrir og sömuleiðis útlendum, ala þar upp trjátegundir ýmsar, sem vissa er fyrir að þrifist geti á bersvæði hér á landi sjálfala og sjálfkrafa ...“⁹² Afstaðan virðist þó vera orðin hóflegri sex árum seinna í samnefndi grein í *Lögréttu*, en þá lætur Guðmundur nægja að segja: „Inn á garðhelgina verður að safna öllum íslenskum jurtategundum, sem líkindi eru til að geta þrifist þar vilt“, en bætir við að kannski megi einnig koma inn erlendum jurtum. Með það í huga að þjóðgarðshugmyndin þyrfti að sýna mögulega tekjuhlíð taldi Guðmundur í lagi ef það tækist „að hafa á Þingvöllum einhver vilt dýr, innlend eða erlend, sem mönnum væri nýstárlegt að sjá, mundi það auka að miklum mun ferðamannastraum að garðinum.“⁹³ Í greininni, „Þjóðgarðar“ frá 1921 gaf Guðmundur greinagóða lýsingu á þjóðgörðum í Bandaríkjunum og skrifaði þar meðal annars: „Skógrækt, eins og hún er venjulega framkvæmd, á sér ekki stað í þjóðgörðunum, enda væri þar þá ekki algerð náttúrufriðun.“ Á þessum tímapikti virðist Guðmundur vera orðinn á því að besta leiðin væri algerlega friðaður þjóðgarður og kemur það ágætlega fram í grein hans „Friðun Þingvalla“ frá 1920, en þar segist hann vilja að amerísku friðunarstefnunni yrði fylgt eins náíð og mögulegt væri. Skógrækt ætti að stunda annars staðar en á Þingvöllum og jafnframt ætti ekki að grisja eða taka kolviðinn því hann myndi fúna og verða að mold og þar með væri hringrás náttúrunnar svo til fullkomnuð.⁹⁴

Fyrsta grein Guðmundar Davíðssonar um þjóðgarða á Þingvöllum „Þingvellir við Öxará“ frá 1913 var í reynd fyrsta skrefið sem stigið var á Íslandi í umræðu um náttúrufriðun. Hugsun hans um setningu sérlaga til stofnunar þjóðgarðs fyrir náttúruna er mun víðtækari heldur en lausfléttaðar hugmyndir Mattíasar Þórðarsonar um sama efni sex árum fyrr. Guðmundur taldi að eina leiðin væri að ríkið setti lög um stofnun þjóðgarðs á Þingvöllum. Í

⁹¹ Þröstur Sverrisson: „More than scenic wonderlands“, bls. 25.

⁹² Guðmundur Davíðsson: „Þingvellir við Öxará“, *Eimreiðin* 1913, bls. 213-214.

⁹³ Guðmundur Davíðsson: „Þingvellir við Öxará“, *Lögrétta* 1919, bls. 67.

⁹⁴ Guðmundur Davíðsson: „Friðun Þingvalla“, *Tíminn*, bls. 38.

greininni lýsir hann sögulegu mikilvægi Þingvalla fyrir þjóðina, því að þeir væru fornhelgur staður sem forfeður Íslendinga hefðu haft miklar mætur á. Jafnframt lýsti hann fegurð náttúrunnar á Þingvöllum, hvernig virtist sem náttúruöflin hafi keppt við að gera staðinn að þeim fegursta sem til væri: „Náttúrufegurð og sögufrægð Þingvalla gæti ekki verið í jafnlitlum metum hjá neinni menningarþjóð, eins og raun er á, nema Íslendingum einum.“⁹⁵ Áhersla Guðmundar á mikilvægi þess að varðveita náttúru Þingvalla er því mun skýrari en hjá Matthíasi Þórðarsyni.

Í greininni gat Guðmundur þess að þó að þjóðin gengi illa um Þingvelli þá þætti henni vænt um staðinn – þetta væri landsins hjartastaður. Þetta sæist best á því að allir sem vettlingi gátu valdið færu með erlenda gesti þangað til að sýna staðinn og að erlendir ferðamenn kæmu til staðarins sökum afspurnar. Því var eins og að þjóðin hafi ekki áttað sig á því hvernig væri best eða hvaða tæki væri hentugast að nota til að betur yrði gengið um. Þess vegna nefndi hann þjóðgarðana og hvernig starfsemi þeirra gengi fyrir sig í Bandaríkjunum.

Guðmundur tiltók nokkur helstu rök fyrir því að Þingvellir ættu að vera þjóðgarður Íslands þó ekki væri nema fyrir ræktarsemi við forfeðurna heldur einnig vegna þess að Ísland gæti orðið fremsti ferðamannastaður Evrópu. Að hans mati var náttúran „hið eina á landi hér, sem vert er að sjá, og sem mönnum þykir tilvinnandi að gjöra sér langar ferðir til að skoða.“⁹⁶ Reyndar skrifaði hann einnig að það væri lítil ræktarsemi við fortíðina að tína upp fáar ómerkilegar fornleifar en láta varðveislu frægasta sögustaðarins skeika að sköpuðu.⁹⁷ Síðastnefnda sjónarmiðið er akkúrat öfugt við það sem Matthías Þórðarson hélt fram en hann hafði fyrst og fremst hugsað náttúrufríðunarlæg sem taglhnýting við fornminjalögin. En vegna þess hve einstakur staður Þingvellir var væri ekki ólíklegt að þeir gætu fært þjóðinni töluverðan gjaldeyri. Benti hann því til stuðnings á þjóðgarðsstofnun í Sviss, en þar var ein ástæðan tiltekin að fá fleiri ferðamenn til landsins.⁹⁸

Guðmundur taldi að stærð þjóðgarðsins á Þingvöllum skipti talsverðu máli: „Mætti hið afmarkaða svæði eigi minna vera en svo, að það tæki yfir hraunið allt milli Almannagjár og Hrafnagjár.“ Síðan segir að innan „þessara takmarka ætti þá að vera griðastaður öllum jurtagróðri, fuglum og eggjum þeirra, og jafnvel hreindýrum og öðrum villidýrum, ef þau mætti nokkur geyma.“⁹⁹ Guðmundur skipti síðar um skoðun varðandi innflutning á dýrum eða plöntum, þegar hann virðist kynnast því hvernig þjóðgarðshugmyndin í Bandaríkjunum

⁹⁵ Guðmundur Davíðsson: „Þingvellir við Öxará“, *Eimreiðin* 1913, bls. 211.

⁹⁶ Sama heimild, bls. 215.

⁹⁷ Sama heimild, bls. 211.

⁹⁸ Sama heimild, bls. 212.

⁹⁹ Sama heimild, bls. 213.

þróaðist á árunum milli 1913 og 1919, þá staðfestist hugmynd hans um algera dýrafriðun og þar á meðal meintan vágast refinn. Átti hugsanleg refafriðunin innan Þingvallabjórðgarðs eftir að kosta talsverða gagnrýni. Sjálfur taldi Guðmundur að stærð Þingvallabjórðgarðar gjáa á milli væri varla tiltökumál, ekki nema um 25 ferkílómetrar. Taldi Guðmundur að ef miða ætti hlutfallslega fjölda og stærð þjórðgarða í Bandaríkjunum við stærð Íslands ættu þjórðgarðar að þekja 360 ferkílómetra hér á landi.¹⁰⁰

Markmið Guðmundar var kannski best mörkuð í riti hans *Náttúruvernd* sem hann gaf út 1932. Þar lýsti hann ánægju með friðun Þingvalla:

Friðhelgi Þingvalla á að skapa þar grið öllum villigróðri og villtu dýralífi. En því aðeins getur þetta orðið að náttúran fái að njóta þar fullkominnar verndar. En hvers vegna er verið að stofna til þessarar friðunar, munu margir spyrja. Eiga ekki mennirnir að lifa á því sem náttúran framleiðir á Þingvallalandi, sem annarsstaðar?¹⁰¹

Guðmundur svaraði sjálfum sér um hæl: „Það er sitthvað rán eða ræktun.“¹⁰² Og nefndi í því samhengi örlög geirfuglsins og svipað myndi fara fyrir Þingvöllum ef áfram yrði gengið á höfuðstólinn.¹⁰³

Guðmundur virðist hafa náð að hrífa einhverja með sér, í það minnsta birtust tvær greinar þar sem minnst er á jákvæðan hátt á þjórðgarðshugmynd Guðmundar. Annars vegar var þar grein Sveins Sigurðssonar árið 1924, þó hann skautaði nú frekar létt yfir hugmyndina en hélt frekar á lofti hugmyndum um endurreisn Alþingis á Þingvöllum.¹⁰⁴ Hins vegar var það Magnús Jónsson, þingmaður og dósent við Háskóla Íslands, sem skrifaði grein sem hét „Þingvallahreyfingin“ árið 1923. Til þess að staður mætti vera þjórðgarður hér á Íslandi fannst honum staðurinn þurfa búa yfir eftirfarandi eiginleikum:

Þar þarf að vera náttúrufegurð frábær og helst einkennileg, og oft ræður hún mestu. Þar þurfa að vera skilyrði eins og um er að gera í því landi fyrir ræktun skógar og annars, sem þrýða má staðinn og gera hann vistlegan. Og þá skaðar ekki að fornar minningar séu við staðinn tengdar.¹⁰⁵

¹⁰⁰ Guðmundur Davíðsson: „Þjórðgarðar“, bls. 289.

¹⁰¹ Guðmundur Davíðsson: *Náttúruvernd*, I. bók, bls. 5.

¹⁰² Sama heimild, bls. 5.

¹⁰³ Sama ri, bls. 6.

¹⁰⁴ Sveinn Sigurðsson: „Að Lögbergi“, bls. 19.

¹⁰⁵ Magnús Jónsson: „Þingvallahreyfingin“, bls. 95.

Og allt þetta taldi Magnús að Þingvellir hefðu og meira til. En þó taldi hann mikilvægt að fá á svæðið Lýðháskóla. Hugmynd sem tengdist friðun kannski ekki nógu vel enda með tilheyrandi byggingum og jarðraski.

Þótt það væri góðra gjalda vert að fá þjóðgarð eða að friða nokkra spildu á Þingvöllum sjálfum var það útfærsla Guðmundar sjálfs á svæðinu sem féll bændum og ýmsum öðrum, sem töldu að fyrirtækið gæti orðið full stórt fyrir litla og fátæka þjóð, ekki í geð. Hugmyndir Guðmundar beindust einkum gegn tvenns konar hugsun sumra landsmanna á þessum tíma. Annars vegar var það bændahugsjónin og hins vegar framleiðsluhugsun, þ.e. að landið þyrfti að framleiða sem mest til að fá sem mest fé inn í landið. Þar sem menn voru ekki alveg á því að ferðamannaíðnaður yrði stór hér á Íslandi, enda fátt sem benti til þess að svo yrði, voru margir þeirrar skoðunar að fleiri bændabýli þyrfti til framleiðslu. Þar af leiðandi væri það fásinna að leggja niður einhver þrjú býli. Gagnrýnisraddir vöknudu því lengra sem ríkisstjórnin gekk í friðunarmálum Þingvalla.

Þingvallanefnd Stúdentafélags

Tilurð nefndarinnar og áhuga Stúdentafélagsins á málinu má rekja í fundargjörðarbók félagsins. Hinn 6. desember 1918 var Guðmundur Davíðsson fenginn til að halda fyrirlestur um „Þingvöll við Öxará“. Þar sagði Guðmundur að vel flest væri í algjörri niðurníðslu á svæðinu og taldi hann lausnina vera þá að „láta girða hann [Þingvöll] og friða og koma þar upp þjóðgarði, eins og víða tíðkaðist í Vesturheimi.“ Aðrir sem tóku til máls voru Guðmundur Finnbogason prófessor, Matthías Þórðarson fornminjavörður og Gunnar Sigurðsson. Niðurstaða fundarins var að kjósa nefnd sem átti að fjalla um málið og í hana voru kosnir áðurnefndir menn sem tóku til máls.¹⁰⁶ Frá þeirri nefnd virðist hafa komið tillaga um stofnun annarrar nefndar eins og má sjá í bréfi dagsett þann 25. maí 1919:

Fyrir hönd Þingvallanefndarinnar, er 11 fjelög hjer í bæ hafa kosið fulltrúa til fyrir forgöngu Stúdentafélagsins leyfum vjer undirrituð stjórn nefndarinnar oss hjer með að fara þess á leit við hið háa Stjórnarráð að settur sje umsjónarmaður á Þingvöllum frá miðjum júní til miðs septembers næstkomandi, með sjerstöku erindisbréfi og lögregluvaldi til að vernda staðinn fyrir skemmdum og ágangi.¹⁰⁷

Í nefndinni sátu 12 menn og var formaður hennar Pálmi Pétursson yfirkennari við Menntaskólann í Reykjavík. Aðrir stjórnarmenn, sem settu nafn sitt undir bréf frá

¹⁰⁶ Lbs. 753 fol. Gerðarbók Stúdentafélagsins 1915 – 1935, 6. desember 1918.

¹⁰⁷ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438.

Þingvallanefndinni, voru þeir Guðmundur Finnbogason og Matthías Þórðarson. Þrátt fyrir töluverðan kraft í starfi nefndarinnar til að byrja með virðist hún hafa lognast út af eftir fráfall Pálma yfirkennara árið 1920. Í það minnsta verður hennar ekkert meira vart.

Til eru tvö bréf frá nefndinni til stjórnarráðsins en bæði leggja þau áherslu á hroðalega umgengni Íslendinga um Þingvöll og sárnar bréfriturum niðurlæging staðarins. Í bréfinu stendur að þeir séu þó ekki fyrstir til að nefna hina slæmu umgengni heldur hafi áður birst greinar blöðum þar sem beðist er úrbóta. Vitnar nefndin þar í greinar eftir Guðmund Davíðsson í *Lögrjettu* og *Tímanum*, án þess þó að getahöfundarins. Í bréfasendingum nefndarinnar kom fram ekki ósvipuð setning og Guðmundur Davíðsson hafði í sinni fyrstu grein 1913: „Fáar þjóðir gætu horft á aðra eins niðurníslu á fornhelgum söguminjum og fornleifum í sínu landið eins og Íslendingar eru sjónarvottar að á Þingvöllum, án þess að blygðast sín ...“.¹⁰⁸ Taldi nefndin jafnframt að fyrir tilvernað slæmrar umgengni fengi náttúran á sig hirðuleysisblæ, fólk skemmdi gróður og fallega bletti með því að fleygja rusli: matarleifar, kassabrot, flöskur heilar og brotnar væru skildar eftir. Þrátt fyrir illa umgengni töldu nefndarmenn að þjóðin væri stolt af Þingvöllum sem sæist best á því að þangað drifi fólk gesti sína, hvort sem er erlenda eða innlenda. Því væri það fyrsta og allra nauðsynlegasta úrræði að koma á fót umsjónarmannsembætti með lögregluvaldi. Mælti nefndin þá sérstaklega með Guðmundi Davíðssyni „hvern vjer teljum best fallin til að taka umsjónarstarfið að sjer ...“. Nefndin tók fram í lok bréfsins að hún ætlaði að koma með víðtækari tillögur seinna. En fleiri bréf bárust þó ekki frá Stúdentafélaginu til stjórnarráðsins.¹⁰⁹

Guðmundur Davíðsson staðfestir í grein í *Tímanum* sem birtist árið 1926, að starf Þingvallanefndar Stúdentafélagsins hafi lognast út af í kjölfar þess að Pálmi Pétursson lést. Hann benti einnig á að þingsályktun frá 1919, sem var borin fram af Jörundi Brynjólfssyni og samin af Þingvallanefnd Stúdentafélagsins, hafi verið einróma samþykkt. Hann kvartaði þó undan því að lítið hafi verið unnið eftir henni.¹¹⁰

Þingsályktunartillaga 1919

Þingsályktunartillagan var lögð fram til umræðu á Alþingi 30. ágúst 1919. Þá þegar hafði talsverð umræða verið um umgengni í grennd við Þingvelli, þar á meðal bréfasendingar þær sem áður hefur verið vitnað til frá séra Jóni Thorstensen, Jóni Guðmundssyni vert í Valhöll, Ungmennafélaginu Ármanni, Þingvallanefnd Stúdentafélagsins og svo greinar í blöðum þar

¹⁰⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438.

¹⁰⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438.

¹¹⁰ Guðmundur Davíðsson: „Verður Þingvöllum bjargað?“, bls. 54.

sem þó Guðmundur Davíðsson var talsvert áberandi. Þingsályktunartillagan var samþykkt með þrettán samhljóðandi atkvæðum og voru helstu ákvæði hennar eftirfarandi:

1. Að láta rannsaka girðingastæði og girðingarkostnað umhverfis svæðið frá Þingvallavatni milli Almannagjár og Hrafnagjár niður á móts við Ármannsfell og Hrafnabjörg.
2. Að rannsaka, á hvern hátt heppilegast yrði fyrir komið að afnema búfjárrækt og ábúð á býlunum Hrauntúni, Skógarkoti og Þingvöllum ásamt Vatnskoti.
3. Að koma í veg fyrir, að einstakir menn eða fjelög reisi sumarbústaði eða nokkur önnur skýli á svæðinu, sem í 1. lið getur.
4. Að skipa umsjónarmann á Þingvöllum yfir sumarið, er gæti þar góðrar reglu.
5. Að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um friðun Alþingisstaðarins forna við Öxará, að með töldu umhverfi hans, er æskilegt þykir að friða.¹¹¹

Í greinargerð með frumvarpinu voru færð svipuð rök fyrir nauðsyn þess að friða Þingvelli og áður höfðu birst. Þetta væri staður sem hefði mikla helgi meðal forfeðra þjóðarinnar. Það væri sómi þjóðarinnar að varðveita staðinn eftir bestu getu og honum hefði farið ört hnignandi undanfarin ár vegna slæmrar umgengni. Býlin hefðu verri afkomumöguleika en áður þar sem gróðri færi aftur vegna ofbeitar sem sæist best á því að þar væru færri býli en áður, málflutningur sem óneitanlega svipaði til orðræðu Guðmundar Davíðssonar. Einnig væru framtakssamir menn byrjaðir að reisa „kofahjalla“ [sumarbústaður] á staðnum sem spilltu gróflega útliti staðarins. Framsögumenn frumvarpsins töldu það lítið mál að girða í kringum fyrirhugað svæði þar sem það væri að stórum hluta sjálfgirt, þ.e. stærðin væri 25500 stikur, 17000 stikur væru sjálfgirtar og því þyrfti einungis að girða um 8000 stikur.¹¹² Enn fremur sagði: „Þess vegna er það sómi þjóðarinnar, að þessi staður beri ekki vott um ræktarleysi. Þennan stað ber okkur að vernda og prýða.“

Helstu mótrök þingmanna komu annars vegar frá Einari Jónssyni þingmanni Rangæinga og hins vegar frá Pétri Ottesen þingmanni Borgfirðinga. Einar taldi að verkefnið ætti vissulega rétt á sér en ekki á þeim tíma sem það kom fram sökum þess að mörg önnur stór, brýn og kostnaðarsöm mál ættu hugsanlega eftir að ná fram að ganga á næstunni. Nefndi Einar í því sambandi hugsanlega tímabæra launahækkun embættismanna, stofnun hæstaréttar og þó hann neitaði ekki þörf á endurbótum á Þingvöllum þá fannst honum „það hart að láta strika út úr fjárlögunum nauðsynleg útgjöld til brúa og vegagerða fyrir annað eins og þetta.“ Taldi hann „rjettara eins og nú er þröngt um fjárhaginn, að sleppa þá heldur að strika út þörfustu

¹¹¹ *Alþingistíðindi* 1919 A II, bls. 533 og 1163.

¹¹² *Alþingistíðindi* 1919 A II, 533, bls. 1164.

samgöngutækin, en láta Þingvöll eiga sig fyrst um sinn.“¹¹³ Einar sagði síðar í umræðunni að þetta væri einkum spurning um tímasetningu á þessum aðgerðum: friðun yrði þegar á allt væri litið mjög kostnaðarsöm því að niðurlagning jarðanna væri dýr og gera þyrfti upp við prestinn, bæði launamál og hvað annað hann gæti gert. Framkvæmdin myndi óhjákvæmilega koma niður á öðrum, því væri verkefnið ekki tímabært.¹¹⁴

Pétur Ottesen þingmaður sagði aftur á móti að annar liður ályktunarinnar, um niðurlagningu býla á svæðinu, bæri vott um óþjóðhollustu. Ef ábúð færi illa með skóginn þyrfti að sitja reglur um meðferð svæðisins en ekki leggja niður búsetu því:

Það er uppi sú stefna, að fjölga beri fremur en fækka býlum, og er þá einkennilegt að heyra almennt tal um að leggja búsældarjarðir í eyði. Við verðum að gera allt til að framleiða sem mest, en láta ekki loftkastalamenn og ímyndaðan þjóðarrembing hlaupa í gönur með menn til þess, sem miðar að því, að minka framleiðsluna að óþörfu.¹¹⁵

Hvað varðaði þá ályktun Guðmundar Davíðssonar að nú væri færra fé en áður taldi Pétur Ottesen að bændur kæmst af með minni bústofn vegna betri meðferðar á skepnunum. Sagði hann þó líkt og bændur í nágrenni Þingvalla héldu fram og fleiri:

En það, sem aðallega skemmir landið á Þingvöllum og kemur óvirðingu á þennan fornhelga stað, eru kaupstaðarbúarnir, sem gera sjer nú mjög tíðkvæmt á Þingvöll. Það verður að hafa eftirlit með framferði þeirra þar, og vil jeg engan veginn mæla á móti því, að eitthvað sje gert til að vernda Þingvöll fyrir þessum aðkomulýð.¹¹⁶

Þeir sem voru fylgjandi friðun töluðu einkum um sóma þjóðarinnar og um einstæða merkingu Þingvalla í hugum landsmanna. Einar Arnórsson prófessor og þingmaður Árnesinga var hlynntur ályktuninni, og vildi hann að löggæsluvald fylgdi embættinu sem gerði þá viðkomandi kleift að sekta. En ekki var nóg að um staðinn væri vel gengið, því helst ætti ekkert að breyta honum og hefði aldrei átt að fara í að byggja þar hús og brú eða leggja um hann veg, því Þingvellir ættu að vera sem líkastir því sem þeir voru á þjóðveldisöld. Gagnrýndi Einar því fyrri framkvæmdir: „Þessi staður átti að liggja óhreyfður, annað væri ósæmandi.“¹¹⁷ Einar bjóst ekki við að hægt yrði að hreinsa upp veginn án þess að vegsummerki sæjust. Ennfremur gagnrýndi Einar byggingu allra húsa á svæðinu, hvort sem var Konungshússins, Valhallar eða

¹¹³ *Alþingistíðindi* 1919 B I., d. 2267.

¹¹⁴ Sama heimild, d. 2274-2275.

¹¹⁵ Sama heimild, d. 2271.

¹¹⁶ *Alþingistíðindi* 1919 B I., d. 2272.

¹¹⁷ Sama heimild, d. 2268.

sumarbústaða og sagði: „Nú eru einstakir menn að reisa þarna sumarbústaði, og hljóta þeir að hafa fengið leyfi til þess. En alt þetta er óvirðing og óþrýði á staðnum.“¹¹⁸ Einar endaði röksemdafærslu sína með því skjóta á „framleiðslusinna“:

Það getur verið, að svo fari um fleiri örnefni, sem merk eru, bæði þarna og á öðrum stöðum. Þjóð sem vill halda áfram að vera sjerstök þjóð, getur ekki látið sjer nægja að framleiða smjör, kjöt og fisk. Það er vitanlega nauðsynlegt, en hitt er ekki síður nauðsynlegt, að vita deili á fortíð sinni, því á henni verður framtíðin að byggjast.¹¹⁹

Jörundur Brynjólfsson flutningsmaður ályktunarinnar taldi að kostnaðurinn yrði hóflegur, því að jarðir yrðu einungis lagðar niður þegar þær losnuðu úr ábúð og yrðu ekki byggðar aftur. Jafnframt hafði hann fulla trú á áhuga bænda Þingvallasveitar í þessu máli eins og sést gjörlla á ummælum hans: „En jeg get frætt hv.[hæstvirtan] þm. [þingmann] á því, að sjálfir ábúendur jarðanna skilja þetta mjög vel og munu fúsir að standa upp frá jörðum sínum, þegar þess verður krafist. En auðvitað verður að þókna þeim fyrir það.“¹²⁰ Í svipaðan streng tók Sigurður Sigurðsson sem sagði að honum vitanlega væru bæði hreppstjórinn í Hrauntúni, Jónas Halldórsson, og bóndinn í Skógarkoti, Jóhann Kristjánsson, fylgjandi þessari ályktun. Sigurður benti svo á að ef ekki mætti nýta skóginn vegna sérstakrar lagagreinar þar um, að þá væri búsetu sjálfhætt á svæðinu.¹²¹

Í umræðunni greindi Jón Magnússon forsætisráðherra frá því að hann hefði fengið um vorið talsvert af bréfum, sem áður hefur verið greint frá, um nauðsyn þess að stofna til gæslu á svæðinu. Jón greindi frá því að hann teldi sér ekki fært að koma slíku embætti á fót sökum fjárskorts og þess að gæslu- og umsjónarmál Þingvalla lytu undir þjóðminjavörð. Jón taldi að viðvera lögreglu yrði of dýr sökum þess að þá þyrfti að hafa tvo menn á staðnum: einn sem hefði löggæsluvald en annan sem hirti um umsjón svæðisins. Hugnaðist Jóni því betur að láta á það reyna að fá einn duglegan einstakling í umsjónarmannsstarfið, það væri nóg að hans mati.¹²²

Ekki voru allir á eitt sáttir með þingsályktunartillöguna þótt hún gengi í gegnum seinni umræðu í efri deild þingsins án mótaskvæða. Allir aðilar sem höfðu kvartað undan slæmri umgengni á Þingvöllum voru sammála um nauðsyn þess að fá umsjónarmann og því komst embættið fyrr á legg en aðrar umbætur. Deilur snerust því að mestu leyti um kostnað við

¹¹⁸ Sama heimild, d. 2268.

¹¹⁹ Sama heimild, d. 2269-2270.

¹²⁰ Sama heimild, d. 2269-2274.

¹²¹ Sama heimild, d. 2272.

¹²² *Alþingistíðindi* 1919 B I., d. 2267-2268.

stofnun þjóðgarðsins, girðingu hans, niðurlagningu býla, skaðabótagreiðslur, umhirðu og ráðningu embættismanns, stærð svæðisins og síðan hvernig menn sáu fyrir sér að þjóðgarðurinn yrði þá með það í huga hvort öll dýr væru friðuð eða hvort bannað yrði að reisa þar nokkurs konar byggingar.

Umsjónarmannsstaðan hin fyrri 1920-1923

Í kjölfar samþykktar þingsályktunartillögunnar fól Jón Magnússon forsætisráðherra Matthíasi Þórðarsyni fornminjavörð að gefa álit á henni og tillögum Þingvallanefndar Stúdentafélagsins. Matthías, sem hafði átt þátt í því að koma þingsályktunartillögunni á framfæri, þar sem hann sat í stjórn Þingvallanefndarinnar, skrifaði:

Án þess að jeg geti tjáð mig hlynntan uppástungunni um þennan „þjóðgarð“, svo sem hann hefur verið fyrirhugaður, verð jeg að mæla mjög með því að hið umrædda svæði verði verndað fyrir eyðileggingu svo vel sem kostur er á.¹²³

Matthías taldi að það þyrfti að huga að skóginum sem hafði minnkað verulega en hann væri þó nauðsynlegur fyrir ábúendur á svæðinu, það nauðsynlegur að ekki væri mögulegt að búa þar án þess að nýta hann. Taldi Matthías að sauðfjárbættin sjálf gerði lítinn skaða en aftur á móti væri skógurinn óhóflega rifinn og höggvinn til eldiviðarnotkunar af bændum. Því færi það illa saman að reyna að halda þarna uppi fallegum skógi og ábúendum á jörðinni. Hvað liði ytra útliti þingstaðarins, og þar vísaði Matthías til þriðja liðar þingsályktunartillögunnar, taldi hann nauðsynlegt að hindra menn í að reisa sér bústað í næsta nágrenni og því þyrfti að áréttta það við ábúendur Þingvallajarða og hjáleigna, jafnframt sitja lög um það að ekki mætti án samþykkis stjórnarráðsins leyfa byggingu sumarbústaða á svæðinu.¹²⁴

Ennfremur taldi Matthías að ekki mætti byggja jarðirnar til langs tíma ef þær skyldu losna úr ábúð og þá helst að leggja þær í eyði þegar þær losnuðu og ef það væri gert þyrfti vart að girða. En þar sem nú væri enn búið þyrfti að ráða þar umsjónarmann sem yrði með erindisbréfi: „gjört skylt að verja þingstaðinn og að minnsta kosti nálægasta umhverfi hans fyrir öllum skemdum af mannavöldum og skepna meðan hann er á staðnum.“ Ennfremur ef umsjónarmaðurinn væri nógu duglegur taldi Matthías óþarft að girða. Taldi hann jafnframt sjálfsagt að ráðinn yrði umsjónarmaður fyrir næsta sumar.¹²⁵

Guðmundur Davíðsson sendi bréf til stjórnarráðsins vegna samþykktar þingsályktunartillögunnar vorið 1920 og bauð fram krafta sína í gæslu um sumarið meðan á þyrfti að halda og taldi sjálfur það vera mánuðina frá 1. júlí til 1. október. Vildi hann fá 100

¹²³ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 538. Fornminjavörður Íslands, álit vegna friðunar Þingvalla.

¹²⁴ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 538. Fornminjavörður Íslands, álit vegna friðunar Þingvalla.

¹²⁵ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 538. Fornminjavörður Íslands, álit vegna friðunar Þingvalla.

krónur á viku í laun, auk fæðis, húsnæðis, flutnings og símtala. Guðmundur virðist hafa verið eini umsækjandi þar sem engin önnur umsóknarbréf eru geymd í þessum skjölum stjórnarráðsins. Fékk Matthías umboð frá Jóni Magnússyni til þess að ganga frá samningum við Guðmund.¹²⁶ Samið var um að hann fengi um 600 krónur fyrir tvo mánuði (júlí og ágúst), en hann átti sjálfur að skaffa sér fæði og húsnæði. Jafnframt því sem Matthías tilkynnti stjórnarráðinu að hann hefði samið við Guðmund sendi hann frá sér drög að reglum staðarins og erindisbréfi umsjónarmannsins, en þetta hafði hann samið að ósk stjórnarráðsins.¹²⁷

Fyrstu reglurnar um Þingvelli voru í átta greinum. Fyrsta greinin kvað á um að: „Þingvellir, ásamt svæðinu umhverfis þá og gjánum beggja vegna við þá, skulu friðhelgir.”¹²⁸ Staðurinn átti að vera undir vernd allra gesta staðarins en jafnframt á sumrin yrðu þeir í umsjón sérskipaðs umsjónarmanns. Takmörk þess svæðis þar sem fyrst um sinn var lýst friðhelgi voru:

Að útnorðan Almannagjárhamar hinn hærri: að landsunnan barmarnir eystri á Flosagjá og Nikulásargjá, Seiglugjá, Túngjá og Fjósagjá til Þingvallavatns, að útsunnan stefna frá Hakinu við Kárastaðastíg og sunnanvert við Þingvallatún: að landnorðan stefna frá götuskarðinu í Almannagjárhamrinum eystri, norðan við gróðrastöðina, og yfir í landnorðurenda Flosagjár¹²⁹

Í raun var því svæðið sem fyrst um sinn var friðað ekki miklu stærra en þinghelgin sjálf en þó með efri og neðri Völlum.

Önnur grein reglnanna kvað á um að allt jarðrask, hrísrif og lyngrif væri bannað og ennfremur var beit á tünnum bönnuð frá 15. júní til 15. september. Hestaumferð átti að fara meðfram vegum eða hestar geymdir í sérstakri hestarétt.

Samkvæmt þriðju grein átti umsjónarmaður að ákveða hvar og hvort fólk fengi að reisa tjöld og fólk átti að hreinsa rusl eftir sig. Í fjórðu grein var svo kveðið á um að bannað væri að kveikja eld á bersvæði og átti fólk að fara varlega með allt sem eldhætta gæti stafað af svo sem eldspýtur eða vindla. Í fimmta lagi átti fólk að ganga vel um, bannað var að henda rusli. Í sjöttu grein var tekið á allri óreglu og mátti umsjónarmaður vísa mönnum á braut ef þeir voru ölvaðir og skyldi engin háreysti vera að næturlagi eða óþörf umferð. Í sjöundu og áttundu grein var kveðið á um að menn ættu að öðru leyti að haga sér samkvæmt fyrirmælum umsjónarmannsins og þeim reglum sem settar yrðu um einstök

¹²⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438.

¹²⁷ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438.

¹²⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Reglur fyrir umferð og dvöl á Þingvöllum. Frumvarp fornminjavarðar, bls. 1.

¹²⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Reglur fyrir umferð og dvöl á Þingvöllum. Frumvarp fornminjavarðar, bls. 1.

atriði. Menn áttu síðan að geta snúið sér til umsjónarmannsins með allar umkvartanir og gera það áður en þeir færu.¹³⁰

Erindisbréf umsjónarmannsins taldi sjö greinar í það heila. Fyrsta greinin kvað á um að umsjónarmaðurinn dveldi að staðaldri mánuðina júlí og ágúst á Þingvöllum og hefði gætur á öllu og kynnti öllum sem á Þingvöll kæmu reglur þær sem stjórnarráðið hafði sett eins og honum var unnt. Í annarri grein er kveðið á um að umsjónarmaðurinn hefði gætur með vegum og brúm á staðnum og léti vegamálastjóra vita ef eitthvað væri að. Í þriðju grein kemur fram að umsjónarmaðurinn væri fornminjaverði til aðstoðar við þau verkefni sem fornminjavörður lætur framkvæma á Þingvöllum og líti eftir framkvæmdum í fjarveru hans. Í fjórðu grein er greint frá eftirlitshlutverki umsjónarmanns með Konungshúsinu og að hann eigi að láta fornminjavörð vita ef umbóta er þörf á húsnæðinu. Í fimmtu grein kemur fram leiðbeiningarskylda umsjónarmannsins gagnvart gestum staðarins. Skyldi hann hjálpa gestum staðarins, leiðbeina um staðinn, gefa upplýsingar um örnefni og sögu svo lengi sem hann hefur tök á „án verulegrar fyrirhafnar“.¹³¹

Í sjöttu grein er kveðið á um að umsjónarmaður ætti að halda gjörðarbók um störf sín og öll erindi sem hann innti af höndum eða bærust, þá meðal annars kvartanir, brot á reglum eða fleira. Í sjöundu grein er þess getið að í embættið væri ráðið til eins sumars í senn, en með tíu daga fyrirvara gæti stjórnarráðið sagt viðkomandi upp vistinni eða hann sagt sig úr henni. Þar er og launakjara umsjónarmanns getið.¹³²

Sumarið 1920

Eins og áður greinir frá þá er helsta heimildin um starf umsjónarmannsins einmitt þær skýrslur sem Guðmundur Davíðsson skilaði til stjórnarráðsins í lok hvers sumars.

Í byrjun hverjar skýrslu greindi Guðmundur frá þeim verklegu framkvæmdum sem hrint var í gang. Fornminjavörður réð yfir þriggja manna vinnuhópi sem vann að því þá um sumarið að setja rusl og mold ofan í dældir á Völlunum og slétta svo yfir. Það sumarið sléttuðu þeir samtals 1600 fermetra. Enn fremur hreinsuðu þeir burtu 30-40 hestvagna af rusli sem hafði safnast saman undanfarin ár. Vertinum var ætlað að halda hreinu í kringum Valhöll en

¹³⁰ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Reglur fyrir umferð og dvöl á Þingvöllum, frumvarp fornminjavarðar, bls. 2-3.

¹³¹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Erindisbréf handa umsjónarmanni á Þingvöllum, frumvarp fornminjavarðar, bls. 2.

¹³² Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Erindisbréf handa umsjónarmanni á Þingvöllum, frumvarp fornminjavarðar, bls. 1-3.

umsjónarmaður átti að sjá um afganginn. Af því tilefni voru keyptar fjórar tómar steinolíutunnur og settar upp á stöðum þar sem líklegt var talið að fólk borðaði á.¹³³

Guðmundur Davíðsson setti áður greindar reglur um friðun Þingvalla upp á tveimur stöðum úti við alfaraveg og á þremur stöðum í Valhöll, einum í veitingatjöldunum og loks var prestinum, séra Jóni Thorstensen, afhent eitt eintak. En hann lét sér nægja að skýra fyrir bændum á hraunbýlunum að beitarbann væri á Völlunum í júlí og ágúst. Tók Guðmundur Davíðsson fram í skýrslunni að bæði bændum og presti, fyndist gengið mjög nærri rétti þeirra til að nýta svæðið. Ætlaði prestur þó að reyna að reka gripi sína eftir vegum gegnum friðaða svæðið án þess að beita það. Þó virðist presturinn ekki hafa haft tök á því né nennu til að sinna þessu út allt sumarið þar sem hann hætti þessu. Bar presturinn upp við Guðmund að hann hefði ekki fólk til þessa og að hann ætti rétt á að beita Vellina þar sem þeir fylgdu Þingvallalandi. Hættu hraunbændur þá að fara eftir reglunum þar sem þeir höfðu óskiptan beitarrett á við Þingvallajörð. Guðmundur tók undir sjónarhorn prestsins, að landið væri ekki með lögum tekið af honum, og því gæti hann sem umsjónarmaður ekki amast við skepnum prestsins.

Hvað frekari samskipti Guðmundar við bændur og prest varðaði þá reyndi Guðmundur að fylgjast vel með lyng- og hrísrifi á staðnum og að hans sögn átti það sér ekki stað innan friðaða svæðisins á Völlunum. Þó gátu gestir tekið sér skógar- og viðarhrislur fyrir utan það og ef Guðmundur amaðist við því sagðist það hafa leyfi einhvers hraunbóndans. Reyndi Guðmundur að fá prest til að banna slíkt en það komst aldrei í framkvæmd.

Guðmundur taldi að meðan búfjárrækt væri rekin í hrauninu yrði erfitt að verja vellina þar sem aðalvegurinn milli bæja liggja í gegnum þá og þó hann reyndi að verja vellina eftir föngum þá sótti sauðféð á vellina vegna þess að það var ekki rekið til fjalla eða í afrétt.¹³⁴ „Um algerða friðun getur því tæpast verið að ræða fyrr en búfjárrækt er numin burtu af hraunbýlunum og allt hraunið gert að einu friðhelgu svæði.“¹³⁵

Alvarlegasti árekstur Guðmundar Davíðssonar varð við vert Valhallar, Jón Guðmundsson bónda á Brúsastöðum. Helsta ástæðan deilnanna var ágreiningur þeirra um hvernig ætti að fá því framgengt að halda uppi ró og næði á staðnum. Guðmundur nefndi að Jón Guðmundsson hafi verið einn þeirra sem hafi beðið um að fá umsjónarmann. „En þó

¹³³ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Skýrslur frá umsjónarmanni á Þingvöllum sumarið 1920, bls. 1 og 5.

¹³⁴ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Skýrslur frá umsjónarmanni á Þingvöllum sumarið 1920, bls. 1-3.

¹³⁵ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Skýrslur frá umsjónarmanni á Þingvöllum sumarið 1920, bls. 2.

reyndist það svo, þegar á átti að herða, að vertinn mat meira hagnaðinn af gestakomunni í sumar en regluseminna í gistihúsinu.¹³⁶

Þeir virðast þó, samkvæmt skýrslunni, hafa náð samkomulagi til að byrja með um að loka Valhöll fyrir gestum sem komu akandi úr Reykjavík klukkan hálf tólf að kvöldi og Jón Guðmundsson auglýsti nýja opnunartímamann í blaði í Reykjavík og á útidyrum Valhallar. Guðmundur tók að sér að loka húsinu á tilsettum tíma. Stuttu seinna var tvisvar sinnum neitað að taka á móti akandi vegfarendum frá Reykjavík. Guðmundur nefndi síðan í skýrslu sinni: „Þess varð eg brátt vís að áfengisnautn gesta mundi valda einna mestri óreglu í gistihúsinu, enda bar öllum saman um að svo mundi vera, sem þektu þar ástandið undanfarin ár.“¹³⁷ Guðmundur taldi að erfitt yrði að koma í veg fyrir þetta athæfi þar sem vertinn vildi ekki styggja gesti sína og meina þeim að neyta víns eða koma með það. Gerði Guðmundur því sjálfur upptækt áfengi í eitt skipti og skilaði skýrslu þar að lútandi.

Þannig tók hann áfengi af Jakobi Hausten heildsala þann 20. júlí sem hafði komið ríðandi töluvert ölvaður kvöldið áður. Daginn eftir fór Jakob að hella víni úr einni flösku í pela. Guðmundur greinir frá því að hann hafi séð fleiri flöskur standa upp úr hnakktöskunni. Hann spurði Jakob hvort hann væri með vín og Jakob sagði að hann hefði vín til eigin afnota og að læknisráði. Guðmundur kvað þetta vera ólöglegan vínflutning, enda vínbann á Íslandi á þessum árum. Hann kvaddi sér þrjá menn til vitnis og gerði fjórar flöskur upptækar í krafti umsjónarmannsembættis síns. Jakob lýsti Guðmund þjóf og hótaði lögsókn. Hringdi hann í Guðmund Eggerts sýslumann á Selfossi sem kom daginn eftir og taldi að Guðmundur hefði ekki vald til að taka vín af fólki. Guðmundur svaraði því til að það væri í hans verkahring að halda uppi reglu og ró á Þingvöllum.¹³⁸ Lítið varð þó úr málinu og sést á bréfaskriftum milli stjórnarráðs og lögreglustjórans í Reykjavík í janúar og febrúar mánuði 1921 að stjórnarráðið taldi ekki ástæðu til að kanna kærana frekar og heyrist ekki meira af henni.¹³⁹

Guðmundur taldi að einhver ávinningur hefði verið af þessari vintöku sinni því hann þóttist merkja eftir þetta að fólk veigraði sér frekar við því að koma með áfengi á Þingvöll. Kvartaði hann þó undan valdaleysi sínu í þessum málum og að gestir nýttu sér aðstæður ef vertinn væri hallur undir eða afskiptalaus gagnvart óreglusemi. Rakst Guðmundur á það nokkrum sinnum þegar fylleri átti sér stað í Valhöll, að fólk bar fyrir sig loforð vertisins um að

¹³⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Skýrslur frá umsjónarmanni á Þingvöllum sumarið 1920, bls. 5.

¹³⁷ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Skýrslur frá umsjónarmanni á Þingvöllum sumarið 1920, bls. 6.

¹³⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Skýrslur frá umsjónarmanni á Þingvöllum sumarið 1920, bls. 6-8.

¹³⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438.

það mætti skemmta sér. Gerðist þetta að minnsta kosti tvisvar, og í annað skiptið var Jón Guðmundsson með drykkjufólkinu og hleypti inn á hótelið fleira ölvuðu fólki. Guðmundur Davíðsson tók Jón tali daginn eftir og sagði honum að þetta hefði verið brot á reglum og umsömdum lokunartíma. Jón Guðmundsson sagðist ekki vilja fæla fólk frá og að þar sem þetta yrði líklegast hans síðasta sumar með Valhöll vildi hann ekki lengur gegna umsömdum lokunartíma. Og „höfðu þá engir svefnfrið í húsinu, sem fyrir voru, þegar slíkt kom fyrir.“¹⁴⁰ Ennfremur lenti Guðmundur í því þann 22. ágúst að tilmælum hans var ekki hlýtt þegar hann reyndi að vísa ölvuðum manni frá Þingvöllum. Taldi Guðmundur því þurfa bæði að auka vald umsjónarmannsins, annaðhvort með sektarvaldi eða geta kvatt fólk til sér til aðstoðar við gæsluna. Ennfremur vildi hann skikka vert staðarins til að ýta undir reglusemi, en taldi um leið að það væri eingöngu mögulegt ef reksturinn yrði í höndum ríkisins. Hagnað ríkisins af hótélrekstrinum mætti síðan nýta til að borga friðunina eða efla hana.¹⁴¹

Guðmundur nefndi aðrar leiðir til að afla tekna vegna friðunarinnar, svo sem að taka gjald af öllum þeim gestum sem kæmu á staðinn og jafnframt aukagjald af vélknúnum ökutækjum. Einnig vildi hann rukka fyrir tjaldgistingu, en alls voru reist fjórtán tjöld þetta sumarið, og taka gjald fyrir leiðsöguferðir. Hvað varðaði aðra framtíðarskipun mála á Þingvöllum taldi Guðmundur að bæta þyrfti aðgengi og aðkomu bíla. Gróður spilltist talsvert vegna umferðar bílanna og takmarka þyrfti bílaumferð milli sjö á morgnana og tíu á kvöldin. Vildi Guðmundur að bílstjórar hefðu nafnalista yfir hverja þeir flyttu og mætti alls ekki flytja ölvuð fólk til Þingvalla að viðlögðum sektum.¹⁴²

Sumarið 1921

Guðmundur byrjar á að greina frá sumrinu á sama hátt og áður, segir frá vinnu verkamanna á vegum fornminjavarðar sem náðu að slétta 3050 fermetra þetta sumarið og héldu áfram þeirri metnaðarfullu vinnu Matthíasar Þórðarsonar að reyna, beina Öxará í einn farveg með því að breikka og dýpka árfarveginn. Einnig var unnið talsvert í vegagerð, hluti vegarins í átt að Valhöll betrubættur en annar hluti sem skar í sundur Vellina lagður niður.

Enn á ný þyrfti að hreinsa talsvert rusl af Þingvöllum en stór hluti þess var vegna konungskomunnar seinnipartinn í júní. Reglur voru hengdar upp á sömu stöðum og áður en Guðmundi fannst á vanta að fólk hefði möguleika á að nálgast reglurnar í Reykjavík eða á

¹⁴⁰ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Skýrslur frá umsjónarmanni á Þingvöllum sumarið 1920, bls. 11.

¹⁴¹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Skýrslur frá umsjónarmanni á Þingvöllum sumarið 1920, bls. 9-11 og 13.

¹⁴² Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Skýrslur frá umsjónarmanni á Þingvöllum sumarið 1920, bls. 3 og 4.

Þingvöllum. Fjórar tunnur voru settar upp eins og áður á þeim stöðum þar sem fólk borðaði úti við.

Guðmundur fylgdist grannt með að ekkert hrís né lyng væri rifið upp innan friðaða svæðisins en talsvert var um það utan þess. Guðmundur reyndi enn sem fyrr að fá prestinn, Jón Thorstensen, til að tala um fyrir bændum og banna þetta, þar sem presti mislíkaði hrísrifið, en ekkert varð úr því. Aftur á móti hélt prestur skepnum frá Völlum allt sumarið en Guðmundur þurfti samt að standa í því að reka frá svæðinu hesta og skepnur bænda úr nágrenninu.

Séra Jón Thorstensen ákvað þó að hann vildi fá greiðslu fyrir tjaldstæðin. Setti hann upp tveggja krónu gjald fyrir eina nótt og fimm krónur fyrir viku. Samanlagt námu tekjur prestsins 37 krónur yfir sumarið af þessari tjaldstæðasölu. Leiðsögutúrar um staðinn héldu áfram endurgjaldslaust.¹⁴³

Nýr vert var þetta sumar í Valhöll, A. Rosenberg. Var Guðmundur ánægður með það að mun meiri regla var á gestum en áður en þó þótti honum umgengni ábótavant og fékk Guðmundur vertinn til að týna upp rusl vikulega.

Guðmundur vildi sem fyrr láta bæta ýmislegt á Þingvöllum. Bendir hann á að næturferðir skapi ekki bara óróa heldur geti fólk farið sér að voða vegna sprungna og gjáa. En ekki yrði unnt að loka inn á Þingvelli fyrr en hliði yrði komið fyrir sem myndi loka veginum niður í Almannagjá. Guðmundur kvartaði einnig undan skorti á öryggistækjum, þá sérstaklega með hliðsjón af gjánum en engir björgunarhringir voru til taks. Hann benti síðan á að nauðsynlegt væri að ríkið tæki svæðið sem fyrst yfir með sterkum tókum. Þetta sumar byrjaði einstaklingur að bjóða bátaferðir á Öxará og hafði vafalaust af því einhverjar tekjur. Ríkið þyrfti að sjá til þess að hluti af þeim peningum, sem gestir notuðu í Valhöll eða í ýmsar aðrar afþreyingar, rynni til ríkisins svo eitthvað fengist upp í kostnaðinn af friðuninni.¹⁴⁴

Sumarið 1923

Skýrslan frá 1923 er einna ítarlegust og gefur Guðmundur þar til kynna þær aðgerðir sem honum fundust nauðsynlegastar að gera til þess að Þingvellir yrðu raunverulegur þjóðgarður. Hann byrjar þó á að lýsa nokkrum verklegum framkvæmdum. Verkamenn fornminjavarðar voru þá um vorið búnir leggja akfæran veg að Valhöll og við hótelið var búið að gera bílastæði

¹⁴³ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Skýrsla frá umsjónarmanni á Þingvöllum 1921, bls. 1-3.

¹⁴⁴ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 438. Skýrsla frá umsjónarmanni á Þingvöllum 1921, bls. 4-5.

fyrir þrjátíu bíla. Jafnframt var ákveðið að girða Vellina til að hindra að skepnur færu inn á þá og gerði það að verkum að presturinn gat heyjað þar.¹⁴⁵

Þetta sumarið var einnig búið að gera Konungshúsið að gistihúsi og reksturinn var leigður út. Rekstraraðilar að hvoru tveggja, Valhöll og Konungshúsi, virðast lítið hafa skipt sér af umgengni í nágrenni gistihúsanna. Lýsir Guðmundur því að helst hafi það verið vindurinn sem feykta ruslinu frá húsunum, hlandi var hellt ofan í gjár og ekki hirt um að hylja ruslið þegar því loks var safnað saman á einn stað.¹⁴⁶

Eins og áður hafði verið greint frá lét séra Guðmundur Einarsson hengja upp auglýsingu 9. júlí 1923 með gjaldskrá fyrir tjaldgistingu. Ennfremur kom frá á því blaði að sektir vegna hrístöku væru tvær krónur og átti það að stemma við leyfislausa hrístöku fólks.¹⁴⁷

Upphaf gjaldtökkunnar af hendi Guðmundar Einarssonar fyrir veitingartjöld má rekja til útileguferðar góðtemplara 7. júlí 1923 sem höfðu sett upp slíkt tjald með leyfi Guðmundar Davíðssonar. Varð séra Guðmundi þá átroðningurinn á landinu ljós. Þrösuðu þeir nafnar talsvert um málið og var presturinn á því að hann einn ætti að ráða yfir staðnum sem landsdrottinn enda hefði enginn blettur verið undanskilinn þegar jörðin var tekin út. Allt ætti því að heyra undir hann. Guðmundur Davíðsson tók þó að sér innheimtu fyrir tjaldstæðin, fyrir hönd prestsins, og var afraksturinn 30 krónur alls yfir sumarið.

Séra Guðmundur Einarsson virðist hafa hugsað sér að fá frekari bætur fyrir skaða sinn vegna átroðnings ferðamanna, meðal annars með því að láta mæla aftur upp lóð Valhallar, þar sem hótelið notaði mun meira svæðið en það greiddi fyrir, og hugsanlega að láta fólk borga fyrir að ganga inn á Spöngina. Fundust Guðmundi Davíðssyni fjáröflunarleiðir prestsins ekki með öllu óréttmætar þar sem heyskapur væri erfiður á staðnum. Séra Guðmundur þyrfti að kaupa hey og fara langar leiðir til að slá. Því væri ekkert óeðlilegt að presturinn reyndi að hafa tekjur af ferðamönnum.¹⁴⁸

Guðmundur taldi 7500 gesti þetta sumarið og alls fóru 700 bifreiðar til Þingvalla frá Hafnarfirði og Reykjavík, voru bifreiðar þar með orðnar algengasti fararskjótinn fyrir ferðamenn á leið til Þingvalla. Reyndi hann að leiðbeina gestum eftir bestu getu en segir þó að hann hafi ekki haft tók á leiðsögn á annasömustu dögum sumarsins.

¹⁴⁵ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755. Skýrsla frá umsjónarmanni á Þingvöllum 1923, bls. 1.

¹⁴⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755. Skýrsla frá umsjónarmanni á Þingvöllum 1923, bls. 2.

¹⁴⁷ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755. Skýrsla frá umsjónarmanni á Þingvöllum 1923, bls. 6.

¹⁴⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755. Skýrsla frá umsjónarmanni á Þingvöllum 1923, bls. 5-9.

Guðmundur nefnir í skýrslu sinni að Skógarkotsbóndinn hafi haft talsverðar tekjur af ferðamönnum, því hann leigði tjaldstæði á landi sínu, seldi þeim afurðir frá sér, leigði eða lánaði hesta og færi með gestum í ýmsar ferðir. Lífsnauðsynlegt væri orðið fyrir býlin að fá tekjur af ferðamönnum því í „Þingvallasveit er rýrari heyskapur, og erfiðara að ná í slægjur, en í nokkurri annari sveit á landinu.“¹⁴⁹ Sagði Guðmundur að í allri Þingvallasveit, sem taldi 16 býli, heyjaðist jafn mikið og á einu meðalbýli. Vitnaði hann til upplýsinga Hagstofunnar að síðastliðin þrjú árin hefði meðal heyfengur býlanna 16 í Þingvallasveit verið 2464 hestburðir, þá taða og úthey lagt saman. Vegna þessa rýra heyfengs nýttu menn skóginn til beitar og sagðist Guðmundur hafa séð kindur, hvort sem er geldfé eða kvíær, vera að háma í sig skóginn.¹⁵⁰

Sýnu verst var þó líklega eldsneytisnotkunin og salan á hrísinu en Guðmundur sagði verðið á því vera komið niður í eina krónu hestburðurinn sem stangaðist algerlega á við auglýsingu prests þar sem hríslan átti að kosta tvær krónur. Bagalegast var þó að helmingur bæjanna í sveitinni brenndi engu öðru en viði og fóru samkvæmt Hagstofunni 8085 hestar í allt af viði til kyndingar næstu ellefu árin á undan eða að meðaltali 735 hestar á ári. Taldi Guðmundur ekki möguleika á að skógurinn tæki framförum meðan svo mikið væri sótt í hann.

Það var helst tvennt sem takmarkaði umboð umsjónarmannsins að mati Guðmundar. Annað var að umsjónarmaðurinn var upp á annan hvorn vertinn kominn með gistingu á Þingvöllum yfir sumarmánuðina og átti því óhægt um vik að vera með endalausar kvartanir í hans garð. Hitt var að menn efuðust um réttmæti þess að ríkið setti reglur um umferð á Þingvöllum, sem í raun þýddi að þeir efuðust um vald umsjónarmannsins. Fannst Guðmundi hann finna bagalega fyrir þessu, einkum þó hjá þeim sem bjuggu á eða við Þingvelli. Í raun voru því tvö valdsvið á Þingvöllum: annars vegar það sem heyrði undir fornminjavörð og þar með talið umsjónarmann og hins vegar presturinn.

Guðmundur áleit að ýmissa úrbóta væri þörf. Áður hefur verið minnst á álit Guðmundar á möguleikum hraunbýlanna til búskapar, sem hann taldi vægast sagt óburðugan og fannst ábúendur leika skóginn grátt. Guðmundur taldi að framleiðsla þeirra fjögurra býla, sem yrðu lögð niður við stofnun þjóðgarðs: Hrauntúns, Skógarkots, Vatnskots og Þingvalla, hefði engin áhrif á landbúnað landsins. Jafnframt hafði Guðmundur haldið því fram í blaðagreinum áður og síðar að ef býlin yrðu ekki lögð niður myndi það gerast af sjálfu sér því skógurinn myndi

¹⁴⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755. Skýrsla frá umsjónarmanni á Þingvöllum 1923, bls. 11.

¹⁵⁰ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755. Skýrsla frá umsjónarmanni á Þingvöllum 1923, bls. 10-11, og 14.

hverfa.¹⁵¹ Allt byggðist þó á því að ríkið leysti til sín jarðirnar og lóðarréttindi á öllu svæðinu. Þar með væri það orðið að landsdrottni á Þingvöllum. Í beinu framhaldi ætti að auka vald umsjónarmannsins, láta hann hafa Konungshúsið í té en ekki leigja það út til hótélreksturs því slíkt græfi undan umsjónarmanninum. Ennfremur þyrfti að lengja viðverutíma umsjónarmannsins á svæðinu, þar sem gott veður þetta vorið hafði gert það að verkum að Valhöll var opnuð seint í maí en umsjónarmaðurinn kom ekki til starfa fyrr en í júníbyrjun. En í beinu framhaldi ætti að leggja niður prestsembættið á Þingvöllum, það væri með öllu óþarft að hafa prest í jafn fámennri sveit þar sem jarðafarir færu að jafnaði fram á fimm ára fresti. Presturinn hefði í raun þar með ekkert að gera.¹⁵²

¹⁵¹ Guðmundur Davíðsson: „Frá Þingvöllum I.“ *Lögrjetta* XVI. árg. 01.01.1921, bls. 1 og Guðmundur Davíðsson: „Verður Þingvöllum bjargað?“, bls. 54.

¹⁵² Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755. Skýrsla frá umsjónarmanni á Þingvöllum 1923, bls. 10, 11 og 18-19.

Deilur kirkju og fornminjavarðar

Guðmundur Davíðsson hafði lagt það til áður að prestsembættið yrði lagt niður og í raun var afnám þess fólgið í yfirtöku ríkisins á svæðinu. Býlin voru varla nema 16 í sveitinni. Ekki deildu allir þessari skoðun með Guðmundi og einkum var hún gagnrýnd eftir að fyrir lá samþykki við friðun Þingvalla 1928. Segir frá því í *Vísi* að Ingibjörg H. Bjarnason þingmaður Íhaldsflokksins hafi „andmælt harðlega að vikið væri út prestinum og kirkjan jöfnuð við jörðu, bæði af sögulegum og kirkjulegum ástæðum“.¹⁵³ Einar Magnússon, guðfræðingur og rektor við Menntaskólann í Reykjavík, taldi það óráðlegt að leggja niður Þingvallaprestakallið og sameina við Mosfellsprestakall, því að erfitt væri fyrir íbúa Þingvallasveitar að sækja um 20 kílómetra yfir Mosfellsheiðina. Þó að friða ætti svæðið færi best á því að presturinn myndi sitja áfram.¹⁵⁴ Reikna má með að mönnum hafi fundist það dálítið grátlegt að sóknin yrði lögð niður á þeim stað þar sem kristnin sjálf var lögtekin. Guðmundur svaraði því til að ekki þyrfti að hafa áhyggjur að fólk myndi missa trú af þessum sökum því að þeir „tímar munu eflaust koma fyr eða síðar, að víðboðið [útvarpið] flytur messur héðan úr höfuðstaðnum til allra kirkna, og margra heimila, á landinu: munu þá fleiri spara við sig prest en Þingvallasveit.“¹⁵⁵ Þessi gagnrýni var háværust árið 1928, en umræðan hafði verið talsvert í deiglu áður.

Skipan prests í Þingvallaprestakall var rætt á fundi Stúdentafélagsins en þó var ekkert ályktað.¹⁵⁶ Í umræðum um þingsályktunartillöguna árið 1919 kom fram að menn vildu helst að niðurlagning býlanna færi á þann hátt að búskap yrði með tímanum sjálfhætt, þ.e. þegar núverandi ábúendur hættu búskap kæmu ekki aðrir í staðinn. Jón Thorstensen sagði prestakallinu lausu árið 1922 og í greinargerð með frumvarpi til friðunar Þingvalla 1923 kom fram þetta álit Matthíasar Þórðarsonar:

Fyrir því vil jeg leyfa mjer að mæla eindregið með því , að við næstu veitingu Þingvallabrauðs verði sú breyting gerð á, að tekin verði undan öllum afnotarjetti prestsins framvegis það svæði af Þingvallalandi, sem liggur milli Almannagjár og Hrafnagjár, Þingvallavatns og nánar ákveðinnar línu milli Ármannsfells og Hrafnabjarga, og enn fremur skal prestinum því óheimilt eftirleiðis að leigja eða leyfa nokkrum ábúð á hjáleigunum Hrauntúni og Svartagili, eða mannavist í þeim bæjum: og skal hið sama gilda

¹⁵³ [án höfundar] „Frá Alþingi“, bls. 3.

¹⁵⁴ Einar Magnússon (cand. theol.): „Þingvallaprestakall“, bls. 3.

¹⁵⁵ Guðmundur Davíðsson: „Þingvallamál.“, bls. 3.

¹⁵⁶ Lbs. 753 fol. Gerðarbók Stúdentafélagsins 1915 – 1935. 2. júlí 1923.

[um] allar hinar aðrar hjáleigur staðarins, þegar þær losna úr þeirri ábúð, sem þær eru í nú.¹⁵⁷

Lögin voru ekki samþykkt heldur var skipuð nefnd um málið. Eitthvert fát kom þó á dóms- og kirkjumálaráðherra þegar Guðmundur Einarsson birtist með skipunarbréf frá biskupi. Prestur þurfti, samkvæmt lögum, að fá veitingarbréf frá ráðherra og það fékk hann ekki í fyrstu. Í grein sinni frá 1926 skrifar Guðmundur Einarsson um hvernig fólk liti framhjá honum sem presti á Þingvöllu, því menn töldu, með réttu, að hann væri ekki lögmætur prestur, sökum þess að hann væri ekki með veitingarbréf. Biskup hafði minnst á það við séra Guðmund að ríkið vildi eitthvað með jörðina gera, en það var ekki alveg fullkomlega ljóst hvað það var nákvæmlega, en prestur vissi þó að hugsanlegar breytingar tengdust búskap á prestsetrinu. Vegna þess gerði hann ekki ráð fyrir búrekstri fyrsta vetur sinn í embætti og segist hafa lagt fram tilboð um að fá greitt fyrir að vera ekki með búrekstur. Þetta var rökstutt með því að samkvæmt prestalögum hefðu prestar í sveitum lægri laun en prestar á mölinni þar sem þeir gætu aflað sér viðurværis með hlunnindum af jörðinni sem þeir sátu, en þeirri tillögu var hafnað. Taldi Guðmundur sig hafa umtalsverðan fjárhagslegan skaða af þessu og kvartaði hann undan því að vera sakaður um græðgi fyrir að innheimta gjald fyrir tjaldstæði á Þingvöllum. Benti hann á að þennan sið hefði hann erfð frá fyrirennara sínum, og að einhverjar bætur þyrfti presturinn að fá fyrir traðkið.¹⁵⁸

Guðmundur Einarsson kvartaði sárlega undan yfirgangi fornminjavarðar á staðnum. Fannst honum á öllu að kuldi stjórnarráðsins í sinn garð hefði hafist: „þegar stjórnin skildi, að jeg rúmaðist illa í vasa fornmenjavarðar.“¹⁵⁹ Um fornminjavörð sjálfan sagði Guðmundur: „en hann er sjúkur eftir að mega ráðsmenskast hjer yfir öllu.“¹⁶⁰

Guðmundur Einarsson sótti um starf umsjónarmanns Þingvalla vorið 1924 og vitnar til launalaga presta í umsókninni. Segir hann búskap erfiðan á staðnum og að hann þurfi að vera mikið frá staðnum bæði vegna prestsverka og heyskapar, og ætlaði hann sér að fá leyfi til að hafa annan mann í staðinn fyrir sig á Þingvöllum. Kostnað við þetta taldi hann 1000-1200 krónur og þótt það væri ekki mikið þá yrði það að duga. Tiltekur prestur í lokin að hann tali bæði ensku og dönsku.¹⁶¹ Nokkru seinna sendi Guðmundur Davíðsson inn sína umsókn og segir þar að hann myndi vilja fá Konungshúsið til íbúðar yfir sumartímann, og myndu ríkið og hann sjálfur spara stórfé á því ráði.¹⁶²

¹⁵⁷ *Alþingistíðindi* A 1923, bls. 410.

¹⁵⁸ Guðmundur Einarsson: „Nefndarálit Þingvallanefndar. Mótmæli og athugasemdir“, bls. 2.

¹⁵⁹ Sama heimild, bls. 2.

¹⁶⁰ Sama heimild, bls. 2.

¹⁶¹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755.

¹⁶² Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755.

Biskup Íslands, Jón Helgason, skrifaði bréf sem fylgdi umsókn séra Guðmundar Einarssonar, því að prestur hafði beðið biskup um meðmæli. Þar tekur Jón það fram að honum fyndist umjónarmannsstaðan vera:

hégóminn einber, sem aldrei hefði verið byrjað á ef ekki hefði setið á staðnum sem pastor loci meinleysismaður, er brast hvort tveggja í senn skilning á stöðu sinni sem beneficiarius og kjark til þess eindregið að mótmæla því, að þar væri nokkur umsjónarmaður settur.¹⁶³

Jón taldi að það hefði átt að vera skylda prestsins að hafa sjálfur í hendi alla umsjón staðarins undir yfirumsjón prófasts og biskups og bætti við:

Og hvað sem öllum nefndum og Þjóðmenjavörðum líður er ég enn þeirrar skoðunar, að presturinn eigi samkvæmt stöðu sinni að hafa alla umsjón staðarins sem honum hefir verið í hendur seldur sem beneficium ... Þyki hins vegar einhverra hluta vegna ástæða til að halda þessari sérstöku Þingvallaumsjónarmensku áfram og launa það starf sérstaklega, þá sé ég ekki öðrum væri betur trúandi fyrir stöðunni en einmitt prestinum ...¹⁶⁴

Þannig að ekki hefur verið mjög kært milli biskups og fornminjavarðar út frá þessu máli. Matthías skrifaði líka bréf til stjórnarráðsins þar sem hann mælti með ráðningu Guðmundar Davíðssonar og telur að hann hafi getið sér góðan orðstír í starfi sínu.¹⁶⁵

Ekkert varð þó úr formlegu umsjónarmannstarfi í þetta sinn, í það minnsta er þess hvergi getið í bréfum til og frá stjórnarráðinu að nokkur hafi verið ráðinn í það. Á árunum 1923 til 1924 reyndi ríkisstjórnin að draga verulega úr umsvifum sínum og reyndi þar með að spara á sem flestum sviðum, Þingvellir urðu þar ekki undanskildir. Fyrirhuguð fjárveiting fyrir upp á 3000 kr. vegna til viðgerða og lagfæringa á Þingvöllum, sem fornminjavörður hafði staðið fyrir, var tekin af og sagði í nefndaráli að óvíst sé um gagnsemi þessara aðgerða við Öxará. Sagði til dæmis Magnús Guðmundsson, þáverandi atvinnu- og samgöngumálaráðherra, að hann myndi leggja þessa fjárveitingu niður þó nægir peningar væru til en þá sérstaklega eins og nú væri ástatt. Fjárlaganefnd lagði til að gæslukostnaður yrði lækkaður úr 1200 niður í 1000 krónur og vildi nefndin þá fela starfið prestinum, taldi hún jafnvel að hægt væri að reyna að bjóða honum minna. Nefndin viðurkenndi í áli sínu að launin væru ekki há en þó nóg fyrir staðarhaldarann.¹⁶⁶

¹⁶³ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755.

¹⁶⁴ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755.

¹⁶⁵ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755.

¹⁶⁶ *Alþingistíðindi* 1924 A, bls. 406 og 529 og *Alþingistíðindi* 1924 B, d. 274-275 og 437.

Ekkert heyrðist um umsjónarmannsstöðuna þangað til Gísli Sigurðsson, kennari í Grafningi og Þingvallasveit, dúkkar upp á Þingvöllum sumarið 1926. Hann gegndi umsjónarmannsstöðunni einnig sumarið 1927,¹⁶⁷ en þá hafði séra Guðmundur Einarsson sent bréf til stjórnarráðsins og óskað eftir því að fá Gísla aftur þar sem Guðmundi fannst hann standa sig vel við að halda frið og ró á staðnum. Engar skýrslur eru til frá Gísla, heldur aðeins nokkur bréf frá honum og vegna reiknings um kaup og gistingu að upphæð 705 krónur.¹⁶⁸ Síðan er annað bréf í lok janúar 1927 þar sem hann segir frá því að honum hafi borist bréf frá Guðmundi Einarssyni sem hafi beðið hann um að koma aftur til Þingvalla. Segir hann að vilji sinn standi til að vera þar í þrjá mánuði því erfitt sé að hemja óregluna þegar hún er komin af stað. Greinir Gísli svo frá vilja Matthíasar að á Þingvelli verði skipaður af sýslumanni maður með hreppstjóravald í þrjá mánuði, þá til að geta sektað þá sem brytu umgengnisreglur á staðnum. Guðmundur Einarsson sendi bréf dagsett 3. janúar til stjórnarráðsins þar sem hann beiðist þess að fá Gísla Sigurðsson aftur til Þingvalla í tvo og hálfan mánuð.¹⁶⁹ Gísli sótti formlega um starfið í marsmánuði, til fjögurra mánaða, með 300 krónur á mánuði. Vildi hann að honum yrði falið að fylgjast með grisjun, leiðbeina gestum, falin löggæsla á staðnum og á sunnudögum ætlaði hann sér að flytja fyrirlestra um Þingvelli.¹⁷⁰

Gísli var ráðinn mánuðina 1. júní til 10. september, og voru laun hans 1020 krónur fyrir þann tíma. Sama sumar var hann ráðinn af skógræktarstjóra til að fylgjast með skóginum fyrir 150 krónur á mánuði¹⁷¹ og minnst Einar E. Sæmundsen á Gísla þegar hann var staddur þar 1927. Vildi Gísli fá að kynnast grisjun „með það fyrir augum að hafa ef til vill umsjón með skógarupptöku bænda framvegis.“¹⁷²

Það virðist hafa verið sæmileg sátt um umsjónarmannsembættið á þessum tíma, engin sérstök greinarskrif gegn því þótt einhverjir árekstrar hafi orðið við hina og þessa hagsmunaaðila og bændur. Guðmundur Davíðsson greindi frá því í skýrslum sínum að góður rómur hafi verið gerður að tilraunum hans til að halda óreglu niðri og fólki hafi fundist staðurinn þrifalegri á hans tíma og því haldist lengur við á staðnum.¹⁷³ Gagnrýni kom aftur á móti á girðingu í kringum Vellina, en ýmsum fannst sem Þingvellir yrðu kuldalegri fyrir vikið. Þeir væru svo rammlega girtir að fólki stafaði hætta af. Nú væru þessi svæði, segir í grein eftir

¹⁶⁷ *Kennaratal á Íslandi* I. bindi, bls. 162.

¹⁶⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755.

¹⁶⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755.

¹⁷⁰ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755.

¹⁷¹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755.

¹⁷² Einar E. Sæmundsen: „Dagbókarskýrsla sumarið 1927“, bls. 9.

¹⁷³ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755. Skýrsla frá umsjónarmanni á Þingvöllum 1923, bls. 13.

„Þingvelling“ sem birtist í dagblaðinu *Vísir* sumarið 1924, „engum til afnota, hvorki skepnum né mönnum.“¹⁷⁴ Jafnframt kom gagnrýni fram um að fínt væri að hafa umsjón á staðnum til að hafa hemil á fólkinu úr Reykjavík sem gerði sér dægrastyttingu á Þingvöllum. En lausnin fælist ekki í því að girða gjáa á milli og stofna þjóðgarð. Jafnframt var þess getið af ef þyrfti að girða þá væri hægt að gera það frá Almannagjá á mörkum Háugjár upp að Leirum, „það ætti að vera nógu stór þjóðgarður handa Guðmundi Davíðssyni til þess að yrkja og verja.“¹⁷⁵ Deilunni um stærð fyrirhugaðs Þingvallabjóðgarðs og hvort ætti að friða svæðið yfir höfuð var ekki þar með lokið og á vissan hátt var rifist um það sama í þau þrjú skipti sem friðunarfrumvörp voru lögð fram á þingi 1923, 1926, en þó ítarlegast og mest 1928.

¹⁷⁴ Þingvellingur: „Friðun Þingvalla“, bls. 2.

¹⁷⁵ Ármann úr Bláskógum: „Þjóðgarðurinn á Þingvöllum“, bls. 2-3.

Friðun rædd á þingi 1923

Frumvarp var flutt um friðun Þingvalla árið 1923 og að því stóðu Jónas Jónsson frá Hriflu og Guðmundur Guðfinnsson, báðir þá þingmenn Framsóknarflokksins. Helstu ákvæði frumvarpsins voru þau að takmörk friðlandsins skyldu vera milli Almannagjár í vestri og Hrafnagjár í austri, frá Meyjarsæti í norðri að Þingvallavatni í suðri. Skyldi staðurinn verða „friðlýstur helgistaður Íslendinga” frá árinu 1930. Fram að því skyldi starfa þriggja manna nefnd sem í myndu sitja fornminjavörður, sagnfræðingur sá sem tæki að sér ritun sögu Alþingis og formaður búnaðarfélagssins. Hinn síðastnefndi átti að hafa yfirumsjón með skógræktinni á svæðinu. Nefndin átti að kallast Þingvallanefnd og hennar helsta verk væri að vinna að friðun svæðisins fyrir þúsund ára afmæli Alþingis. Nefndin átti að hafa algjört vald yfir öllu svæðinu og þar mætti ekki reisa neinar byggingar nema með leyfi nefndarinnar. Taka skyldi einnar krónu gjald af hverjum gesti sem kæmi á staðinn og andvirðið átti að nota til að prýða staðinn, laga vellina og huga að skógrækt. Þingvallanefndin átti síðan að ráða umsjónarmann til að framfylgja eftirliti. Hann átti að hafa vald til að meina mönnum aðgang eða reka af svæðinu vegna ölvunar eða ruddalegrar framkomu. Í greinargerð frumvarpsins var meðal annars fullyrt að það væri „almennur þjóðarvilji að friða Þingvöll sem helgistað þjóðarinnar.”¹⁷⁶

Frumvarpið var sett í nefnd sem klofnaði í málinu. Skilaði hún bæði álitum frá meiri- og minnihluta. Meirihlutinn, sem var myndaður af ráðherranum Jóni Magnússyni og sjálfstæðisþingmanninum Sigurði H. Kvaran, var mótfallinn því að gera nokkuð að svo stöddu þar sem ekki var brýn nauðsyn á. Þeir sáu annmarka á gjaldtöku og ráðningu þriggja embættismanna í nefndarsetu. Ennfremur vildu þeir ekki svo víðtæka friðun heldur væru þeir:

þeirrar skoðunar, að friða eigi Þingvallaskóg, sjerstaklega fyrir of miklu skógarhöggi eða rífi, en um nauðsyn girðinga eru skoðanir skiftar. Svo er og sjálfsagt að halda áfram með það, sem nú er upp tekið og veitt fje til í fjárlögum, að laga þingstaðinn.¹⁷⁷

Minnihlutinn, þar sem Guðmundur Guðfinnsson var í forsvari, taldi að í það minnsta engan skaða eða jafnvel alveg nauðsyn að hefja undirbúning friðunar strax og fá þar með aðgangseyri til að geta greitt að hluta til þann kostnað sem myndi hljóta af því að undirbúa Þingvelli fyrir komandi alþingishátíð 1930.¹⁷⁸ Vitnaði minnihluti nefndarinnar í orð Matthíasar Þórðarsonar um að taka ætti landið undan kirkjunni. Átti landstjórnin ásamt komandi Þingvallanefnd að

¹⁷⁶ *Alþingistíðindi* 1923 A, bls. 316.

¹⁷⁷ Sama heimild, bls. 685-686.

¹⁷⁸ Sama heimild, bls. 685.

hafa „frjálsar hendur að skipa fyrri um alt annað nauðsynlegt til verndar hins fornhelga staðar og til þess að prýða hann og laga ...“¹⁷⁹

Í umræðum um málið rakti Jónas frá Hriflu upphaf afskipta þingsins af Þingvöllum til þingályktunarinnar frá 1919, en nú væri svo komið að nauðsynlegt væri að gera alvarlega gangskör að málefnum Þingvalla og friða staðinn. Ein helsta ástæðan fyrir þessu væri alþingishátíðin 1930. Jónas bætti svo við: „Fyrir rás viðburðanna hafa þeir orðið að skemtistað og sumardvalastað Reykvíkinga. En það er óhugsandi að láta það fara saman, að fjöldi manna dvelji þar eftirlitslaust og að staðurinn verði jafnframt varðveittur í sinni fornu mynd.“¹⁸⁰ Jónas virðist hafa haft miklar áhyggjur af of miklum breytingum á Þingvöllum. Staðurinn ætti helst ekki að breytast og leita þyrfti eftir því að hafa hann sem líkasta því sem var á þjóðveldisárunum eins og sést ágætlega á eftirfarandi orðum hans:

Sagnfræðingar eru eðlilega óánægðir með ýmislegt, sem búið er að gera til að breyta á Þingvöllum, t.d., að vegurinn skuli vera lagður eftir Almannagjá. Brú er byggð yfir ána við neðri fossinn og gestaskáli hefir verið reistur þar, sem þinghelgi var mest. Þetta eru skemdir, sem þyrftu að lagast sem fyrst.¹⁸¹

Jónas reifaði jafnvel að ekki væri úr vegi að þarna yrði komið á fót þjóðgarði en þá þyrfti fólk að læra að ganga vel um staðinn en eins og staðan væri nú væri það ekki hægt.

Málinu var vísað til allsherjarnefndar sem klofnaði í málinu og virðist á Guðmundi Guðfinnssyni sem klofningurinn hafi aðallega snúist um hugsanlegar gjaldtökur. Jón Magnússon kvað meira koma til. Vildi hann og Sigurður Eggerz láta málið bíða fram yfir kosningar. Ýmsar aðrar hugmyndir væru um nýtingu staðarins meðal annars byggingu skóla og hafði nefnd á vegum Stúdentafélagsins beðið um að aðeins yrði hægt á málinu. Efasemdir Jóns um ágæti svona víðtækrar friðunar birtist ágætlega þegar hann sagði:

Hvort friða þurfi svo stór svæði sem gert er ráð fyrir í frv.[frumvarpi], tel jeg efasamt og jafnframt, hvort taka eigi upp þinghelgi á því öllu, því að hin forna þinghelgi mun ekki hafa náð nema frá vatninu upp að Almannagjá og Flosagjá. En ekki um efri vellina.“¹⁸²

Jón Magnússon sá heldur ekki kostina við það að banna byggingar á staðnum, því að hann taldi að þær sómdu sér vel þar. Vitnaði hann máli sínu til stuðnings í Björn Þórðarson hæstaréttarritara um að þarna hefðu verið búðir og lifandi markaður. Það væri hluti af sögunni

¹⁷⁹ Sama heimild, bls. 685.

¹⁸⁰ *Alþingistíðindi* 1923 B, d. 919-920.

¹⁸¹ Sama heimild, d. 920.

¹⁸² Sama heimild, d. 923-924.

að á Þingvöllum væru mannvirki og því væri alveg eðlilegt að Valhöll stæði áfram. Hvað varðaði veitingu prestsembættisins taldi Jón það „... vitanlega sjálfsagt að veita það ekki nema með þeim skilyrðum, að ekkert verði því til hindrunar, sem gera á, þó að það verði veitt.“¹⁸³ Jón vildi ekki að það yrði lagt niður. Frumvarpið breyttist lítillega í meðferð þingsins og var lagt fram með áorðnum breytingum. Einna helst var að hætt var að notast við Meyjarsæti sem kennileiti og í staðinn dreginn lína milli Stóragils og Hlíðargjár [Þingvallabjórðgarður 1930] og ekki var lengur lagt til að rukkað væri fyrir komuna á Þingvöll, en í staðinn áætluð heimild til gjaldtöku vegna gistingar.¹⁸⁴ Frumvarpið var samþykkt í efri deild og vísað til neðri deildar, þar sem því var vísað til allsherjarnefndar og sofnaði málið þar.¹⁸⁵

Biðleikur - Þingvallanefnd 1925

Árið 1925 lagði Jónas frá Hriflu fram þingsályktunartillögu 1925, en tilgangur hennar var:

fyrst og fremst að vekja sjerstaka athygli á verndun Þingvalla. 1000 ára afmæli Alþingis fer bráðum í hönd, og má ekki seinna vera en að farið sje að hugsa til einhverra framkvæmda til verndunar og umbóta á staðnum. Jeg ber ekki þessa till. fram samkvæmt ósk Þingvallanefndarinnar, en hitt veit jeg, að nefndarmenn óska allir einherrar löggjafar um Þingvöll.¹⁸⁶

Jónas benti á að ef einhverjum dytti í hug að reisa hús á vestari bakka Almagnagjár þá yrði það til að stórspilla friðun þinghelginnar.¹⁸⁷ Í tillögunni var ennfremur kveðið á um að sérstök Þingvallanefnd yrði sett á fót og ætti hún m.a. að kanna verndun skógarins og öll forn séreinkenni svæðisins. Í b-lið tillögunnar endurspeglast nokkur fornaldardýrkun sem var talsvert áberandi á þessum tíma en í henni sagði að nefndin skyldi jafnframt kanna möguleika á að reisa Bergþórshvol, Hlíðarenda, Reykholt og Hjarðarholt í Dölum við í fornum stíl. Þingsályktunin var samþykkt 15. maí 1925.¹⁸⁸

Þingvallanefndin hafði reyndar þegar verið skipuð af ríkisstjórninni 31. mars 1925 og í henni sátu Matthías Þórðarson formaður nefndarinnar, Geir Zoëga landverkfræðingur, skrifari nefndarinnar, og Guðjón Samúelsson húsameistari, gjaldkeri nefndarinnar. Helsta hlutverk hennar var að:

¹⁸³ *Alþingistíðindi* 1923 B, d. 924.

¹⁸⁴ *Alþingistíðindi* 1923 A, bls. 945.

¹⁸⁵ *Alþingistíðindi* 1923 B, d. 927.

¹⁸⁶ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 66.

¹⁸⁷ Sama heimild, d. 67.

¹⁸⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 1.

gjöra tillögur til ráðuneytisins um það, hverjar framkvæmdir og ráðstafanir sju nauðsynlegar á hinum forna alþingisstað, Þingvelli, og í nágrenni hans á komandi tíð, sjerstaklega fyrir árið 1930, með tilliti til væntanlegra hátíðahalda það ár ...¹⁸⁹

Nefndin starfaði bæði eftir skipunarbréfi ríkisstjórnarinnar og þingsályktuninni. Hún hélt með sér tíu fundi, nokkra í Reykjavík, suma á Þingvöllum og enn aðra austur í Rangárvallasýslu. Vinna Þingvallanefndar skilaði álitum á þremur viðfangsefnum, þ.e. um Þingvelli og nágrenni, um verndun frægra sögustaða og byggingu bæja í fornum stíl á þeim jörðum sem nefndar voru í þingsályktunartillögunni frá 1925.¹⁹⁰ Hér verður bara tekið til athugunar það í álitum nefndarinnar sem varðaði Þingvelli og nágrenni sérstaklega.

Fremst í álitinu gerði nefndin grein fyrir aðstæðum á landi Þingvallajarðar, hvernig heytækjan væri og hvert þyrfti að sækja hey, ásamt rétti hjáleignanna í kring til að nýta sér óskipt beitarland.

Næst var greint frá átroðningi sem hefði farið stigvaxandi á jörðinni frá byggingu Valhalla. Ýmsar samkomur væru haldnar á staðnum, þingmálafundir og margir höfðu sótt hátíðarhöld konungskomu sem höfðu verið haldin þar. Átroðningur þessi væri í raun bóttalaus fyrir ábúanda. Lýsti nefndin áhyggjum sínum af því að það virtist „svo sem landsetarnir hafi rjett til að fyrirbjóða allan þennan átroðning eða í annan stað að krefjast bóta fyrir hann“,¹⁹¹ og nefndu nefndarmenn í því sambandi að núverandi prestur tæki gjald fyrir tjaldgistingu. Þar sem nefndin taldi að umferð um staðinn myndi bara aukast næstu árin, og þá sérstaklega í tengslum við alþingishátíðina 1930, áleit hún að best væri að staðurinn yrði gerður að almenningi og þar með „tekinn með öllu undan afnotarjetti ábúenda þeirra jarða, sem hann heyrir til.“¹⁹² Matthías Þórðarson hafði áður beint athygli manna að því að átroðningur væri talsverður fyrir ábúanda, í álitum fyrir stjórnarráðið vegna þingsályktunartillögunnar 1919, og sagði hann þá að umferðin væri bóttalaus, en varla væri hægt fyrir umráðamann staðarins að loka umferð um hann. Ennfremur skrifaði Matthías grein 1924 þar sem hann lýsti árangri af lagfæringum á Þingvöllum og vernd þeirra með umsjónarmannsstöðunni en benti svo á að vitanlega væri „staðurinn í alþjóðareign, en hann er, að því er virðist, í hendur fenginn einstaklingi til fullra

¹⁸⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 1.

¹⁹⁰ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 1.

¹⁹¹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 2.

¹⁹² Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 2-3.

einka afnota, afdráttarlaust að heita má.¹⁹³ Átti Matthías þar við prestinn á staðnum en nokkurrar gagnrýni hafði orðið vart á byggingu sumarbústaðar sem reistur hafði verið í Fögrubrekku [Þingvallabjóðgarður 1930]. Var líka spurt í því sambandi hver gaf leyfið fyrir því. Einar Arnórsson þingmaður vék að þessu máli í umræðum um þingsályktunartillöguna 1919: „Nú eru einstakir menn að reisa þarna sumarbústaði, og hljóta þeir að hafa fengið leyfi til þess. En alt þetta er óvirðing og óprýði á staðnum.“¹⁹⁴ Guðmundur Davíðsson lýsir útliti sumarbústaðarins í grein í *Tímanum* 1926: „Var kofi sá ... rekinn saman úr eintómum umbúðakössum og mun hafa kostað uppkominn ca. 5-600 kr.“¹⁹⁵

En nefndinni fannst ráðlagt að taka frá aðeins stærra land svæði heldur en einungis það sem næmi þinghelginni, þó ekki nándar eins stórt og Guðmundur Davíðsson hefði viljað heldur svæðið fyrir norðan þinghelgina:

allt upp að Ármannsfelli og austan hann, yfir að Háugjá, og sunnan hann, að vatninu og Kárastaðalandi, alt austan vesturbarms Almannagjár og austur að gjám þeim sem mynda framhald Háugjár, upp Leirugjár og Sleðaásgjár og út, sje jafnframt gjört að almenningi.¹⁹⁶ [Þingvallabjóðgarður 1930].

En þó áttu að vera nokkur takmörk:

1) Þingvallatún, innan girðingar: 2) „Valhallar“-lóð, meðan hún er leigð sjerstök: 3) landspilda sú af Brúsastaðalandi, sem er utan þingsins, milli Hestagjár og vatnsins: þó skal hún bætast við almenninginn við næstu ábúendaskipti á Brúsastöðum eða Þingvöllum: 4) flatir þær á Leirunum, sem núverandi ábúandi Þingvalla hefur girt þar og heyjar á: við næstu ábúendaskipti á Þingvöllum skulu þessar flatir þó bætast við almenninginn: 5) lóðin undir sumarhúsinu í Fögrubrekku, meðan það stendur.¹⁹⁷

Hið fyrirhugaða friðaða svæði var því háð nokkrum undantekningum, enda hafði Matthías eins og greint er að ofan ekkert litist alltof vel á þjóðgarðstillögu Þingvallanefndar Stúdentafélagsins. Rökin fyrir að taka þetta svæði undir almenning voru þau að fjöldi fólks kæmi og dveldi lengri eða skemmri tíma á Þingvöllum og því væri nauðsynlegt að afmarka

¹⁹³ Stjórnarráð Íslands I. Db. 5, nr. 538. Fornminjavörður Íslands, álit vegna friðunar Þingvalla og Matthías Þórðarson: „Friðun Þingvalla“, bls. 2.

¹⁹⁴ *Alþingistíðindi* 1919 B.I, d. 2268.

¹⁹⁵ Guðmundur Davíðsson: „Verður Þingvöllum bjargað?“ *Tíminn*, 20.03. 1926, bls. 54.

¹⁹⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 3.

¹⁹⁷ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 3.

visst svæði þar sem gestir mættu ganga um óáreittir. Ennfremur þyrfti að nýta stærra svæði en bara þinghelgina þegar hátíðarhöld og samkomur væru á Þingvöllum.

Til að ná þessu stærra svæði undir þinghelgina þyrfti að semja við ábúendur og taldi nefndin að einkum þyrfti að semja við Guðmund Einarsson en hann sagðist vera tilbúinn að afsala sér áður nefndum landskikum fyrir eitt þúsund króna gjald á ári. Það þótti nefndinni heldur rífllegt miðað við að allt Þingvallakirkjuland, með hjáleigum, væri ekki reiknað presti til meiri tekna en 575, 29 krónur á ári. Vildi nefndin því hafa kost á að taka landið eignarnámi ef samningar tækjust ekki.¹⁹⁸

Til að verja almenninginn fyrir beit taldi nefndin að það þyrfti að girða 4000 metra langa girðingu sem myndi kosta í kringum 5000 krónur. Fannst nefndarmönnum það of dýrt. Töldu þeir að skaðinn yrði ekki mikill á svæðinu sem og að girðing myndi vera til óprýði og óhagræðis. Þó væri þörf fyrir umsjón á svæðinu, og þyrfti því að hækka umsjónarmannslíð í fjárlögum þingisins úr 1000 í 1500 krónur. Ennfremur lagði nefndin til að áfram yrði haldið með verkefni fornminjavarðar við að græða upp eyrar Öxarár og reyna að hemja straum hennar, þannig að hún flæmdi ekki hömulaust yfir bakka sína. Var þetta liður í að vernda fornminjar og reyna að vernda staðinn í þeirri mynd sem hann hafði líkast til verið á þjóðveldisöld. Í því tilefni var ennfremur lögð áhersla á að ekki yrðu lagðir göngustígar í gegnum sjálft þingið vestan Öxarár, því þar væru flestar fornminjar staðarins að finna, s.s. búðir, sem væru þó reyndar flestar frá 18. öld. Taldi Matthías skynsamlegt að merkja þessa staði með steini og síðan kannski reisa eina búð og tjalda á sumrin og láta hana vera: „sem helst má ætla að verið hafi búðir fornmannna.“¹⁹⁹

Hvað varðaði húsakostinn á Þingvöllum töldu nefndarmenn að öll húsinn væru í lélegu ásígkomulagi. Valhöll hefði verið illa byggð og ekki bættu viðbyggingarnar úr. Því vildi nefndin láta rífa öll hús tengd Valhöll og láta engin hús vera á þeim stað þar sem hótelið stóð „þar eð slík mannvirki hjer raska náttúrlegum svip þingstaðarins, eru of áberandi hjer við sljetta vellina, úti á hraunflatneskjunni.“²⁰⁰ [Þinghelgin]. Vegna væntanlegrar alþingishátíðar þyrftu Valhallarhúsin að fá að standa því að nauðsynlegt væri að hýsa mikinn mannfjölda á hátíðinni

Í álitni nefndarinnar kom fram svipuð skoðun og fyrr hjá Jónasi frá Hriflu, að samfara gistihúsarekstri hlytist talsverð ónæði, óhollusta og óþrifnaður sem væri Þingvöllum ekki samboðið. Þó væri nauðsynlegt að reka gistihús á Þingvöllum, en það þyrfti að vera á öðrum

¹⁹⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 3-4.

¹⁹⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 5-6 og 8.

²⁰⁰ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 8.

stað en Valhöll og gera varð ráðstafanir til þess að reksturinn og starfsemin hæfði helgi Þingvalla. Nýtt hús yrði að reisa fyrir alþingishátíðina 1930. Það ætti að reisa úr steini og með öllum nútímabúnaði þess tíma. Taldi nefndin ólíklegt að nokkur einstaklingur gæti staðið að þessari framkvæmd og áætlaði að kostnaðurinn, í kringum 250.000 kr., kæmi úr ríkissjóði.²⁰¹

Konungshúsið vildi nefndin að fengi að standa fram yfir 1930 en það yrði þá fært eða rífið því staðurinn hentaði því illa: húsið færi illa í landslaginu. En sumarhúsið í Fögrubrekku vildi nefndin að yrði keypt, en eigandinn kvaðst vilja fá 5000-6000 kr. fyrir það.²⁰²

Prestsetrið var ekki í góðu ástandi, hvorki að mati prests né nefndarmanna „víst eru húsinn hvorki reisuleg nje góð til íbúðar“, sagði í áliti nefndarinnar.²⁰³ Ráðlagði hún því að reist yrðu ný húsakynni úr steini og í fornlegum stíl, að áætlaðri upphæð 60.000 kr. Kirkjuna töldu þeir litla, óvandaða, farna að fúna og þó að með einhverjum viðgerðum mætti viðhalda þessari litlu kirkju fyrir jafn fámenna sókn þá þyrfti að taka tillit til þess:

Að hún er á þessum fjölsókta stað, hinum forna alþingisstað, þar sem lögtekin var forðum kristin trú í landinu, þykir nefndinni mjög illa fara á því, að hjer sje ekki veglegri kirkja og álítur að það myndi verða mjög tilfinnanlegt á hinni væntanlegu stórhátíð 1930.²⁰⁴

Þyrfti kirkjan að vera talsvert stærri, ekki vegna fjölda sóknarbarnanna, heldur vegna alls fólksins sem kæmi á staðinn. Áætluðu nefndarmenn því kostnað við kirkjuna ekki undir 70.000 krónum.²⁰⁵

Nefndinni var einnig falið að gera tillögur um verndun Þingvallaskógar „og allra hinna fornu sjereinkenna staðarins.“²⁰⁶ Skógurinn væri vissulega fyrir utan hinn fyrirhugaða almenning og hann væri óskipt beitarland allra býlanna og eina beitiland þeirra yfir veturinn. Fé úr öðrum hreppum, eins og til dæmis Grímsnesi, sækti í skóginn. Þeir töldu að sauðféð hefti framgang skógarins og líkt og Guðmundur Davíðsson sagði töldu þeir að erfitt væri að friða skóginn á meðan sauðfjárræktun færi fram á svæðinu, en að girða hann kostaði 15.000 kr. að mati skógræktarstjóra. Kvaðst prestur vera reiðubúinn að gera það fyrir 2000 króna árlega

²⁰¹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 9.

²⁰² Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 8.

²⁰³ Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 13.

²⁰⁴ Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 13.

²⁰⁵ Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 13.

²⁰⁶ Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 14

uppbót. Hvað aðra bændur varðaði þá skýrði nefndin frá því að Símon Pétursson bóndi í Vatnskoti ætti einungis fáar kindur en lifði að mestu á smíðum og veiðum. Töldu þeir að með því að gera hann að skógarverði gæti hann lifað á þeim launum en í Skógarkoti og Hrauntúni yrði búskaður lagður niður. Áætlaði Jóhann Kristjánsson í Skógarkoti að hús sín væru metin á 9.097 krónur, en hann þyrfti jafnframt að fá einhverja uppbót fyrir að gefa eftir lífstíðarábúðarréttindi sín. Halldór Jónasson í Hrauntúni kvað hús sín vera að verðmæti 4.700 krónur en vildi fá 16.000 kr. fyrir að afsala sér lífstíðarábúðarréttinum.²⁰⁷ Nefndin benti á að skógurinn væri líka talsvert höggvinn, en skógræktarstjóri og skógarvörður höfðu gert nokkuð af því að kenna grisjun í sveitinni. Taldi nefndin, að fengnu áliti skógræktarstjóra, að nógur viður fengist úr skóginum til eldiviðar ef gengið væri að honum með natni og nærgætni. En með gegndarlausri beit og hrístöku gæti komið

í ljós, að skógurinn gangi svo úr sjer, að hætta sje á að verulegt tjón og lýti verði að, álitur nefndin hyggilegra að sett sjeu lög, er heimili landsstjórninni að leggja niður ábúð á skógarbýlunum, hjáleigunum Vatnskoti, Skógarkoti og Hrauntúni og ennfremur á hjáleigunni Arnarfelli, jafnóðum og þessi býli losna úr nógildandi lífstíðarábúð, og koma í veg fyrir sauðfjárrækt á heimajörðinni/prestssetrinu, og aðra skaðlega notkun skógarins.²⁰⁸

Greinilegur áhugi var í nefndinni á að leggja niður býlin sökum skaðsemi beitarinnar í skóginum. En hvað varðaði byggingu sumarhúsa, sem nefndin vissi að talsverður áhugi væri á, taldi hún að ekki ætti að veita slík leyfi né samþykkja „nema með ráði skógræktarstjóra og skipulagsnefndar bæja og kauptúna, og þá einungis á svæðinu sunnan akvegarins milli Hrafnagjár og almenningsins.“²⁰⁹ [Þingvallabjórðgarður 1930] Ennfremur taldi nefndin að varast þyrfti byggingu sumarhúsa á þeim hluta Brúsastaðalands sem næstur væri þingstaðnum.

Í lok skýrslu sinnar birti nefndin lagafrumvarp, en í fyrstu grein þess var mælt með því að áður nefnt svæði yrði tekið undir friðlýstan almenning. Í annarri grein var kveðið á um heimild landsstjórnarinnar til að girða svæðið. Í fjórðu grein kveðið á um heimild til eignarnáms ef samningar næðust ekki um kaup á landinu. Í fimmtu grein kveðið á um skipan Þingvallanefndar sem skyldi ráða yfir hinu þinglýsta svæði. Þjóðminjavörður átti að sitja í

²⁰⁷ Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 15

²⁰⁸ Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 16.

²⁰⁹ Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 17.

henni og síðan aðrir sem ríkisstjórnin skipaði. Skyldi helsta verkefni nefndarinnar vera að verja hið friðlýsta svæði gegn skemmdum. Í níundu grein var kveðið á um að ef ábúð á hraunbýli losnaði þá mætti ekki byggja jörðina aftur nema að fengnu samþykki landsstjórnarinnar.²¹⁰ Einnig lagði nefndin til breytingu á fornminjalögum, þ.e. að við 5. gr. fornminjalaga frá 1907 bættist að gamlir þingstaðir yrðu skráðir sem fornminjar. Frumvarpið miðaði að því að láta málefni Þingvalla heyra undir fornminjalög og þar með starfssvið Matthíasar Þórðarsonar. Frumvarpið var þó aldrei samþykkt.²¹¹

Að lokum gerði nefndin áætlun um kostnað vegna framkvæmda á Þingvöllum næstu þrjú árin og hljóðaði hún upp á 395.000 kr. Í þeirri upphæð fólst kostnaður við nýja kirkju, ný bæjarhús, gistihús, akveg heim að prestsetrinu, brú á Öxará hjá Biskupshólum en þeir eru við eystri árbakkann rétt norður frá kirkjunni, gangstíg að brúnni og græðslu vallanna og að laga farveg Öxará.²¹²

Guðmundur Davíðsson skrifaði harðorða grein í *Tímann* 1926 þar sem hann mótmælti skýrslu og vinnubrögðum Þingvallanefndarinnar. Nefnir hann að tólf ár væru frá því að hann fyrst hóf máls á því að friða Þingvelli, og stofna þar þjóðgarð sem yrði eins og þjóðgarðarnir frægu í Bandaríkjunum. En ekkert hafði gerst í málinu og taldi hann að ef áfram héldi á sömu braut myndu Þingvellir verða þjóðinni til skammar á alþingishátíðinni 1930. Nefndin hafi aðallega verið stofnuð til að hindra framsetningu friðunarfrumvarps sem átti að setja fram 1925. „Það er eins og einhver óhamingja og ólán hafi elt Þingvallafríðunarmálið í höndum ríkisstjórnarinnar. Hvað eftir annað berst tækifærið upp í hendur hennar, sem hún lætur ónotað og skeytir ekkert um“,²¹³ og vísaði þá til þess að ríkisstjórnin nýtti sér ekki að Jón Thorstensen hætti 1922 heldur réð hún nýjan prest. Hefði stjórnin getað sleppt því og einfaldað sér friðunina og sparað. Ennfremur hefðu þeir getað með árverkni hindrað að Jónas Halldórsson tæki upp ábúð í Hrauntúni eftir lát föður síns sama ár. Guðmundur gagnrýndi líka áætlun nefndarinnar um að borga 5000-6000 krónur fyrir bústaðinn í Fögrubrekku. Svæðið var „ofurlítill ræma eða þvengur meðfram Almannagjá“,²¹⁴ fullyrti hann, og í raun væri „þessi friðun, sem nefndin talar um ... blekking ...“²¹⁵ Hún ynni í þágu ríkisstjórnarinnar og væri tilbúin til að eyða miklu

²¹⁰ Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 27-28.

²¹¹ Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 29.

²¹² Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 28.

²¹³ Guðmundur Davíðsson: „Verður Þingvöllum bjargað?“, bls. 54.

²¹⁴ Sama heimild, bls. 55.

²¹⁵ Sama heimild, bls. 55.

fjármagni í vegi og hús en ekkert í sjálfa friðunina. Um vilja bænda til þess að fá bætur fyrir að missa jarðir sínar sagði Guðmundur:

Það kom engum á óvart, sem þekkja ábúendur hraunbýlanna þó að þeir hefðu ekki drenglund og höfðingsskap til þess að „standa upp” af býlum sínum fyrir ekki neitt, og láta ráðast hverju það yrði launað, eins og dæmi eru til að menn á fyrri öldum, sýndu slíkan manndóm, er um þjóðarheill var að ræða ... Þess vegna kaupa þá upp fyrir þá upphæð sem þeir verðleggja sig á ... Því að sú upphæð yrði aldrei svo há, að ekki væri gróði og landhreinsun að losa þá úr Þingvallalandi.²¹⁶

Séra Guðmundur Einarsson, sem ekki hafði verið skoðanabróðir nafna síns fram að þessu, tók þó undir gagnrýni á Þingvallanefndina. Einkum skaut hann á framkvæmdir Matthíasar Þórðarsonar við Öxará en hann taldi þær gagnslausar og margt annað mætti gera við peninginn sem færi í þær. Ennfremur fannst honum það fásinna að kalla hið fyrirhugaða friðaða svæði almenning, þar sem þegar væri til lagaleg skilgreining og almennur skilningur fólks á því hugtaki. Vitnaði hann til Jónsbókar um almenning:²¹⁷

„Sætri má hverr maður gjöra er vill, er þann almenning eigu, ef hann vil þar sitja í sumarsetri, ef þat er úr búfjargangi ...“ „Fiskivötn öll í almenningi eru öllum jafnheimil. Þar eigu menn að taka fiska og fugla. Þar eigu menn að telgja við og færa til skips eða búðar og er þá viðrinn heilagur.“²¹⁸

Skýrslan og lagafrumvarpið sem henni fylgdi leiddi til einhverrar umræðu um málið. Jörundur Brynjólfsson, flutningsmaður þingsályktunarinnar frá 1919, hnökraði helst við 7. grein frumvarpsins þar sem nýbyggingar á svæðinu voru heimilaðar með leyfi landsstjórnar. Vildi hann útiloka slíkar breytingar með öllu. Hann studdi þó frumvarpið með þessum orðum:

Menn eru ekki á eitt sáttir um það, hve stórt svæði eigi að friðlýsa, en mjer þykir of lítill sá reitur, sem ráð er fyrir gert í stjfrv., að friðlýstur sje. Þó geri jeg það ekki að ágreiningsatriði. Það er betra að hafa svæðið minna og alfriðað, heldur en stórt og hálfriðað.²¹⁹

Þáverandi forsætisráðherra, Jón Magnússon, taldi svæðið nógu stórt og nóg væri að takmarka rétt nýbygginga við leyfi stjórnvalda því að frá „fegurðar eða sögulegu sjónarmiði er engin

²¹⁶ Sama heimild, bls. 55.

²¹⁷ Guðmundur Einarsson vísar til *Jónsbókar*, 59. greinar Búnaðarbálks, sbr. *Jónsbók. Lögbók Íslendinga. Sýnisbók íslenskrar alþjóðmenningar* 8, bls. 198.

²¹⁸ Guðmundur Einarsson: „Nefndarálit Þingvallanefndar. Mótmæli og athugasemdir.” *Lögrétta*, 21. árgangur, 1926, bls. 3.

²¹⁹ *Alþingistíðindi* 1926 C, bls. 880-881.

ástæða til þess að banna slíkar byggingar, því að þetta [svæðið milli Almannagjár og Hrafnagjár og neðan Lágafells] er langt fyrir utan þingstaðinn.“ Ennfremur sagði hann að ekki hefði verið hægt að leggja niður býlin.²²⁰ Frumvarpið var samþykkt í efri deild en dagaði uppi og hlaut aldrei afgreiðslu í þeirri neðri. Í millitíðinni, milli 1926 og 1928, var skipuð undirbúningsnefnd alþingishátíðarinnar sem átti eftir að ýta undir friðun Þingvalla.

²²⁰ *Alþingistíðindi* 1926 C, bls. 881.

Nýr skriður - undirbúningur alþingishátíðar 1930

Í alþingishátíðarnefnd, sem var sett á fót 1926, sátu Ásgeir Ásgeirsson og Jónas Jónsson frá Hriflu, báðir þingmenn Framsóknarflokks, Sigurður Eggerz þingmaður Frjálslynda flokksins (þingmaður Sjálfstæðisflokks frá 1929), Jóhannes Jóhannesson formaður nefndarinnar, Magnús Jónsson og Ólafur Thors allir þingmenn Íhaldsflokksins (frá og með 1929 voru þeir þingmenn Sjálfstæðisflokks). Ólafur sagði sig úr nefndinni á fyrsta fundi. Í staðinn kom Pétur G. Guðmundsson. Jafnframt átti forsætisráðherra sæti í nefndinni, fyrst var það Jón Þorláksson en síðar Tryggvi Þórhallsson.²²¹

Nefndin lét fljótt til sín taka í margvíslegri undirbúningsvinnu við lagfæringu Vallanna á Þingvöllum og var Matthías Þórðarson þeim innan handar við þá vinnu.²²² Einnig var lögð fyrir fundinn skrifleg friðunartillaga Guðmundar Davíðssonar, sem var ekki ósvipuð þingsályktunartillögunni frá 1919 og endanlegu friðunarfrumvarpi 1928. Talsverður vilji var hjá nefndarmönnum að ná fram hinum „gamla“ svip Þingvalla eins og hann hafði verið á þjóðveldisöld því þar var einnig ræddur möguleikinn á að færa veginn úr Almannagjá, en þó frá því horfið vegna of mikils kostnaðar.²²³

Ef miðað er við þær tillögur sem Þingvallanefndin frá 1925 hafði sett fram um hvað þyrfti að gera á Þingvöllum fyrir hátíðina var talsvert verk óunnið enn. Í raun kröfðust þær aðgerðir talsverðra framkvæmda vítt og breytt um svæðið. Nefndarmenn sáu fyrir sér að hátíðarhöldin færu að mestu fram innan þinghelgarinnar og því þyrfti að hafa þar talsverðan viðbúnað. Nefndin gerði ráð fyrir að nýtt gistihús yrði byggt en samt þyrfti að vera þar svefnskálar, veitingaskálar, dansskáli, tjöld og nokkur ræstingahús á svæðinu. Norðan við Öxarárfoss í Almannagjá sá nefndin fyrir sér að haldin yrði guðþjónusta, fluttir fyrirlestrar og sunginn samsöngur. Ennfremur þyrfti að skreyta staðinn og undirbúa hann á annan hátt fyrir hátíðarhöldin.²²⁴

Líta má á hátíðina sem ákveðinn upphafspunktur fyrir íslensku þjóðina sem hafði orðið fullvalda 12 árum fyrr og ætlaði sér að sanna sig sem marktæka þjóð í heiminum. Meðal annars þess vegna skrifaði Guðmundur Finnbogason grein sem hann kallaði „1930“ í *Andvara* árið 1926, en þar lýsti hann áhyggjum sínum af hugsanlegu skipulagsleysi yfirvalda vegna komandi

²²¹ Þ.Í. Einkaskjalasöfn. Ýmis skjalasöfn opinberra stofnanna 12. Alþingishátíðin 1930, Askja 7. Gjörðarbók Alþingishátíðarnefndar 1926-1930, bls. 1.

²²² Þ.Í. Einkaskjalasöfn. Ýmis skjalasöfn opinberra stofnanna 12. Alþingishátíðin 1930, Askja 7. Gjörðarbók Alþingishátíðarnefndar 1926-1930, bls. 20.

²²³ Þ.Í. Einkaskjalasöfn. Ýmis skjalasöfn opinberra stofnanna 12. Alþingishátíðin 1930, Askja 7. Gjörðarbók Alþingishátíðarnefndar 1926-1930, bls. 17.

²²⁴ Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328. Nefndaralit Þingvallanefndar frá 1925 bls. 27-28.

hátíðar. Hann vildi fá sem flestar hugmyndir fram um hvernig væri best að standa að hlutunum og þetta væri ekki rétti tíminn til að velta vöngum um hver ætti góðar hugmyndir heldur þyrfti að nýta allar slíkar sem bærust. „Þjóðhátíðin 1930 á að verða dómsdagur þjóðar vorrar. Að því markmiði eigum vér að stefna viljandi og vísvitandi, og það því fremur sem árið 1930 verður dómsdagur vor, hvort sem vér viljum það eða ekki.“²²⁵ Hann vildi fá alhliða bók um Ísland, þýdda á ensku sem yrði þess tíma *Crymogæa*, þ.e. varnar- og uppfræðslurit fyrir erlendar þjóðir. Ennfremur ætti að gera kvikmynd til að sýna helstu atvinnuvegi þjóðarinnar, í þeirri kvikmynd yrði dregið fram besta starfsfólkið í hverri grein sem sýndi hina bestu verklagni. Jafnframt vildi hann að haldin yrði heimilisiðnaðarsýning.²²⁶ Guðmundur áætlaði í grein sinni að um 10.000-20.000 manns kæmu á Þingvöll. Það þyrfti gistihús og tjöld og jafnvel gætu einhverjir fjórðungar eða sveitir tekið sig til og reist búðir á Þingvöllum. Markmið hátíðarinnar átti að vera „að gera sæmd þjóðar vorrar meiri en áður og þar með hjartara yfir framtíðinni.“²²⁷

Ljóst var að framkvæmdir áttu eftir að verða gífurlegar á Þingvöllum. Eftir að þjóðhátíðarnefndin fékk boð frá séra Guðmundi Einarssyni um að ríkið skuldaði sér hundrað króna lóðaleigu á ári fyrir Konungshúsið frá og með 1923 þá gerðu hún sér grein fyrir að hún réði ekki yfir sjálfu landinu. Var gerð sendinefnd út af örkinni, með Jónas frá Hriflu í fararbroddi, til að semja við Guðmund um að láta allt landið af hendi nema staðarhúsið og kirkjuna fram yfir 1930. Sú sendiför skilaði engu gagntilboði, en í ljós kom að Guðmundur vildi losna frá Þingvöllum og fara annað.²²⁸ Ályktaði nefndin 6. desember 1927 að hún þyrfti að fá full yfirráð yfir Þingvöllum.

Á fundi sínum í gær ályktaði undirbúningsnefndin að óska þess, með sjerstöku tilliti til hátíðahaldanna 1930, að landsstjórnin undirbúi og leggi fyrir næsta Alþingi lagafrumvarp, þar sem hinu opinbera sjeu trygð full umráð Þingvallalands og þess nágrennis sem þurfa þykir. Þessari ályktun leyfir nefndin sjer að beina hjer með til ráðuneytisins.²²⁹

Frumvarp um friðun Þingvalla var lagt fram í byrjun árs 1928. Var það samþykkt þá um vorið, og leiddi til þess að ríkið hafði þá allt svæðið í sínum höndum. Fyrir vikið hóf nefndin af alvöru framkvæmdir á staðnum og ákveðið var þann 11. september að ráða Magnús Kjara sem framkvæmdarstjóra hátíðarinnar. Einnig var ákveðið að flytja öll húsin, fyrir utan staðarhúsin, úr þinghelginni. Þann 19. nóvember var samþykkt að fyrir flutninginn og aðrar verklegar

²²⁵ Guðmundur Finnbogason: „1930“, bls. 13.

²²⁶ Sama heimild, bls. 15-20.

²²⁷ Sama heimild, bls. 25.

²²⁸ Þ.Í. Einkaskjalasöfn. Ýmis skjalasöfn opinberra stofnanna 12. Alþingishátíðin 1930, Askja 7. Gjörðarbók Alþingishátíðarnefndar 1926-1930, bls. 32, 34 og 51.

²²⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 755.

framkvæmdir á Þingvöllum skyldi greitt úr hátíðarsjóði. Á svipuðum tíma var það ákveðið, að tillögu Magnúsar, að tjaldsvæðið skyldi vera uppi á Leirum [Þingvallabjórðgarður 1930 og 2004] einn kílómetra frá sjálfu hátíðarsvæðinu, og þar er aðaltjaldsvæði Þingvalla enn í dag.²³⁰

Alþingishátíðin 1930 virðist hafa öðru fremur ýtt undir stuðning manna og áhuga á friðun Þingvalla. Þetta snerti því þjóðarsálina og metnað: að þjóðin yrði dæmd sem þjóð meðal þjóða í heiminum árið 1930. Því þegar hátíðin rynni í garð þurfti þjóðin að margra mati að vera tilbúinn í sínu finasta þússi. Því þetta yrði nokkurs konar dómsdagur þjóðarinnar.²³¹

Friðun samþykkt árið 1928

Í umræðum friðunarfrumvarpið sem lagt var fram árið 1928, vitnaði Jónas frá Hriflu í ályktun alþingishátíðarnefndar sem hann átti sjálfur sæti í, til rökstuðnings um mikilvægi þess að ríkið tæki svæðið yfir.²³² Greinargerðin með frumvarpinu greindi frá fyrri friðunarfrumvörpum og þingsályktuninni 1919. Einnig sagði hún frá góðu starfi umsjónarmanns á Þingvöllum sem hefði skilað sér í töluvert betri umgengni en áður hafði verið. Ein helstu rökin sem tilgeind voru fyrir friðun voru þau að ef „prestur eða bóndi á Þingvöllum hefir jörðina til ábúðar og notar sjer þann rjett í venjulegum skilningi þá getur orðið nær óverandi yfir gesti að dvelja á staðnum, því að þá má ábúandi gera þeim óheimila umferð þar, eftir því sem honum þóknast.“²³³ Í annarri grein frumvarpsins var friðunarsvæðið afmarkað:

- a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
- b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár, Fjánhúsmúli, og efsta brún Ármannsfells norðausturmóts við Meyjarsæti.
- c. Að Norðaustan: Frá Ármannsfelli, um Meyjarsæti norðanvert við Hofmannaflöt í stefnu að Hlíðargjá gegnt Tröllatindi.
- d. Að austan: Eystri bakki Hlíðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.²³⁴

²³⁰ Þ.Í. Einkaskjalasöfn. Ýmis skjalasöfn opinberra stofnanna 12. Alþingishátíðin 1930, Askja 7. Gjörðarbók Alþingishátíðarnefndar 1926-1930, bls. 93, 104-105 og 114.

²³² *Alþingistíðindi* 1928 B. Dómsmálaráðherra (Jónas Jónasson), d. 2270.

²³³ *Alþingistíðindi* 1928 A, bls. 130.

²³⁴ *Alþingistíðindi* 1928 A, bls. 128. Í a-lið kom fram merkilegt nýmæli sem ekki hafði komið fram í fyrri frumvörpum um að innan þjóðgarðs ætti einnig að vera nokkur hluti Þingvallavatns. Mælti Jón Baldvinsson með þessu atriði í umræðum og nefndi að bændur í Þingvallaveit og nágrenni teldu það vera af hinu góða. Hvað þetta atriði varðaði komu engin veruleg mótmæli fram, nema Pétur Ottesen taldi að klakstöðvar bleikjunnar væru fyrir utan hið fyrirhugaða friðaða vatnasvæði, sjá: *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 2272 og 2332.

Skóginn innan þessa svæðis átti að verja fyrir ágangi kinda og geita sem talið var að sæktu mjög á skóginn eða hindruðu í að minnsta kosti alvarlega vöxt og viðgang hans. Öll mannvirkja- og húsagerð var bönnuð á svæðinu og næstu jörðum í kring, það er á Brúsastaðalandi, Gjábakka, Kárastöðum og Svartagili nema að fengnu leyfi. Samkvæmt þriðju grein frumvarpsins voru Þingvellir settir undir vernd Alþingis og gerðir að ævarandi eign íslensku þjóðarinnar. Aðrar greinar þess kváðu á um að kosið yrði í þriggja manna nefnd á fjögurra ára fresti, en hún átti að fylgjast með og taka þátt í stjórnun Þingvalla, hún sá um ráðningu umsjónarmanns. Einnig voru almenn sektarákvæði. Í greinargerðinni sáu menn ekki fram á að búseta í Skógarkoti og Hrauntúni yrði lögð niður, þar sem bændurnir gætu lifað á því að starfa í kringum og fyrir hið friðaða svæði.²³⁵ Greinargerðin endaði með þeim rökstuðning að friðunin væri hluti þjóðrækni og hollustu til velferðar landsins: „Takmark þjóðrækinna manna með friðlýsingu Þingvalla er að vernda sem best hina sögulegu helgistaði og náttúrufegurð Þingvallasveitar.“²³⁶

Það voru einkum tvö mál sem ollu deilum, annars vegar var það stærð svæðisins og hins vegar friðun villidýra og þar með refsins innan þess.

Jón Þorláksson beitti framleiðslurökum gegn stærð svæðisins. Að hans mati var slík: „fækkun bændabýla ... ekki í samræmi við kröfur nútímans um fjölgun sveitabýla.“²³⁷ Jón sagði síðan að friðun skógarins væri skógræktarmál. Ennfremur taldi minnihluti allsherjarnefndar að Þingvallasveit gæti horfið úr sögunni sem sjálfstætt sveitarfélag ef búskapur á fjórum býlum myndi leggjast af, fjárheld girðing yrði dýr, sérstaklega þar sem líklegast þyrfti að girða meðfram vegunum þar sem ill mögulegt yrði að setja hlið á vegina, enda voru þeir þjóðvegir. Jafnframt þyrfti að greiða skaðabætur til bændanna vegna rýrnunar á verðmæti jarða þeirra. Jón Þorláksson kom með breytingartillögu sem var í rauninni sótt beint til Þingvallanefndarinnar sem var stofnuð að hans undirlagi árið 1925. Í breytingartillögu sinni gerði hann jafnframt ráð fyrir að ekki mætti reisa sumarbústaði eða nýbýli austan Ármannsfells og austan Lágafells. Ennfremur átti nefndin að fá tímabundið vald til að stjórna, eins og hún vildi, Þingvalla-, Kárastaða, og Brúsastaðarlandi.²³⁸ Breytingartillaga hans var felld. Jón var ekki sá eini sem lýsti áhyggjum yfir stærð svæðisins og miklum girðingarkostnaði heldur lögðu þingmenn Íhaldsflokksins Magnús Guðmundsson og Hákon Kristófersson sérstakt nefndarálit.

²³⁵ *Alþingistíðindi* 1928 A, bls. 130-131.

²³⁶ *Alþingistíðindi* 1928 A, bls. 131.

²³⁷ *Alþingistíðindi* 1928 A, Þingskjal 143, nefndarálit bls. 320.

²³⁸ *Alþingistíðindi* 1928 A, bls. 819.

Töldu þeir svæðið of stórt og því væru líkur á að ríkið skapaði sér skaðabótaskyldu vegna landrýrnunar bænda.²³⁹

Í umræðum um málið tók Jón Baldvinsson, þingmaður Alþýðuflokksins og síðar ráðherra, einn af flytjendum frumvarpsins, það fram að honum myndi finna, sem minnihlutinn mælti með, alltof lítil, sérstaklega með tilliti til þess að fólki myndi fara fjölgandi sem ferðaðist til Þingvalla, ekki síst ef gístaðstaðan yrði bætt. Fólk dveldi þá kannski lengur á staðnum og myndi ganga um hraunið, en ef ekki væri friðað þá myndi ferðamennskan vera átroðningur á bóndanum.²⁴⁰ Taldi ann „að það sje fullkomlega rjettlátt af þinginu að taka þann stað undir sína vernd, — gera Þingvöll að nokkurs konar þjóðgarði, þar sem landsmenn eigi frjálst að hreyfa sig umstærra svæði en gert var ráð fyrir í frumvarpi 1926.“²⁴¹ Jón Baldvinsson sagði líka:

það er skylda þjóðarinnar að halda þessum stað í heiðri og sjá um, að skógurinn sje ekki upprættur og vernda landið fyrir því að blása upp. En þetta fæst ekki nema með því móti, að lagður sje niður sauðfjárbúskapur á þeim jörðum, sem eru í sjálfri kvosinni í Þingvallasveit.²⁴²

Jón Þorláksson ítrekaði enn og aftur hversu mikla vinnu þyrfti til að girða allt svæðið og fannst það ekki tengjast á neinn hátt við helgi eða friðun Þingvalla að leggja niður hraunbýlin þar sem þau væru langt frá. Hvað varðaði ferðamannafjölda á staðnum, þá sagði hann að 90% Reykvíkinga sem kæmu á Þingvelli færu aftur til baka samdægurs en þeir sem dveldu lengur nýttu sér varla einn þriðja af því svæði sem hann gæti hugsað sér að friða.²⁴³

Jón Baldvinsson hafði ekki trú á því að bændur myndu hætta ábúð þó sauðfjárbúskapur yrði bönnuð, því að hann taldi að þeir gætu haft kúr og síðan margvíslegar tekjur af gistingu ferðamanna á svæðinu, sérstaklega þar sem hann sá fyrir sér að stígar eða vegir yrðu lagðir um hraunið, ekki ósvipað og í þjóðgördum Bandaríkjana. Þetta myndi auðvelda aðkomu fólksins og sagði að ef: „slíkir vegir yrðu lagðir, sem gæti verið einskonar hringbraut, efast jeg ekki um, að fólkið mundi dreifast víðsvegar um hið friðlýsta svæði og halda minna kyrru fyrir en tíðkast nú.“²⁴⁴

Jónas Jónsson færði þau rök fyrir því hversu stórt hið fyrirhugaða svæði átti að vera að nauðsynlegt væri að enginn gæti komist upp með það að setja upp steinhús sem myndu spilla

²³⁹ Sama heimild, bls. 819

²⁴⁰ *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 2271 og 2279.

²⁴¹ Sama heimild, d. 2271.

²⁴² Sama heimild, d. 2271.

²⁴³ Sama heimild, d. 2274-2275.

²⁴⁴ *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 2280-2281.

útliti staðarins, enda taldi hann „að Þingvellir væru svo mikið listaverk frá náttúrunnar hendi, að tryggja yrði það með lögum, að mönnum gæti ekki, fávisku sinni haldist uppi að spilla útliti staðarins meira en orðið er.“²⁴⁵ Tilgangurinn með frumvarpinu væri sá að „hraunbreiðan milli gjánna klæðist aftur samfeldum skógi, eins og í fornöld.“²⁴⁶ Jónas óttaðist og sagði frá því að bæði presturinn á Þingvöllum, Guðmundur Einarsson, og Jón Guðmundsson, bóndinn á Brúsastöðum hafði komið til hugar að virkja Öxará. Óvíst er hvenær þeir sendu inn virkjunarbeiðni en í það minnsta kom fram í símskeyti frá Guðmundar Sveinbjörnssonar, skrifstofustjóra, að virkjunarbeiðnin eigi vera látin bíða.²⁴⁷ Jónas tók það þó fram að þeir ætluðu sér ekki að virkja sjálfan fossinn en „slíkt mannvirki á þessum stað mundi særa fegurðartilfinning manna ... ef byggðir yrðu ljótir steinsteypukassar á vestari bakka Almannagjár.“²⁴⁸ Hann afsakaði þó þá féлага með því að þeir vildu hita og lýsa upp heimili sitt. Reyndar virðist hugsanleg virkjun ekki vera neitt stórmál í hugum þingmanna, enda bar Jónas þetta frekar hæversklega fram. Bernharður Stefánsson, þingmaður framsóknarflokksins, var hlynntur friðuninni og mælti með henni en talaði jafnframt um mikilvægi þess að geta virkjað ár. Magnús Guðmundsson, þingmaður Íhaldsflokksins, taldi það jákvætt að menn nýttu sér ár og straua til virkjunar og í sama streng tók Magnús Torfason, þingmaður framsóknarflokksins, sagði að býli yrðu vistlegri og hlýrri.²⁴⁹

Hvað girðingarumræðuna varðaði nýtti Jónas sér rök Guðmundar Davíðssonar þegar hann taldi að ekki þyrfti að girða eins mikið og menn héldu, en Guðmundur hafði talað um það í grein árið 1926 að flatarmál svæðisins væri 37 ferkílómetrar en ummál um 25,5 kílómetrar. Þar af væri Almannagjá, Hrafnagjá og strandlengja Þingvallavatns sjálfgirt og væri það samtals um 17,3 km af áður sögðum 25,5 km. Því þyrfti einungis að girða rétt rúma 8 km.²⁵⁰ Það kemur þó fram í greinargerð Þingvallanefndar árið 1948 að þá þurfi umsjónarmaður að huga að 20 km. langri girðingu.²⁵¹ Hvort þetta hafi verið áróðursbragð hjá Guðmundi skal ósagt látið.

Magnús Guðmundsson þingmaður talaði um það að girða þyrfti meðfram veginum inn í Kaldadal og miklar líkur yrðu á því að girðingarnar lægju niðri langt fram eftir vori vegna

²⁴⁵ Sama heimild, d. 2283.

²⁴⁶ Sama heimild, d. 2287.

²⁴⁷ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929. Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 735.

²⁴⁸ Sama heimild, d. 2270.

²⁴⁹ *Alþingistiðindi* 1928 B, d. 2292-2293, 2321 og 2324.

²⁵⁰ Guðmundur Davíðsson: „Friðun Þingvalla“, bls. 39. Í grein sinni, „Verður Þingvöllum bjargað?“, bls. 54-56, talaði Guðmundur einnig um girðingarmálið og var þá að gera athugasemdir við mælingar Einars E. Sæmundsen. Sagði að hlutfall hans af sjálfgirtu svæði og því sem þyrfti að girða sérstaklega væri rangt þar sem Þingvallavatn væri ekki talið með, breytti í raun heildarlengdinni af svæðinu en í sjálfu sér þyrfti ekki að girða hjá vatninu, það væri sjálfgirt. Reiknaðist Guðmundi til að allt ummál með strandlínu væri 19.077 metrar þar af 6.822 m. sjálfgirt en að meðtaldri strandlengju sem væri 4.800 myndi það sem væri sjálfgirt hoppa upp í 11.622 metrar. Það sem þyrfti því að girða væri 12 ¼ km sem væri svipað og ýmsar sveitarstjórnir hefðu ráðist í og því lítið mál fyrir alþjóð að gera.

²⁵¹ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 15, nr. 332.

snjóþyngsla. Ennfremur jafngilti það dauðadómi yfir býlunum að banna þar sauðfjárrækt vegna lítilla engja. Áætlaði hann síðan að friðunarkostnaðurinn myndi hlaupa upp í 100.000 kr., þar sem nú þegar væru skaðabætur til prests orðnar 15.000 kr.²⁵² Magnús endaði síðan á að segja: „Eins kann jeg illa við að láta þingnefnd hafa stjórn á jarðeignum. Það er utan verksviðs þingsins. Það fer með löggjöfina, en ekki framkvæmdarvaldið. Þetta heyrir undir stjórnina.“²⁵³

Pétur Ottesen var ekki enn dauður úr öllum æðum og sagðist verða „að segja, að mjer finst það vera að fara aftan að siðunum að fara að leggja niður bygd á þessu svæði ...“²⁵⁴ en hann hafði verið á svipuðum nótum í friðunarumræðunni árið 1919. Pétur hélt áfram að verja bændur og búfé gegn þeim ásökunum að það væri þeim að kenna að skóginum færi aftur. Taldi Pétur að það hefði verið sökum kolagerðarinnar, en nú færi skóginum fram.²⁵⁵ Ennfremur benti hann á að bæði útsvar og fjallaskilakostnaður myndi falla á ríkið sem gæti orðið umtalsvert.²⁵⁶

Gunnar Sigurðsson, sem sat á þingi utan flokka, lýsti yfir áhyggjum af stærð svæðisins en taldi sig geta sætt sig við breytingartillögu sem undanskildi Hofmannaföt. Að lokum varð það líka úr að samþykktar voru eftirfarandi breytingartillögur við skilgreiningu verndarsvæðisins í endanlegu frumvarpi: „b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli og c. Að norðan: frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hlíðargjá.“²⁵⁷ Svæðið var því minnkað lítillega.

Önnur gagnrýni á frumvarpið sneri að setningunni: „villidýralíf, sem þar kynni að geta þrífist, skal vera algerlega friðað.“ Vöruðu andstæðingar við að þarna væri verið að friða refinn. Jón Þorláksson sagði þetta stangast á við lög um eyðingu refa og því þyrfti að fella þetta út. Magnús Torfason benti á í umræðum á þinginu að rottur og mýs gætu orðið aðgangsharðar, því þyrfti að hafa heimild til að veiða.²⁵⁸ Pétur Ottesen sagði allt vera fullt af grenjum á þessu svæði og „... stjfrv.[stjórnarfrumvarpið] gaf helst í skyn, að refirnir ættu að vera friðaðir á þessu svæði.“²⁵⁹ Í einni blaðgrein frá ónafngreindum höfundi sagði að menn í Þingvallahreppi hefðu miklar áhyggjur af því að sveitin leggjðist í eyði ef frumvarpið yrði samþykkt og þar var spurt að fyrst menn vildu girða af hverju þá ekki aðeins minna „ef nauðsynlegt þykir á annað borð, að leggja gaddavírsfjötra um helgasta stað þjóðarinnar.“²⁶⁰ Fannst þessum greinarhöfundi ennfremur illa til fundið „að gera Þingvelli og umhverfi að friðlýstum reit fyrir refi og

²⁵² *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 2297.

²⁵³ Sama heimild, d. 2298.

²⁵⁴ Sama heimild, d. 2329-2330

²⁵⁵ *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 2331.

²⁵⁶ Sama heimild, d. 2352.

²⁵⁷ *Alþingistíðindi* 1928 A, bls. 1177.

²⁵⁸ *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 2275, 2303.

²⁵⁹ Sama heimild, d. 2233.

²⁶⁰ X: „Friðun Þingvalla“, bls. 2.

grenlægjur.²⁶¹ Guðmundur Davíðsson svaraði greininni á þann veg að drápin á refnum væru siðlaus og guðlaus og taldi að menn ættu að hafa meiri áhyggjur af illri meðferð sinni á kindum en að refurinn krækti í eitt og eitt lamb „en víst er um það, að við enga skepnu beita menn eins þrælslegri drápsaðferð og tófur.“²⁶² Guðmundur taldi þó að ef það yrði ofan á að refaveiðar yrðu leyfðar innan þjóðgarðs ætti að reyna að ná refunum lifandi. Það væri bæði mannúðlegra og möguleiki væri fyrir hendi að selja þá.²⁶³ Jón Baldvinsson ætlaði þó ekki að láta hanka sig á refafriðun og sagði „að vitanlega kemur það ekki til mála, að þetta friðlýsta svæði eigi að verða einskonar uppeldisstofnun fyrir refi, eins og drepið var á í einu dagblaðinu nýlega.“²⁶⁴ Enda var þessum lið breytt í: „Skógurinn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrífist, skal vera algerlega friðað. Þó skal nefndin gera ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði eða vinna búfjenaði hjeraðsmanna tjón.“²⁶⁵

Annað atriði sem þingmenn gagnrýndu og skildu ekki tilganginn með var að lögin áttu að taka gildi strax, með tilheyrandi banni sauðfjárræktunar en samt átti friðunin ekki að hefjast fyrir en 1930. Var þetta talsvert gagnrýnt af minnihlutanum svona einkum fyrir það að í þessu fælist mótsögn. Magnús Torfason svaraði því til að gott gæti verið að keyra friðunarfrumvarpið í gegn núna svo Þingvellir yrðu orðnir fullfriðaðir 1930, þar sem ferlið tæki tíma. Magnús Jónsson, þingmaður Íhaldsflokksins, tók undir orð nafna síns og taldi eðlilegt að láta býlin hreinlega ganga úr sér með tímanum, því að þar með sparaði ríkið sér skaðabótaskyldu. Jónas frá Hriflu talaði svo fyrir því að eflaust gæti nefndin látið friðunina ganga í gegn eins og kristnitökuna forðum, fólki væri leyft að blóta á laun. Framvinda mála ætti síðan fara hægt og rólega í átt að friðun. Fannst Magnúsi Guðmundssyni dálítið sérkennilegt, að friðunarlög sem ættu ekki taka gildi fyrir en tveimur árum seinna, væru keyrð í gegnum þingið og spurði af hverju lægi svona á. Jafnframt taldi Pétur Ottesen að kjörin Þingvallanefnd væri nauðbeygð til að fara eftir lögnum um leið og þau yrðu samþykkt, þ.e. hún gæti ekki beygt þau eftir hentisemi. Því þyrfti að leggja niður býlin eða banna sauðfjárrækt á býlunum um leið og lögin tækju gildi.²⁶⁶ Fannst Magnúsi Jónssyni þessar tillögur þeirra félaga vera einungis leið til að rífast um „... keisarans skegg.“ Hann vildi fá að fagna því að friðunin gengi loks í gegn og taldi að helsta ástæðan væri komandi alþingishátíð 1930 sem hefði opnað augu manna fyrir nauðsyn

²⁶¹ Sama heimild, bls. 2.

²⁶² Guðmundur Davíðsson: „Óttinn við refinn“, bls. 3.

²⁶³ Sama heimild, bls. 3. og Guðmundur Davíðsson: „Hatrið á refnum“, bls. 3.

²⁶⁴ *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 2280.

²⁶⁵ *Alþingistíðindi* 1928 A, bls. 1177.

²⁶⁶ *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 2340-2341, 2345, 2347-2348 og 2352.

þess að ríkið hefði forráð á Þingvöllum. Jafnframt sagði Magnús að menn mættu ekki missa sig í of tæknilegum atriðum, eins og varðandi stærð svæðisins eða hvenær friðunin tæki gildi.²⁶⁷

Að lokinni friðun

Guðmundur Einarsson fluttist frá Þingvöllum í Mosfellsprestakall 1928 og Þingvallasókn var sameinuð henni. Valhöll og Konungshús voru færð þangað sem þau standa nú á árunum 1928-1930, með töluverðum kostnaði, en aldrei var byggt nýtt gistihús, sem kom til vegna krafna Jóns Guðmundssonar. Jón krafðist þess að ef ætti að flytja Valhöll mætti ekki byggja annað gistihús milli Almannaá og Hrafnagjár fyrr en eftir 1930. Ennfremur óskaði hann eftir og fékk hagstætt lán til að gera við Valhöll. Þá var og ráðist í brúargerð yfir Öxará þar sem nú er keyrt heim að Valhöll [Þingvallabjórðgarður 2004].²⁶⁸ Kostnaður vegna þessa framkvæmda kom fram á 115. fundi nefndarinnar sem var haldin eftir hátíðina. Þar kom fram að bygging Þingvallabæjarins kostaði 35.000 krónur, vatnsveita 3.500 krónur og vegur að Þingvallabænum 600 krónur. Flutningur Konungshúss kostaði 13.500 krónur, flutningur Valhallar 7.000 krónur og vegir að Konungshúsi (sem lá líka framhjá Valhöll) kostaði 3.350 krónur.²⁶⁹

Skógarkot fór í eyði 1935 og var síðasti ábúandinn Jóhann Kristjánsson, en með lögum um friðun Þingvalla var honum bannað að halda fé á jörðinni. Hann fékk þó leyfi til að reisa steinsteypt hús við Vellankötlum [Þingvallabjórðgarður 2004] en það var síðar afturkallað. Ábúð í Hrauntúni var hætt 1934 og var síðasti ábúandinn Halldór Jónsson. Vatnskot varð langlífast þessara býla og bjó Símon D. Pétursson þar til 1958. Eftir friðun hafði hann lífsviðurværi sitt einkum af veiðum og seldi þá bleikjuna til Valhallar og Reykjavíkur.²⁷⁰

Á Þingvöllum var reynd umtalsverð skógrækt eftir friðun, enda var það líka hluti friðunarinnar miðað við þær umræður á Alþingi um friðunarmál sem höfðu átt sér stað. Skógræktin var óneitanlega hluti af þeim draumi að á tímum þjóðveldisins hefði líkast til verið þar skógur, reyndar birkiskógur, sem náði alla leið að þingstaðnum. Menn höfðu ríkan áhuga á því að láta þingstaðinn og nánasta umhverfi hans verða svipað og á þeim gullnu tímum. Stærð svæðisins markaðist af þessum áhuga og var notað sem rök fyrir því að leggja niður býlin, þar sem beitin hafði áhrif á vöxt skógarins.²⁷¹ Guðmundur Davíðsson talaði fyrir svokölluðum skógræktardegi í skólum landsins eins og var sums staðar í Bandaríkjunum. Grein sem birtist í

²⁶⁷ Sama heimild, d. 2345.

²⁶⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneyti 1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966. Stjórnarráð Íslands I. Db. 8, nr. 328.

²⁶⁹ Þ.Í. Einkaskjalasöfn. Ýmis skjalasöfn opinberra stofnanna 12. Alþingishátíðin 1930, Askja 7. Gjörðarbók Alþingishátíðarnefndar 1926-1930, bls. 224.

²⁷⁰ Björn Th. Björnsson: *Þingvellir*. 1994, bls. 140, 145 og 156.

²⁷¹ *Alþingistíðindi* 1928 A, greinargerð, bls. 130 og *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 2271.

Vísir 1939 greinir frá því að þegar Guðmundur hafi tekið við umsjónarmannsstöðunni hafi strax talsverð skógrækt farið fram og þar væri unnið með þeim hætti að skólabörn tækju þátt.²⁷²

²⁷² Guðmundur Davíðsson: *Náttúruvernd*, bls. 8. Þar ræðir hann reyndar einnig á bls. 31 um góðan framgang barrtrjáa, meðalvöxt þeirra og aldur. Einnig sjá Guðmundur Davíðsson: „Í furutrjáareitnum á Þingvöllum“, bls. 3.

Niðurstöður

Friðunar- og náttúruhugmyndir ruddu sér rúms hér á landi á tímum mikils breytingaskeiðs í sögu þjóðarinnar. Guðmundur Davíðsson var ötull talsmaður þeirra og á margan hátt með aðrar áherslur á náttúrusýn landsins en einvörðungu skógræktaráhuga. Hann virðist hafa viljað sjá hér friðlýst svæði sem fengi að þróast af sjálfu sér þar sem börn og fullorðnir gætu fengið að læra um náttúruna og njóta hennar en þó fyrst og fremst lært að virða hana. Hugmyndir Guðmundar hittu að sumu leyti beint í mark sökum mikilvægis Þingvalla sem sameiningarstaðar íslensku þjóðarinnar. Fólk vildi sjá staðinn dafna, að hann væri vel hirtur, snyrtilegur og nokkurs konar kyndilberi þjóðarinnar sem þjóðin gæti sýnt erlendum gestum sínum án minnkunar.

Megin rökin fyrir friðun Þingvalla virðast þó á endanum ekki hafa verið þau að skynsamlegt væri að friða stórt svæði fyrir fólk til að njóta eða til að laða að erlenda ferðamenn. Ekki heldur þau að hér þyrfti að vernda fallega náttúru fyrir eyðileggingarmætti mannsins. Vissulega spiluðu þessi rök með. Það var og er einstök náttúra og útsýni á Þingvöllum og það sáu menn. Sagan spilaði kannski enn stærri hlut; þarna hafði verið aðalsamkomustaður þjóðarinnar í rúm 800 ár og því væri nauðsynlegt að passa upp á hann og koma í veg fyrir að þar yrðu gerðar óþarfa óafturkallanlegar framkvæmdir. Í því samhengi virðist almenn samstaða á þingi fyrst komast á árið 1928 þegar í ljós hafði komið að stjórnin hafði lítið sem engin forráð yfir aðal leiksviði komandi hátíðar, alþingishátíðarinnar 1930. Síðan má líka líta á hinn pólinn, að áhugasamir ráðamenn þjóðarinnar um umhverfið og helgi Þingvalla hafi einungis nýtt sér alþingishátíðina til að ná tökum á svæðinu og þar með getað búið til friðlýst helgisvæði fyrir alla þjóðina þegar hugur hennar beindist að staðnum. Því þegar upp er staðið þá var notast við miklu mun minna svæði, á hátíðinni, en var friðlýst. Ræman hans Matthíasar Þórðarsonar, í tillögu Þingvallanefndar frá 1925, hefði getað verið nægjanleg. En þó er ekki úr vegi að áhugi á framgangi Þingvallaskógar hafi haft áhrif á þá ákvörðun að friða svæðið ásamt þeim sem vildu sjá svæðið ósnortið af áberandi nýbyggingum. Inn í þá hugmynd kemur meðal annars virkjunarumræðan, að þótt fáir vildu segja rafmagni og nýtingu vatnsfalls nokkuð til foráttu þá fannst mönnum líklega í við betra að geta haft hönd í bagga vegna ásjónu sjálfra Þingvalla og nánasta nágrennis sökum heildarmyndarinnar. Það væri ekki nóg að frysta eingöngu sjálfan þingstaðinn ef fólk kæmist upp með að reisa byggingar alls staðar meðfram honum. Það var þannig í raun reynt að frysta Þingvelli og miða að því í að svæðið myndi á einhvern hátt líta út á þann sama hátt og var þegar Grímur Geitskör kom þangað árið 1930.

Með friðun Þingvalla, staðs sem er mitt á milli Ameríku- og Evrópuflekans, tenging milli tveggja meginlandsfleka, var sameinað á ágætis hátt friðunarhugmyndir sem komu úr einmitt frá þessum tveimur meginlöndum. Annars vegar alríkisfriðun sem var ættuð frá Bandaríkjunum, sem gekk út á friðun einstæðra náttúrufyrirbrigða, og hins vegar menningarleg friðun í anda Williams Wordsworths. Hugmyndir komu erlendis frá um umhverfisvernd og blönduðust við aðrar þegar myndaðar af bæði smekk og ættjarðarjást, sem að miklu leyti mótaðist af sjálfstæðisbaráttunni. Úr varð þessi ágæta friðunarleið sem var farin á Þingvöllum, hjartastað landsins, sem styðst bæði við fallega náttúru og einstæða sögu.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Handritadeild Landsbókasafns (Lbs.)

Lbs. 753 fol. Gerðabók Stúdentafjelagsins 1915-1935.

Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ)

Einkaskjalasöfn.

Ýmis skjalasöfn opinberra stofnana 12. Alþingishátíðin 1930, Askja 7. Gjörðarbók Alþingishátíðarnefndar 1926-1930.

Fasteignamat

Gjörðabók fasteignamatsnefndar Árnæssýslu 1916.

Forsætisráðuneyti

1989-B/495. Þingvallanefnd 1919-1929.

Stjórnarráð Íslands I. skrifstofa. Db. 5, nr. 438.

Erindisbréf fyrir umsjónarmann á Þingvöllum. Frumvarp fornminjavarðar.

Reglur fyrir umferð og dvöl á Þingvöllum. Frumvarp fornminjavarðar.

Skýrsla umsjónarmanns á Þingvöllum 1920.

Skýrsla umsjónarmanns á Þingvöllum 1921.

Stjórnarráð Íslands I. skrifstofa. Db. 5, nr. 538.

Fornminjavörður Íslands, álit vegna friðunar Þingvalla.

Stjórnarráð Íslands I. Db. 6, nr. 735.

Stjórnarráð Íslands I. skrifstofa. Db. 6, nr. 755.

Skýrsla umsjónarmanns á Þingvöllum 1921.

Skýrsla umsjónarmanns á Þingvöllum 1923.

1989-B/496. Þingvallanefnd 1934-1942.

Þingvallanefnd júlí 1940 – maí 1942.

1989-B/497. Þingvallanefnd 1942-1966.

Stjórnarráð Íslands I. skrifstofa. Db. 8, nr. 328.

Nefndarálit Þingvallanefndar frá 1925.

Stjórnarráð Íslands I. skrifstofa. Db. 15, nr. 332.

1989-B/498. Þingvallafriðun 1980-1980.

Stjórnarráð Íslands I. skrifstofa. Db. 5, nr. 538.

Prentaðar heimildir

Alþingistíðindi 1897 B. Reykjavík, 1897

Alþingistíðindi 1907 A. Reykjavík, 1907.

Alþingistíðindi 1909 A. Reykjavík, 1909.

Alþingistíðindi 1919 A II. Reykjavík, 1919.

Alþingistíðindi 1919 B I. Reykjavík, 1919.

Alþingistíðindi 1923 A. Reykjavík, 1923.

Alþingistíðindi 1924 A og B. Reykjavík, 1924.

Alþingistíðindi 1926 C. Reykjavík, 1926.

Alþingistíðindi 1928 A og B. Reykjavík, 1928.

Árman úr Bláskógum: „Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.“ *Vísir*, 03.07.1920, bls. 2-3.

Bate, Jonathan: *Romantic Ecology. Wordsworth and The Environmental Tradition*. London, 1991.

Björn Th. Björnsson: *Þingvellir*. Reykjavík, 1994,

Einar Magnússon: „Þingvallaprestakall.“ *Vísir*, 10.04.1928, bls. 3.

Eiríkur J. Eiríksson: „Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Horft til baka og fram um veg.“ *Suðri*, 1969, bls. 135-138.

Guðmundur Davíðsson: „Frá Þingvöllum I.“ *Lögrjetta*, 01.01.1921, bls. 1-2.

Guðmundur Davíðsson: „Frá Þingvöllum II.“ *Lögrjetta*, 12.01.1921, bls. 4-5.

Guðmundur Davíðsson: „Friðun Þingvalla.“ *Tíminn*, 13.03.1920, bls. 37-40.

Guðmundur Davíðsson: „Hatrið á refnum.“ *Vísir*, 24.04.1928, bls. 3.

Guðmundur Davíðsson: „Í furutrjáareitnum á Þingvöllum.“ *Vísir*, 22. 06.1939, bls. 3.

Guðmundur Davíðsson: „Landeign ríkisins.“ *Tíminn*, 15.12.1923, VII. árg, 45. tbl., bls. 166-167.

Guðmundur Davíðsson: „Óttinn við refinn.“ *Vísir*, 10.02.28, bls. 3.

Guðmundur Davíðsson: „Um Þingvallaskóg. Svar til J.H.“ *Lögrjetta*, 21.09.1921, bls. 1-2.

Guðmundur Davíðsson: „Undralönd I. Þjóðgarðurinn við Gulasteinsá.“ *Dvöl*, 3 (1936), bls. 241-246.

Guðmundur Davíðsson: „Verður Þingvöllum bjargað?“ *Tíminn*, 20.03.1926, bls. 54-56.

- Guðmundur Davíðsson: „Þingvallamál.“ *Vísir*, 29.03.1928, bls. 3.
- Guðmundur Davíðsson: „Þingvellir við Öxará.“ *Eimreiðin*, 19 (3, 1913), bls. 210-216.
- Guðmundur Davíðsson: „Þingvellir við Öxará.“ *Lögrjetta*, 07.05.1919, bls. 67-68.
- Guðmundur Davíðsson: „Þjóðgarðar.“ *Eimreiðin*, 27 (5-6, 1921), bls. 274-287.
- Guðmundur Davíðsson: *Náttúruvernd*, I. Bók. Þingvellir, 1932.
- Guðmundur Einarsson: „Nefndarálit Þingvallanefndar. Mótmæli og athugasemdir.“ *Lögrétta*, 13. 04.1926, bls. 2-3.
- Guðmundur Finnbogason: „1930.“ *Andvari* 51 (1926), bls. 12-26.
- Guðmundur Hálfðánarson og Unnur Birna Karlsdóttir: „Náttúrsýn og nýting fallvatna.“ *Landsvirkjun 1965-2005. Fyrirtækið og umhverfi þess*. Sigrún Pálsdóttir ritstýrði. Reykjavík, 2005, bls. 165-200.
- Gunnar F. Guðmundsson og Pétur M. Jónasson: „Saga Þingvallafréttar.“ *Þingvallavatn undarheimur í mótun*. Reykjavík, 2002 bls. 86-95.
- Hákon Bjarnason: [minningargrein um Guðmund Davíðsson]. *Morgunblaðið*, 24.09.1953, bls. 6.
- Íslendingabók - Landnámabók*. Reykjavík, 1968.
- Íslendingabók - Landnámbók*. Jakob Benediktsson gaf út. Íslensk fornrit, I. bd. Reykjavík, 1968.
- Jón Guðmundsson: „Þingvellir.“ *Vísir*, 18.03.1919, bls. 3-4.
- Jónas Halldórsson: „Þingvallahraun og þjóðgarðurinn.“ *Lögrjetta*, 05.07.1921, bls. 1-2.
- Jónas Halldórsson: „Þingvallahraun og þjóðgarðurinn.“ *Lögrjetta*, 12.07.1921, bls. 3.
- Jónas Jónasson: *Íslenskir þjóðhættir*. Reykjavík 1961.
- Jónas Jónsson: „Þingvellir gleymast“. *Komandi ár. Dásvefn og vaka*, VII. bindi Akureyri, 1938, bls. 135-138.
- Jónas Jónsson: „Þingvellir.“ *Skinfaxi*, 7 (ágúst, 1917), bls. 60-61.
- Jónas Jónsson: „Þingvellir.“ *Skinfaxi*, 7 (júlí, 1917), bls. 56.
- Jónsbók. Lögbók Íslendinga*. Már Jónsson gaf út. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 8. Reykjavík. 2004.
- Kennaratal á Íslandi*. I. bindi. Ólafur Þ. Kristjánsson sá um útgáfuna. 1958
- Lovsamling for Island*, Jón Sigurðsson og Oddgeir Stephensen gáfu út. III. bindi, 1749-1772. Kaupmannahöfn, 1854.
- Magnús Jónsson: „Þingvallahreyfingin.“ *Eimreiðin*, 29 (1-2, 1923), bls. 91-98.
- Mather, A. S.: *Land Use*. London, 1986.
- Matthías Þórðarson: „Verndun fagurra staða og merkra náttúruminja.“ *Skírnir*, 79 (1905), bls. 256-267.

- Páll Bergþórsson: „Áhrif loftslags á búfjárfjölda og þjóðarhag.“ *Eldur er í norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum, 8. janúar 1982*. Reykjavík, 1982, bls. 283-294.
- Pétur M. Jónasson: „Saga Þjóðgarðsins“. *Þingvellir. Undraheimur í mótun*. Pétur M. Jónasson og Páll Hersteinsson ritstýrðu. Reykjavík, 2002, bls. 252-257.
- Pétur M. Jónasson: „Vatnsyfirborðsbreytingar og áhrif þeirra á lífríki Þingvallavatns“. *Þingvellir. Undraheimur í mótun*. Pétur M. Jónasson og Páll Hersteinsson ritstýrðu. Reykjavík, 2002, bls. 267-275.
- Sigmundur Sveinsson, „Enn um Þingvelli.“ *Vísir*, 04.04.1928, bls. 1.
Stjórnartíðindi 1897. Reykjavík, 1897.
Stjórnartíðindi 1907. Reykjavík, 1907.
- Sveinn Sigurðsson: „Að Lögbergi.“ *Eimreiðin*, 30 (1-2, 1924), bls. 12-21.
- Whyte, Ian D.: *Landscape and History*. London, 2002
- X: „Friðun Þingvalla.“ *Vísir*, 07.02.1928, bls. 2.
- Þingvellir: „Friðun Þingvalla.“ *Vísir*, 14.07.1924, bls. 2.
- Þröstur Sverrisson: „More Than Scenic Wonderlands: a Comparative Study of National Parks in Iceland and Acadia National Park in Maine.“ Meistaraprófsritgerð frá háskólanum í Maine, Foremount, Maine, 2000.
- [án höfundar] „Frá Alþingi.“ *Vísir*, 24.04.1928, bls. 3.

Vefheimildir

- Einar E. Sæmundsen; *Dagbókarskýrsla sumarið 1918*. Tekið af vef Skógræktar ríkisins www.skogur.is → <http://www.skogur.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=659>. Sótt 9. des. 2008.
- Einar E. Sæmundsen; *Dagbókarskýrsla sumarið 1921*. Tekið af vef Skógræktar ríkisins www.skogur.is → <http://www.skogur.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=660>. Sótt 9. des. 2008.
- Einar E. Sæmundsen; *Dagbókarskýrsla sumarið 1923*. Tekið af vef Skógræktar ríkisins www.skogur.is → <http://www.skogur.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=662>. Sótt 9. des. 2008.
- Einar E. Sæmundsen; *Dagbókarskýrsla sumarið 1927*. Tekið af vef Skógræktar ríkisins www.skogur.is → <http://www.skogur.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=665>. Sótt 9. des. 2008.

Einar E. Sæmundsen; *Dagbókarskýrsla sumarið 1928*. Tekið af vef Skógræktar ríkisins www.skogur.is → <http://www.skogur.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=666>. Sótt 9. des. 2008.

Stefnumótun fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum 2004-2024. → www.thingvellir.is → <http://www.thingvellir.is/stefnumotun/> → <http://www.thingvellir.is/media/skjol/stefnavefur-mars-2005.pdf>. Sótt 9. des. 2008.

